



# Baendablaðið

13. tölublað 2024 • Fimmtudagur 11. júlí • Blað nr. 660 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Mikið var um dýrðir á Landsmóti hestamanna sem fór fram á félagsvæði hestamannafélagsins Fáks í Víðidal í Reykjavík dagana 1.–7. júlí. Elsa Kristín Grétarsdóttir og Sólstjarna frá Sólvangi voru hluti af um hundrað þorum sem tóku þátt í hátiðlegri hópreið setningarárathafnarinnar. Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

– Sjá nánar á síðum 4, 18, 20–21, 22 og 40–41.



Útihátiðir eru alltaf hressandi.

## Sumarhátiðir

Nú, þegar líða er tekið á sumarið hafa fyrstu ferðahelgar landsmanna þegar gengið í garð.

Þó er enn um þéttu dagskrá hátiða að ræða á komandi vikum og ætti fólk ekki að hika við að gera sér dagamun. Yfirlit yfir helstu hátiðir eru birtar í blaðinu.

– 24 –



Fræðslustofa Steinasafns Petru.

## Opið heimili

Í sumar er liðin hálf öld frá því að Ljósbjörg Petra María Sveinsdóttir á Stöðvarfirði ákvað að opna heimili sitt og steinasafn gestum og gangandi til frambúðar.

I Steinasafni Petru eru tugþúsundir steina til sýnis, bæði í húsi og lystigarði. Þar er einnig fræðslustofa og kaffihúsið Sunnó.

– 32 –

## Kaupfélag Skagfirðinga:

# Verður langstærsta kjötafurðastöð landsins

Kaupfélag Skagfirðinga (KS) hefur gert kauptilboð í allt hlutafé Kjarnafæðis Norðlenska (KN) og hafa stærstu hluthafarnir, bræðurnir Eiður og Hreinn Gunnlaugssynir, gengið að kauptilboðinu sem samtals hljóðar upp á um 2,5 milljarða.

KS verður eftir kaupin með um 67 prósent af íslenskri kinda- og nautgripakjötsframleiðslu sé tekioð mið af gögnum um sláturtölur síðasta árs.

Heildarhlutur bræðranna í KN er um 57 prósent en Búsaeld, félag 464 bænda, heldur á um 43 prósentum samtals.

Kjarnafæði stofnað 1985

Hlutafjárukning stóð fyrir dyrum hjá KN áður en kauptilboð KS barst, svo hægt yrði

að ráðast í frekari hagræðingar í slátrun og kjötvinnslu. Samkvæmt heimildum blaðsins stóðu yfir viðræður við fjárfestingafélagið Kaldbak um þá aðkomu. Áður var Kaldbakur dótturfyrtæki Samherja, en hefur frá árinu 2022 verið sjálfstætt fjárfestingafélag.

Kjarnafæði vor stofnað árið 1985 af þeim bræðrum og Norðlenska varð til 1. júlí árið 2000 þegar Kjötiðnaðarstöð KEA og Kjötiðjan Húsavík sameinuðust.

Viðræður félaganna tveggja um samruna hófst árið 2018 en varð að veruleika í júlí 2021, eftir að uppfyllt höfðu verið skilyrði Samkeppniseftirlitsins.

Við samrunann í Kjarnafæði Norðlenska varð til stærsta kjötvinnslufyrirtæki landsins, með fleiri en þrjú hundruð starfsmenn.

### Verulegur rekstrarbati

Frá sameiningunni hefur orðið verulegur rekstrarbati hjá Kjarnafæði Norðlenska. Á árinu 2022, á fyrsta heila rekstrarárinu, varð 231,5 milljóna króna hagnaður fyrir skatta en á síðasta ári nam hagnaðurinn 385,5 milljónum króna fyrir skatta. Var góð afkoma þökkuð aðhaldi í rekstri og hagræðingaraðgerðum þrátt fyrir íþyngjandi fjármagnskostnað.


### Óbreytt starfsemi fram yfir sláturtíð

Samkeppniseftirlitið hefur enga aðkomu að kaupum KS á KN vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á búvorulögum í mars, en þá var

kjötafurðastöðvum veitt undanþáguheimild frá samkeppnislögum til samvinnu og til að sameinast.

Eftir kaupin færast sláthús og kjötvinnslustöðvar KN á Svalbarðseyri, Blönduósi, Húsavík og Akureyri undir KS. Samkvæmt heimildum blaðsins er gert ráð fyrir að rekstur starfsstöðvanna haldist óbreyttur fram yfir næstu sláturtíð, í það minnsta. Sé miðað við nýjustu sláturtölur verður hlutdeild sláthúsa í eigu KS rúm 69 prósent af heildarfjölda slátdurðíla í landinu. Hvað varðar hlutfall nautgripa á landsvísu sem koma til slátrunar hjá KS, má búast við að það verði um 64 prósent. /ghp - smh

– Sjá nánar á bls. 2



Þegar kaupin ganga í gegn eru fimm sláthús á Norðurlandi undir KS. Þau eru á Hvammstanga, Blönduósí, Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík. Eitt sláthús er svo staðsett á Hellu.



Kaupfélag Skagfirðinga verður með tæplega sjötíu prósent kinda- og nautgripakjötsframleiðslu landsins, miðað við slátturtölur í fyrra.

# Kaup Skagfirðinga á Kjarnafæði Norðlenska

Meginmarkmið kaupa Kaupfélags Skagfirðinga (KS) á Kjarnafæði Norðlenska (KN) er samkvæmt tilkynningu að auka hagkvæmni, lækka kostnað við slátrun og úrvinnslu kjötfurða, bændum og neytendum til hagsbóta.

Það er í samræmi við markmið breytinganna á búvörulögum, sem gerðar voru í vor, þegar kjötfurðastöðvum var veitt undanþága frá samkeppnislögum til að hafa með sér samráð, vinna saman og til að sameinast.

## Sínabændur stærstu hluthafar í Búsaeld

Samkvæmt heimildum blaðsins báru viðskiptin brátt að, en rúm víka er síðan kauptilboð KS barst inn á borð braðranna Eiðs og Hreins Gunnlaugssona, sem saman eiga um 57 prósent í KN. Starfsmönnum KN var tilkynt um fyrirhugaða sölu síðastliðinn mánudag.

Búsaeld, félag 464 bända, á samanlagt um 43 prósent sem fyrrum eigandi Norðlenska. Þeir þurfa nú að taka ákvörðun um mögulega sölu á þeirra eignarhlut. Stærsti hluthafi er félagið Teigur-eignir ehf. í eigu svínabændanna Ingva Stefánssonar og Selmu Drafarr Brynjarsdóttur.

Ingvi segir jákvætt ef bændur geti valið hvort þeir selji eða haldi áfram að eiga sinn hlut í félaginu. „Ég þarf að sjá hvernig þetta lítur allt saman út þegar rykið sest en ég reikna frekar með því að selja. Það er nauðsynlegt að ná frekari hagræðingu til að keppa við síaukinn innflutning og gott að geta losað um fjármagn til að hlúa að eigin rekstri.“

## Kallað eftir hagræðingu í rekstri sláthúsá

Hvað boðuð hagræðing felur í sér með kaupnum er ekki vitað, en samkvæmt heimildum blaðsins er ekki gert ráð fyrir breytingum á starfsemi starfsstöðva KN fram yfir næstu slátturtíð – í það minnsta. Þó má gera ráð fyrir að sláthúsum fækki

Hlutfall af heildarfjölda sláthurdílka	
Sláthús	2023
Sláthús KVH ehf.*	18,90%
Kaupfélag Skagfirðinga	17,40%
Sláthús Norðlenska	17,20%
SAH afurðir ehf.	15,70%
Hlutdeild sláthúsa KS	69,20%
Slátfelag Suðurlands	20,80%
Slátfelag Vopnfirðinga**	5,30%
Fjallalambr	4,50%
Sláthús Vesturlands	0,20%
Hlutdeild annarra sláthúsa	30,80%

\* í helmingseigu KS á móti Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga

\*\* Er hætt starfsemi

Hlutfall af heildarfjölda nautgripa	
Sláthús	2023
Sláthús Hellu hf.	25,60%
Sláthús Norðlenska ehf.	22,10%
Kaupfélag Skagfirðinga	9,60%
SAH Afurðir ehf.	7,00%
Hlutdeild sláthúsa KS	64,30%
Slátfelag Suðurlands svf.	28,40%
B.Jensen ehf.	6,60%
Sláthús Vesturlands	0,40%
Slátfelag Vopnfirðinga*	0,30%
Hlutdeild annarra sláthúsa	35,70%

\* Er hætt starfsemi

eiðthvað, enda hefur verið hvað ákafast kallað eftir hagræðingu í rekstri þeirra í umræðunni um rekstrarvanda greinarinnar. Þegar kaupin verða gengin í gegn eru sex sláthús í eigu KS; á Hellu, Hvammstanga (í helmingseigu á móti Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga), Blönduósí, Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík – í sauðfjár- og stórgripaslátrun.

## Bætum ekki hag bænda með innflutningi

Þórarinn Ingi Pétursson er þingmaður Framsóknarflokksins, formaður atvinnuveganefndar Alþingis, sauðfjárbondi í Eyjafirði og hluthafi í Búsaeld. Hann mælti fyrir áðurnefndum breytingum nefndarinnar á búvörulögum síðasta vor. „Kaup KS á hlut þeirra braðra er jákvætt skref og í takti við þá lagasetningu sem var sett í vetur. Síðan leiðir tíminn í ljós hvað Búsaeldarfélagar gera í framhaldinu, hverjir vilja selja og svo framvegis.“ Hann segist þó ekki hafa sjálfur tekið ákvörðun um sölu á sínum hlut.

„Með þessum kaupum sé ég fyrst og fremst tækifæri fyrir innlenda matvælaframleiðslu að styrkja rekstrargrunn bænda með þeirri hagræðingu sem hefur verið talað um. Verkefnið fram undan er að auka innlenda matvælaframleiðslu og draga úr innflutningi. Það á að vera verkefni þeirra sem eru í fararboddi

í slátrun og vinnslu að efla innlenda matvælaframleiðslu – til að hægt sé að borga bændum hærra verð fyrir sina framleiðslu.“

Sömuleiðis þarf að gæta að því að neytendur fái vöruna á góðu verði. Það er grunnurinn í þeiri lagasetningu sem við settum í vetur, að bæta hag bænda og neytenda. Það gerum við ekki með því að halda áfram þeim innflutningi sem við höfum verið í, heldur með því að auka innlenda matvælaframleiðslu,“ segir Þórarinn.

## Ekkert aðhald lengur

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppnisfirlitsins, segir að sí samkeppni sem hafi verið á milli KS og Kjarnafæðis Norðlenska hafi á síðustu árum skapað aðhald sem hafi haft mikla þýðingu fyrir bændur við ákvörðun fyrirtækjanna um afurðaverð til bænda. „Þetta er ein ástæða hækkandi afurðaverðs til bænda. Aðhaldið hefur jafnframt komið neytendum til góða. Með samruna fyrirtækjanna hverfur þetta aðhald, án þess að neinar aðrar varnar komi í staðinn. Það tjón sem að þessu getur hlotist til lengri tíma er óafturkræft.“

Hann segir enn fremur að vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á búvörulögum í mars muni ekki koma til kasta Samkeppnisfirlitsins við samruna fyrirtækjanna. „Þannig mun eftirlitið ekki geta varið hagsmuni

bænda og neytenda og samrunaaðilar þurfa ekki að veita stjórnvöldum upplýsingar um samrunann eða með öðrum hætti að sýna fram á að hann skapi ábata fyrir bændur eða neytendum.“

## Skammur aðdragandi að sölunni

Braðurnir Eiður og Hreinn Gunnlaugssynir hafa sem áður segir samþykkt kauptilboð Kaupfélags Skagfirðinga í hlut þeirra.

Eiður segir að allt taki enda, ástæða sölu þeirra sé su að þeir séu komnir á aldur enda búin að vera í þessari grein í meira en 50 ár og rekið Kjarnafæði í 39 ár. „Við höfum fundið fyrir ríkum vilja bænda að þessi leið sé farin í átt að frekari hagræðingu.“

Spurður hvort þeir braður hafi ihugað sölu á fyrirtækinu alveg frá því að Alþingi samþykkti breytingarnar á búvörulögum í vor segir Eiður svo ekki vera. „Við viðum alltaf að það yrði að hagræða í slátrun og vorum að skoða möguleika á því að fá aðila til að koma með aukið hlutafé að félagini til að geta farið í sílka hagræðingu. Í raun var mjög skammur aðdragandi að sölunni og þetta var frágengið bara í síðustu viku.“



Eiður Gunnlaugsson.

## Verulegur rekstrarbati

Formlegur samruni Kjarnafæðis, Norðlenska matborðsins og SAH afurða gekk í gegn í júlí 2021, eftir að uppfyllt höfðu verið skilyrði Samkeppnisfirlitsins. Viðræður um sameiningu höfðu staðið yfir frá árinu 2018. Við samrunann varð félagið stærsta kjöttvinnslufyrirtæki landsins.

Rekstrarskilyrði félaganna höfðu versnað verulega á þessum árum, auk þess sem áhrif Covid-19 farsóttinni gerði stöðu þeirra enn þyngri. Frá sameiningunni hefur orðið verulegur rekstrarbati hjá Kjarnafæði Norðlenska. Á árinu 2022, á fyrsta heila rekstrarárinu skilaði reksturinn 231,5 milljóna króna hagnaði fyrir skatta en á síðasta ári nam hagnaðurinn 385,5 milljónum króna fyrir skatta. Var aðhaldi í rekstri og hagræðingaráðgerðum þakkað góðri afkomu þrátt fyrir íþyngjandi fjármagnskostnað.

## Stofnuðu Kjarnafæði eftir að kaupfélagið hætti

Að sögn Eiðs fólst starfsemi þeirra braðra í fyrstu ekki eingöngu í kjöttvinnslu. Þeir hafi verið í framleiðslu á salótum og pitsum og rekið heildsölu, veitingasölu og ýmsa þjónustu.

„Við unnum áður hjá Kaupfélagið Svalbarðseyrar, við slátrun og kjöttvinnslu. Síðan stofnuðum við Kjarnafæði eftir að kaupfélagið hætti og vorum með margs konar starfsemi á þeim tíma. Það hefur auðvitað gengið á ýmsu í rekstrinum, en á síðustu misserum hefur auðvitað gengið betur, sem hefur auðvitað skilað sér í hækjunum á afurðaverði til bænda. Við vonumst til að bessi samruni muni skila enn meir til bænda og neytenda, enda er meiri slagkraftur til þess í enn staðra fyrirtæki,“ segir Eiður. Hann bætir við að gert sé ráð fyrir að starfsemi starfsstöðva Kjarnafæðis Norðlenska verði óbreytt á Norðurlandi.

„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir nú sögunni til,“ segir Páll.

/ghp - smh

„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir nú sögunni til,“ segir Páll.

„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir nú sögunni til,“ segir Páll.

„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir nú sögunni til,“ segir Páll.

„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir nú sögunni til,“ segir Páll.

„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir nú sögunni til,“ segir Páll.


„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir nú sögunni til,“ segir Páll.

„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir nú sögunni til,“ segir Páll.

„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir nú sögunni til,“ segir Páll.

„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir nú sögunni til,“ segir Páll.

„Það var gert í góðu samstarfi við bændur, sem einkum var ætlað að tryggja að bændur nytu ábata sem af samrunanum kynni að hljótast. Talsmenn fyrirtækjanna hafa greint frá því opinberlega að bændur hafi notið þess í hækkandi afurðaverði. Það aðhaldi sem framangreind skilyrði hafa veitt heyrir



# ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN

## TOYOTA RAV4



**TOYOTA RAV4** Hybrid verð frá: 8.150.000 kr.  
**TOYOTA RAV4** Plug-in Hybrid verð frá: 10.450.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga

**TOYOTA RAV4** Hybrid, verð frá: 202.000 kr. á mán.

**TOYOTA RAV4** Plug-in Hybrid, verð frá: 237.000 kr. á mán.

### TOYOTA FÓRUM LENGRA



Toyota Kauptúni  
Kauptúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjavík  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN AT/VINNUÍFSINS  
UMHVERFISFYRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingi endurspeglar ekki endilega það verð og bann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Kjötfurðir:

# Ráðuneytið svarar ESA um óvissuatriði

Matvælaráðuneytið segir í svari við fyrirspurn ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, að samkvæmt 5. grein nýlegra breytinga á búvörulögum sé eingöngu fyrstu framleiðendum kjötfurða, sem annast slátrun eða vinnslu þeirra, heimilt að nýta sér nýtt undanþágvæði frá samkeppnislögum til samvinnu.

Voru þetta viðbrögð ráðuneytisins við spurningum ESA um tiltekin óvissuatriði breytinganna. Spurt var meðal annars um hversu viðtækar breytingarnar væru og um möguleg áhrif þeirra á félög sem nytu góðs af undanþágunnini en væru með aðra starfsemi á sinum vegum sem gæti eftir sem áður fallið undir samkeppnisákvæði EES-samningsins.

**Félög sem sinna einnig annari starfsemi**

Sérstaklega óskaði ESA eftir svörum um stöðu þeirra félaga sem undanþágan næði til, en störfuðu einnig í aðfangakeðjunni og við ýmsa aðra þjónustu við bændur.

Matvælaráðuneytið fór ekki út í sjálftæðar túlkani á hinum nýja lagatexta í svari sínu um framleiðendafélögum. Mynd / smh



Matvælaráðuneytið fór ekki í sjálftæðar túlkani á hinum nýja lagatexta í svari sínu um framleiðendafélögum

Mynd / smh

gert viðvart um breytingarnar sem urðu á búvörulögnum og um að matvælaráðuneytið hafi í kjölfarið sent bréf til atvinnuveganefndar, þar sem lýst var áhyggjum af því hvort breytingarnar samræmdust skuldbindingum Íslands gagnvart EES-samningnum.

Í byrjun júní var svo birt alít Carl Baudenbacher, fyrverandi forseta EFTA-dómstólsins, sem Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) báðu um til að skera úr um hvort undanþágan um kjötfurðirnar frá samkeppnislögum gengi gegn EES-samningnum.

Niðurstaða Baudenbacher var sú að Ísland hafði heimild til að setja undanþáguheimild frá samkeppnislögum, um kjötfurðir, geymslu og flutning þeirra, í sína löggjöf.

/smh

**Ísland hafði heimild**

Erindi ESA var sent í byrjun maí, þar sem fram kemur að ESA hafi verið

Matvælastofnun:

# Lóga þarf hrúti



Bóndanum er skyld að láta hrútinn samkvæmt úrskurði.

Mynd / JE

vegna krafðist Matvælastofnun afhendingar hans,“ segir í tilkynningu frá stofnuninni.

/ghp

ÍSLENSKA  
ÁBURÐARFJÖLSKYLDAN

**FÆST Í VERSLUNUM UM LAND ALLT!**

**FB**  
FÓÐURBLANDAN



Bergur Jónsson, Olil Amble og Slepnisbikarhafinn Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum.

Mynd / ghp

Hrossarækt:

# Mannelski og sjálfssöruggi gæðingafaðirinn

**Olil Amble og Bergur Jónsson á Syðri-Gegnishólum hafa náð einstökum árangri í hrossarækt með afkomendum Álfadísar frá Selfossi. Sonur hennar, Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum, hlaut Slepnisbikarinn á nýastöðnu Landsmóti hestamanna.**

Bändasamtök Íslands veita á hverju Landsmóti þeim stóðhesti sem efstur stendur í heiðursverðlaunum fyrir afkvæmi og er æðsta viðurkenning sem veitt er í hrossarækt. Í ár kom það í hlut Álfakletts en hann er annar sonur ættmóðurinnar Álfadísar frá Selfossi sem hlýtur bikarinn. Fimm afkvæmi Álfadísar hafa nú hlotið lágmark til heiðursverðlauna. Auk Álfakletts eru það Álfasteinn og Álfur frá Selfossi og Álffinnur og Heilladís frá Syðri-Gegnishólum og svo hefur Álfarinn frá Syðri-Gegnishólum hlotið 1. verðlaun fyrir afkvæmi.

**Hátt hlutfall afkvæma mætir í kynbótadóms**

Álfaklettur er fæddur árið 2013 undan Stála frá Kjarri. Hann er því einungis ellefu vetrar gamall. Hann hlaut hæst 8,94 í aðaleinkunn í kynbótadómi árið 2020, þar af 9,01 fyrir kosti og 8,82 fyrir sköpulag. Hann hlaut þá einkunnina 9,5 fyrir skeið, samstarfsvíla og samræmi. Hann fékk ekki mjög mikla notkun framan af. „Heiðursverðlaunin hlýtur hann því fyrir árangur fárra hesta sem urðu til og fæddust fyrir árið 2020 þegar hann hlaut þessa háu einkunn á kynbótabrautinni og vakti athygli. Það þýðir að 42 prósent afkvæma sem hafa aldur til hafa mætt í kynbótadómi sem gefur honum 136 stig fyrir eiginleikann mæting til dóms í kynbótamati, sem ég held að teljist einstakur árangur,“ segir Olil.

Afkvæmi Álfakletts eru í dag skráð 556 talsins og hafa fimmtíu þeirar mætt til kynbótadóms. Hæst dæmda afkvæmi Álfaklettur er Húni frá Ragnheiðarstöðum sem stóð efstur sex vetrar stóðhesta á nýastöðnu Landsmóti með 8,72 í aðaleinkunn.

**Samtvinnuð blanda**

Olil og Bergur búa í Syðri-Gegnishólum í Flóahreppi. Þau reka

## Dómsorð

Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum gefur hross í rúmu meðallagi að staðr með frítt og skarpt höfuð og vel opin augu. Hálsinn er hátt settur, vel aðgreindur frá bógum og reistur, kverkin einkar klipin. Bakíð er vöðvafilt og lenden jöfn. Afkvæmin eru fótahá, afar létt á bolinn og þurrbyggð, sum nokkuð grannbyggð. Fætur eru þurrir, sinaskil góð en sinin í meðallagi öflug. Hófar hafa hvelfdan botn og prúleiki er í tæpu meðallagi. Álfaklettur gefur fjölhæf ganghross með fallegar hreyfingar, afar auðsveipa lund og frábæran vilja. Þau eru takthrein, mjúk og framgrípsmikil á tölti, brokkið er svígott og takthreint, rými misjafnt. Skeiðgetan er hreint úrvál og skeiðið öruggt, takthreint og svífmikið. Greiða stökkíð er rúmt og skrefadríjt og þau eru takthrein og jafnvægisgöð á hægu stökk, fetið er takthreint og skrefmikið.

Álfaklettur gefur finleg, léttbyggð og lundþýð hross með úrvals ganghæfni, hann er gæðingafaðir og kynbótahestur í fremstu röð, hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fyrsta sætið.

ber til afkvæma sinna mjög svipað geðslag og Álfadís,“ bætir Olil við.

Samkvæmt upplýsingum úr WorldFeng, upprunaettbók íslenska hestsins, eru afkomendur Álfadísar frá Selfossi nú orðin 26.045 talsins. Af þeim hafa 1.644 hlotið fullnaðardómum á kynbótasyningu og 61 afkomandi var sýndur í kynbótadóum á nýliðnu Landsmóti.

„Þessi árangur Álfadísar er mikill styrkur fyrir afkvæmi og afkomendur hennar. Í tölunum liggur mikið af góðum upplýsingum og öryggi fyrir ræktendur. Svo er þetta ofboðslega gaman sem ræktandi að ná svona árangri, það sýnir að maður getur ekki bara náð toppnum heldur haldið sér þar,“ segir Olil.

**Léttleiki, mykt og segurð**

Þau eru að vonum stolt með sögulega góðan árangur afkomenda Álfadísar á kynbótasyviðinu. „Álfaklettur er sjálfssöruggur og næmur og rólegur. Hann hefur erft ríkulega geðslag móður sinnar, verandi mjög mannelskur og hlustar vel á knapann sem á honum situr. Ég hef sjaldan verið með jafn tillitssaman hest,“ segir Olil.

Bergur bætir því þó við að hann sé þó alltaf til í að „hækka í græjunum“, sé vilji knapans til þess enda framúrskarandi ganghestur.

„Léttleiki, mykt og segurð eru hans helstu einkenni. Árangur Álfakletts sýnir fyrst og fremst styrkleika hans og móður hans, sem er orðin á bak við stóran hluta af íslenska hrossastofninum,“ segir Bergur.

„Ekki má gleyma að faðir hans er gæðingsfaðirinn Stáli frá Kjarri sem


finnst Álfaklettur fer ekki úr landi

Ákkur finnst Álfaklettur mjög sérstakur hestur sem býr yfir frábærum eiginleikum. Við viljum nota hann sem ræktunargrip hjá okkur og bjóða óðrum að nota hann og njóta. Margir braður hans hafa farið úr landi, Álfasteinn, Álfur, Álffinnur og Gandálfur auk þess sem Álfgrímur, sem ég keppti á í B-flokk, er seldur til Bandaríkjanna þó hann sé enn hér.

Okkur finnst það því skylda okkar sem ræktendur að hafa Álfaklett hér á landi. Hann er enn ungur þótt hann hafi nú þannig lagað lokið ferlinum á kynbótasyviðinu,“ segir Olil. Líklega taki nú við keppnisferill hjá gæðingaföðurnum.




**SaMASZ®**



**Samasz rakstrarvél 4,70m Z-470**  
kr. 1.495.000.- án vsk  
**Samasz rakstrarvél 4,7 m dregin UNO-470**  
kr. 1.898.000.- án vsk  
**Samasz rakstrarvél 8,4m. tveggja stjörnu Z2-840**  
kr. 4.890.000.- án vsk  
**Samasz heyþyrla 8,90 m P8-890**  
kr. 3.490.000.- án vsk

**Samasz Sláttuvél hliðarhengd 3 metra KDT-300**  
kr. 1.890.000.- án vsk  
**Samasz Sláttuvél hliðarhengd 3,4 metra KDT-340**  
kr. 2.090.000.- án vsk  
**Samasz Sláttuvél miðuhengd 3,4 metra KT-340**  
kr. 2.490.000.- án vsk  
**Samasz Sláttuvél miðuhengd 3,9 metra XT-390**  
kr. 3.390.000.- án vsk  
**Samasz Sláttuvél m.h. knosara 3,0 metra KT301S**  
kr. 3.290.000.- án vsk

**Samasz framsláttuvél 3,4 metra KDF340**  
kr. 2.490.000.- án vsk  
**Samasz framsláttuvél 3,4 metra m. knosara KDF341S**  
kr. 3.090.000.- án vsk



## PALMSE VAGNAR



**Palmse PT700 sturtuvagn**  
Burðargeta 7 tonn  
Kr. 1.490.000.- án vsk



**Palmse malarvagn**  
Með hardox botnplötu  
PT1300 burðargeta 13 tonn  
Kr. 2.290.000.- án vsk.




**Robus 1900 MB malarvagn**  
Burðargeta 19 tonn. Hliðar 1m  
Vökva- og loftbremsur. Fjaðrandi beisli  
Kr. 5.490.000.- án vsk.



**Palmse PT3925 rúlluvagn**  
Burðargeta 14 tonn. Lengd 9.22 m  
Kr. 2.890.000.- án vsk



## Net- og plastlager frá Búvís um land allt



**Búvís**  
www.buvis.is Sími 465 1332

**Baldur Grétarsson**  
Skipalæk - 701 Egilsstöðum  
Sími: 471 3131 / 861 1961

**Elvar Þór Sigurjónsson**  
Nýpugarðar - 781 Höfn í Hornafirði  
Sími: 659 2560

**Ármann Gíslason**  
Ytri Ásum - 880 Kirkjubæjarklaustur  
Sími: 849 4057

**Jóhann Pálason**  
Skammidalur - 871 Vík í Mýrdal  
Sími: 868 7910

**Magnús Guðmundsson**  
Efra Hvöli - 861 Hvolsvelli  
Sími: 892 2488 / 487 8334

**Ragnar Finnur Sigurðsson**  
Litla Ármót - 801 Selfoss  
Sími: 848 2336

**Hjálmar Ágústsson**  
Langsstöðum - 803 Selfoss  
Sími: 486 8948 / 865 9284

**Jón Bjarnason**  
Skipholti 3 - 846 Flúðum  
Sími: 848 2599

**Sigurðór Gíslason**  
Meðalfelli - 276 Mosfellsbær  
Sími: 566 7060 / 897 7690

**Kristbjörn Jónsson**  
Bóndhóli - 311 Borgarnesi  
Farsími: 849 9805

**Brynjúlfur Steinar Guðbrandsson**  
Brúarlandi I - 311 Borgarnesi  
Farsími: 894 2708

**Atli Sveinn Svansson**  
Dalsmynni - 311 Borgarnes  
Sími: 662 1345

**Brynjár Hildibrandsson**  
Bjarnarhöfn - 341 Stykkishólmur  
Sími: 893 1582

**KM þjónustan**  
Vesturbraut 20 - 370 Búðardal  
Sími: 434 1611

**Haraldur Bjarnason**  
Haga II - 451 Patreksfirði  
Sími: 456 2054 / 869 1047

**Sigurður Baldursson**  
Páfastöðum 560 - Varmahlíð  
Sími: 453 8175 / 895 4166

**Auðólfstaðabúið**  
Auðólfstöðum - 541 Blönduós  
Sími: 452 4757 / 864 0238

**Rúnar Örn Guðmundsson**  
Síðu - 541 Blönduós  
Sími: 695 3363

**Vagn Haukur Sigtryggsson**  
Hriflu II - 641 Húsavík  
Sími: 464 3259 / 848 4476

**Gunnar Þorgeirsson**  
Efri Fitjum - 531 Hvammstangi  
Sími: 451 2554 / 894 2554

**Stefán Pétursson**  
Klifshaga - 671 Kópasker  
Sími: 465 2227 / 659 8927

**Jóhannes Sigfússon**  
Gunnarsstaðir - 681 Þórshöfn  
Sími: 868 7832

**Róbert Jónsson**  
Réttarholti - 560 Varmahlíð  
Sími 453 8258 / 891 9161

**Pór Ingvason**  
Bakka - 621 Dalvík  
Sími: 466 3171 / 844 9371

**Búvís ehf**  
600 Akureyri  
Sími: 465 1332 / 660 1648





Draumakonan míni er geðgóð og polinmóð og hefur gaman af lífinu og tilverunni. Með árunum lærist manni að það sem skiptir mestu máli fyrir utan góða heilsu er samvera og samskipti við annað fólk, sérstaklega sína nánustu.

**Björn Harðarson, minkabondi í Holti í Flóá**



Svo eg segi frá sjálfum mér þá er ég með blandað bú, kýr, sauðfé og hross, en uppáhaldsbúgreinin míni er nautgriparaækt. Fermingarhesturinn minn, Gosi, er mér kær, svo og tíkin Týra. Sá kostur sem mér þykir framtíðarmaki aðallega þurfa að bera ... er að geta keyrt traktor. **Einar Magnússon, Oddgeirshólmur**



Fólk gerir iðulega grín að ég sjái ekkert að því að vera piparmey, greinilega ekki nögu desperat að leita mér að jörð með karli. Annars tökst mér nýlega að að bæta við einum forystuhrút með H154 genið hjá mér, svo og fágætum lit við hrossahópinn.

**Dagmar Trodler, ótýpisk hestakona og orðabondi, Bárðardal**




Kostir maka: Hann þarf að geta unnið launalaust allar helgar og á stórháliðardögum, bakkað traktor með vagni fyrir horn án þess að brjóta rúður í gróðurhúsunum og svo almennt að vera með réttar skoðanir. Fyrir fullt hús stiga væri gott ef hann ætti gulan id buzz campervan og sumarhús á Ítalum.

**Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, garðyrkjubondi, Flúðum**



Framtíðarkonan míni þarf að hafa humor, ákveðni og metnað. Sjálfur hef ég umgengist sauðfé og hesta frá unga aldrí en starfa við píplagningar auk þess að vera rúnings- og jáningamaður.

**Davíð Ævarr Gunnarsson, Eyrarbakka**



Er að leita að sætri sveitastúku sem hefur áhuga á sveitaskemmtun og með humor fyrir sjálfi sér. Væri líka frábært ef hún filar Massey gamla Ferguson. Hjá mér sjálfum er mjög stutt í grínið, er með skölleit (skallamölet). Er annars einfaldur gaur með mikinn áhuga fyrir kindum og mínum búskap og á mikil af góðum vinum sem eru alltaf til í að rétta mér hjálparhönd.

**Kolbeinn Óskar Bjarnason, sauðfjárbondi, Reykhólahreppi**  
(ber þann titil að vera yngsti bóndi landsins)

## Bænder

Sumir fara á Tinder. Aðrir hafa ekki tíma í slíkt vegna anna í búskapnum. Hér, kæru landsmenn, er hnarreist úrvaf af einhleypum bændum landsins. Aldursbilið er afar breitt, eða frá sautján til sextíu og fimm ára og næsta víst að hvert um sig hafi væna mannkosti til að bera – og jafnvel smáheimanmund í formi jarðar og bústofns.




Er að leita að fallegrí sveitastelpu sem hefur áhuga á dýrum – og ekki væri það verra ef hún myndi elskja traktor á borð við Zetor. Ég er með helvítí flott sveitamullet þó ég segi sjálfur frá og skemmti mér helst við að djófast í vinum mínum, enda stutt í glensið.

**Kristján Steinn Guðmundsson, Reykhólahreppi**



Draumaprinsinn er vel fjáður (ekki af sauðfé, ég á nóg af svoleiðis), hjartahlýr og huggulegur herramaður sem er ekki morgunfull (ég sé um það).

**Sigríður Ólafsdóttir, sauðfjárbondi í Viðidalstungu og ráðunautur hjá RML**



Framtíðarmakinn minn verður að vera handlaginn, duglegur, hafa gaman af lífinu og vera fyndinn. Sjálfur ég hreinréktaður Rangæingur og hef gaman af hestamennsku og sauðfjárfæktaður þó dagsdaglega vinni ég hjá Bændasamtökum Íslands.

**Rebekka Leifsdóttir, Hellu**



Mér finnst gaman að syngja, spila körfubolta og auðvitað gleður það mann þegar gengur vel í búskapnum. Dans á balli er alltaf góð skemmtun. Drekk ekki áfengi. Ég er 7. ættliðurinn sem stundar hér búskap og tel helstu kosti framtíðarmaka vera polinmæði, áhuga á búskap og almenn skemmtilegheit.

**Sveinn Óli Friðriksson, kúabondi á Stóra-Ösi í Miðfirði**

## Vísnahornið

Nýlega fíll frá mikill snillingur. Þór Sigurðsson, besti bassi sem þekktur var á norðurslóð. Þeir minntust hans, **Hólmeir Vald**, og **Árni Geirhjörtur**, sem orti við það tækifæri:

*Punnur reynist þessi kór en það sem hljómi spillir; er auða sætið eftir Þór; sem enginn maður fyllir.*

**Í Húnaflóa**, kvæða- og vísna-safni eru eftir séra **Sigurð Norðland**:

*Bráðum sneiðist byggðin hé, borgin seiðir marga. Tjörn í eyði eflaust fer, engin leið að bjarga.*

Um Hindisvík yrkir Sigurður:

*Fagurbúna bjarta vik, bær og túnið frjóða. Logn við díuna dýr og rik, drottning Húnaflóa.*

Klerkur kunni skil á ýmsu.

*Shei is fine as morn in May Mild, divine and clever. Like a shining summer day. She is mine forever.*

**Þorvaldur Þórarinsson** frá Hjaltabakka var kunnur á sinni tið. Undirritaður kynntist ögn þeim karli fyrir löngu.

*Auðs þó njóti ekki hé og allt á móti gangi, sú er bótin að ég er, oft með snóti í fangi.*

Þorvaldur orti til konu:

*Ég er ekki alveg frjáls ymsar hamla skorður. En ætlarðu' að leggja arm um háls ef ég kæmi norður?*

Sveinbjörn Beinteins á aldarafnæli um þessar mundir. Hann fékk nokkrar vísur. **Höskuldur Búi** orti:

*Hert og þjált er stuðlastál, sterkt er mál sem kveikir bál, þín var sál oss segulnál, Sveinbjörn Váli - þína skál.*

**Gunnar Straumland** orti þessu:

*Andans fönnum ylinn gaf orð í hrönnum - tungubrands, með kvaðum sönum kvaðum af kvæðamönnum vesturlands.*

**Sigríður Beinteins** var liðtæk eins og þau systkini fleiri. Hún orti í gestabók:

*Friði og tign í fjallasal fráleitt mun ég gleyma. inn í þessum unaðsdal átti ég forðum heima.*

Sigríður orti til bróður síns:

*Mosann óð í mjóalegg á miðju Dragháslstíni Sveinbj. með sitt svarta skegg sveitabóndinn lúni.*

Um tíðarfarið orti **Gunnar Straumland**:

*„Petta regn er mér um megn“ möglar þegn til vægðar. „Er það hegning okkur gegn, eða vegna lægðar?“*



RML rannsakar nú hvort gen eða einhverjir erfðaþættir valdi kálfadauða í íslenska kúastofnunum.

## Óska eftir sýnum úr dauðum kálfum

Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins, RML, rannsakar nú erfðaorsakir kálfadauða.

Yfirstandandi er rannsóknar sem kannað er hvort gen eða einhverjir erfðaþættir valdi kálfadauða í íslenska kúastofnunum. Segir Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur hjá RML, mikilvægan lið í rannsókninni að fá sýni úr kálfum sem sannanlega fæðast dauðir. Nokkur sýni hafi náðst í vetur en þörf sé á fleiri og því óskað eftir aðstoð bænda.

„Við biðlum því til ykkar með að taka sýni úr þeim kálfum sem fæðast dauðir og eru undan

sæðinganautum,“ segir á vef RML. Sýnið sé tekið þannig að klipptur er bútur af öðru eyra kálfssins og settur í poka sem merkja þarf með burðardegi og númeri móður. Sýnið sé sjón geymt í frysti.

Astaða þess að einkum er horft til afkvæma sæðinganauta mun vera sú að þar með er til arfgreining á föður kálfssins. Með því móti eru meiri líkur á að kortleggja megi einstök gen eða genasamsætur sem gætu tengst eða valdið kálfadauða.

Tilkynna skal um sýni til Guðmundar og þá fundin sameiginleg lausn á hvernig RML nálgast það hjá viðkomandi. /sá

## Upphreinsun skurða

Búnaðarfélög Austur-Landeyja hefur sent sveitarstjórn Rangárþings eystra erindi þar sem skorð er á sveitarstjórn að koma upphreinsun skurða í gott lag.

I erindinu kemur fram að undanfarin ár hafi dregið stórlega úr upphreinsun og er kerfið ekki að virka eins og staðan er. Þá bendir félagið á það að „Stóri-skurður“, sem tekur við nær öllu frárennslisvatni sveitarinnar virki

ekki lengur sem skyldi og er því bráð nauðsyn að grafa hann upp. Í kjölfar erindisins, sem kynnt var á sveitarstjórnarfundi þann 13. júní sl., hefur sveitarstjórn samþykkt að skipa starfshóp til að yfirfara málefni varðandi upphreinsun skurða. Hópurinn verður skipaður einum starfsmanni sveitarfélagsins og tveimur nefndarmönnum úr skipulags- og umhverfisnefnd. /mhh

**VORTILBOÐ 2024**

**FESTÍVEÐVERSUN**

**VANTAR ÞIG PLÁSS?**

Það er gott að eiga stað fyrir sláttuvélina, grillið, hrifuna og dekkin...

**NÝTT**

**OPÍÐ FYRIR PANTANIR**

**SENDUM HVERT Á LAND SEM ER**

**EYRI - 15 fm** **25% afsláttur** **1.193.000 kr.** **895.000 kr.**

**BREKKA 34 - 9 fm** **25% afsláttur** **692.000 kr.** **519.000 kr.**

**STAPI - 14,98 fm** **25% afsláttur** **1.100.000 kr.** **825.000 kr.**

**KOFAR OG HÚS**

**Síðan 2012**

[www.kofaroghush.is](http://www.kofaroghush.is) - Sími 553 1545



Enn má sjá úkraínaskan kjúkling í matvöruverslunum. Hann má fá heilan frystan, eins og hér sést en einnig uppbíddan og úrbeinaðan í kryddlegi. Síðast var kjúklingur fluttur frá Úkraínu til Íslands í maí árið 2023. Kjötið er því að minnsta kosti árgamalt.

Mynd / ghp

### Matvælaöryggi:

## Ársgamall kjúklingur enn í verslunum

– Löggjöf tiltekur ekki hámarksendingartíma



Guðmundur Svavarsson. Mynd / ghp

**570 tonn**  
kjúklingakjöts  
sem flutt var inn  
frá Úkraínu

Guðmundur furður sig á því að enn sé í boði að kaupa svo gamla innfluttnu vöru. Hann tekur dæmi um frosinn kjúkling frá Úkraínu sem nýlega var auglystur á stórtílboði hjá tiltekinni verslanakeðju.

„Það er greinilegt að salan er ekki að ganga sérlega vel þrátt fyrir að hún hafi ítrekað verið á brunátsolu. Hún er nú á tilboði, „meðan birgðir endast“. Það verður fróðlegt að sjá hversu lengi þetta endist en það sýnir okkur að íslenskir neytendur treysta þessari erlendu vöru ekki og sniðganga hana í búðum þótt verðið sé lágt.“

Hann bendir enn fremur á að innflytjendurnir séu ekki að fá mikið fyrir sinn snúð.

„Kostnaðarverð kjúklingsins var samkvæmt gögnum Hagstofunnar 403 kr/kg komið í höfn. Þá er estir allur kostnaður við uppskipun, innanlandsflutning og geymslu. Verið er að bjóða meira en ársgamlan kjúkling hér á 494 kr/kg, sem jafngildir 445 krónum án virðisaukskatts. Ljóst er að 42 kr/kg stendur ekki undir kostnaði við geymslu í heilt ár, flutninga og annað. Því virðist þetta vera selt í örvaentingu undir kostnaðarverði. Óliklegt þykir mér að menn myndu sætta sig við slíka álagningu á íslenskum kjúklingi,“ segir Guðmundur. /ghp



Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs hf. og formaður búgreinadeilda alifuglabanda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að frystivara sem hræðfryst er fersk og heilnæm eigi að þola átján mánuði í frysti, að því gefnu að henni sé pakkað í umbúðir sem verja hana og hún geymd við réttar aðstæður.

„Eðlilegt er að slík vara sé markaðssett frosin og fari í eldun strax eftir uppbíðingu. Sé slík vara markaðssett upphátt skerðast gæði og geymsluþol. Þá eiga neytendur rétt að vita að svo sé ekki. Uppbídd vara er viðkvæm og það er ábyrgð þess sem framleiðir slíka vöru að sá líftimi sem vörunni er gefinn standist.“

Hann segir harla ólíklegt að ársgamall uppbíddur íslenskur kjúklingur finnist á markaði enda eigi framleiðendur alla jafna ekki svo gamla vöru í birgðum sem eru í dreifingu.

# can-am

## TRAXTER 1000 6X6 FYRIR KREFJANDI VERKEFNI



EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU Í JÚLÍ OG ÁGÚST

# ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / [www.brp.is](http://www.brp.is)



Bændur deildu um efni samnings við kaup á mjólkurkum. Mynd tengist efni ekki.

# Mögulegur milliður í kjötinnflutningi

Ýmislegt bendir til þess að fyrirtækið Háhólmi sé milliður í innflutningi Kaupfélags Skagfirðinga (KS) á kjöti. Umsvif Háhólma hófust á sama tíma og Esja gæðafæði, dótturfélag KS, hætti að sækjast eftir tollkvóta á landbúnaðarafurðum.

A aðalfundi Kaupfélags Skagfirðinga, sem haldinn var á Sauðárkróki þann 6. júní árið 2023, beindu félagsmenn, sem margir eru bændur, því til stjórnar KS að félagið og dótturfélög þess stæðu ekki í innflutningi á erlendum búvörum. Þá hafði Esja gæðafæði, dótturfélag KS, tekið þátt í útboðum á WTO og ESB tollkvónum á landbúnaðarafurðum og flutt inn kjöt sem var selt í samkeppni við innlenda framleidiðslu.

## Esja selur erlent kjöt

Dómara þótti kaupandi hvorki hafa sýnt fram á að verð fyrir hvern grip hafi verið ósanngjarn eða óhóflegt, né að þeir hafi verið með lakari nytjum en hafi mátt gera ráð fyrir við kaupin. Þá þótti hann ekki hafa sýnt fram á að sammingur þeirra hafi verið ósanngjarn. Dómari fellst því á kröfum stefnandans sem seldi kýrnan, um að stefndi kaupandinn bæri að greiða seljanum um 4,8 milljóna króna að frádeginni innborgun og var stefnda einnig gert að greiða málkostnað. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands þann 28. júní síðastliðinn.

/ghp



Þrátt fyrir að félagsmenn KS séu andsnúir innflutningi félagsins á kjöti heldur það áfram sölu á erlendum landbúnaðarafurðum. Mynd / Edson Saldaña

raun ekkert annað en milliður og innflut kjöt fari beint í vinnslu Esja gæðafæðis.

## Hvorki heimasíða né símanúmer

Forráðamaður og eigandi Háhólma er, samkvæmt fyrirtækjaskrá, Birgir Karl Ólafsson. Bændablaðið hefur gert ítrekaðar tilraunir til að ná sambandi við hann frá því í vor, bæði með tölvupóstum, símringingum og skilaboðum á samfélagsmiðlum en engin viðbrögð fengið. Háhólmi er ekki með heimasíðu og er símanúmer fyrirtækisins ekki að finna í símaskrá.

Birgir Karl hefur meðal annars

starfað sem sölumaður hjá Ekrunni og innflutningsstjóri hjá Red Food ehf. Samkvæmt heimildum var Birgir Karl starfsmaður Esju gæðafæðis árin 2022 og 2023. Þegar blaðamaður hringdi í móttökum fyrirtækisins var símanúmer og netfang hans gefið upp. Ekki hefur tekist að ná sambandi við Hinrik Inga Guðbjargarson, framkvæmdastjóra Esju gæðafæðis, til að fá viðbrögð við þessum atriðum.

Lénið haiholmi.is er hýst af fyrirtækinu Kappa ehf. á Sauðárkróki, en eins og áður segir kemur ekki upp

nein heimasíða þegar það er slegið inn í vafra. Fyrirtækið Kappi ehf. er í eigu Gunnars Þórs Gestssonar, sem sá um tölvuvæðingu Kaupfélags Skagfirðinga á tíunda áratug síðustu aldar.

## Stofnað af viðskiptafélaga KS

Í gögnum frá því í maí 2023, nokkrum mánuðum eftir stofnun Háhólma, kom fram að Ólafur Þór Jóhannesson væri stjórnarmaður og Árni Pétur Jónsson meðstjórnandi fyrirtækisins, en þeir hafa meðal annars starfað saman hjá Skeljungi.

Í greinum á vefniðum í október 2022 koma fram viðskiptatengsl Árna Péturs og Kaupfélags Skagfirðinga þegar þessir aðilar keyptu í sameiningu Gleðipinna, sem er félag á afþreyingar- og veitingamarkaði. Undir Gleðipinnum starfa veitingastaðirnir Hamborgarárafabrikk, Blackbox, Saffran, Keiluhöllin, ásamt fleirum.

Þann 21. nóvember 2023 viku Ólafur Þór og Árni Pétur úr stjórn Háhólma og var Birgir Karl Ólafsson skipaður stjórnarmaður og veitt prókúruumbóð. Háhólmi ehf. er nú í fullri eigu Birgis. /ál

# Skrifað undir landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárríðu

Skrifað var undir nýja landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárríðu í Höru á mánudaginn, en í henni er gert ráð fyrir að verkefnið verði lokið innan 20 ára.

Um sameiginlega stefnu matvælaráðuneytisins, Matvælastofnunar og Baendasamtaka Íslands er að ræða og skrifuðu þau Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir matvælaráðherra, Hrönn Olína Jörundsdóttir, forstjóri Matvælastofnunar, og Trausti Hjálmarsson, formaður Baendasamtaka Íslands, undir hana.

## Veikinni útrýmt, ekki smitefninu

Með nýrri landsáætlun er gert ráð fyrir nýrri nálgun, að í stað þess að reyna að útrýma smitefninu sé áhersla lögð á að útrýma veikinni með ræktun á fjárfotni sem er riðubolinn, þar sem sauðfæ ber verndandi arfgerðir gegn sjúkdómmum. Afram verður þó haldd með aðgerðir til að hefta útbreiðslu á smitefninu.

Sigurborg Daðadóttir, yfirfylalaeknir hjá Matvælastofnun, kynnti drög að áætluninni fyrst á fagfundu sauðfjárræktarinnar í apríl á þessu ári, þar sem fram kom að hún hefði verið í nokkurra mánaða leyfi frá sínum embættisstörfum til að vinna að grunni nýrrar stefnumótunar. Byggir landsáætlunin á skýrslu sérfræðingahóps um riðu sem gefin var út í nóvember á síðasta ári. Í kjólfar þeirrar skýrslu var farið að beita niðurskurði í höjðum þar sem riða kemur upp, í samræmi við tillögur sérfræðingahópsins. Til að mynda hefur bændum verið gefinn kostur á að hlífa kindum við niðurskurði sem eru með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir gegn riðusmiti, með þeim skilyrðum að nýr stofn sé ræktadur á grunni verndandi arfgerða.

Starfshópur var svo skipaður í byrjun þessa árs sem útfærði áætlunina frekar og um miðjan maí var hún lögð í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

## Áhættuflokkun bæja

Samkvæmt áætluninni skal ákvörðun um takmarkanir og aðgerðir á bæjum byggjast á áhættuflokkun þeirra.



Trausti Hjálmarsson ávarpar samkunduna í Höru.

Mynd / Sigurður Ragnar - MAR

Takmarkanir á flutningi fjárhættu, tækja, efna og svo framvegis, skulu byggja á líkum á að smitefnin berist í næmt fólið flutninginni. Ákvörðun um afléttingu takmarkana skal taka mið af framvindu ræktunar á fóli með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir.

Með landsáætluninni er stefnt að því að litlar líkur séu á að upp komi riðuveiki í sauðfjárhjörð á Íslandi frá og með árinu 2028 og að Ísland hafi hlutið viðurkenningu Evrópusambandsins árið 2032 um að hverfandi líkur séu á að upp komi riðuveiki í sauðfjárhjörð hér á landi.

## Höftum aflétt af bænum

Í landsáætluninni kemur fram að með útgáfu hennar skapist aðstæður til að afléttu viðamiklum höftum jafnt og þétt, sem hvílt hafa á sauðfjárbendum í um 80 ár með hefðbundnu fyrirkomulagi varnarhólfa. Samhlíða minnki fjárlátlát hins opinbera vegna riðu í formi greiðslu kostnaðar vegna aðgerða við uppkomu riðuveiki, greiningu riðusýna og viðhald varnargörðinga. Stjórnssýsla við uppkomu riðuveiki og varnar gegn henni færast að mestu frá matvælaráðuneytinu (MAR) til Matvælastofnunar (MAST) og er gert ráð fyrir að stjórnssýslan í kringum riðuveiki muni dragast saman innan fárra ára með fækku riðutilfella og varnarhólfa. /smh

# Lundaveiðar leyfðar



Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyja hefur samþykkt að heimila lundaveiði 27. júlí til 11. ágúst.

Samkvæmt lögum er lundaveiði heimil frá 1. júlí til 15. ágúst. Umhverfis- og skipulagsráði telur mikilvægt að stýring veiða taki mið af afkomu stofnsins. Reynslu síðastiðinna ára hafi sýnt að þeir fáu dagar sem lundaveiði er heimiluð seu nýttir til að viðhalda þeirri menningu sem fylgi veiðinni og úteyjaliði. Frá þessu er greint í fundargerð rásins.

Þar kemur fram að lundaveiðimenn hafi sýnt ábrygð í veiðum undanfarin ár. Veiðifélög eru jafnframt hvött til að standa vörð um sitt nytjasvæði og upplýsa sína

félagsmenn um að ganga fram af hófsemi.

Í stofnmati kemur fram að samdráttur hafi verið í lundastofnunum undanfarna tvo áratugi og að veiðar væru sennilega stofnvistfræðilega ósjálfþærar, en lundar fjölgja sér hægt.



**SeaRanger og Rescue Runner**  
eru trúlega ein mögnuðstu björgunartæki  
sem í boði eru í dag.  
Getum boðið nýja báta á góðu verði.  
Leitið tilboða hjá okkur.

Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður  
Sími 697 4900, Netfang : sala@svansson.is



# NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat.

Njótum daganna með því besta sem við eיגum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

[Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is](#)



Matís:

# Stórbörungar í matvæli

**Verkefninu Seafoodture, um stórbörunga í matvæli, hefur verið hleypt af stokkunum.**

Seafoodture-verkefnið miðar að því að nýta lífmassa stórbörunga til þróunar á sjálfbærum, hágæða matvælum. Matís tekur þátt fyrir Íslands hönd. Verkefnið er styrkt af Sustainable Blue Economy Partnership (SBEP).

Stefnt er að því að nýta stórbörunga sem sjálfbærar próteingjafa í matvæli, að sögn Sophie Jensen, verkefnastjóra hjá Matís. Hagnýting og næringarinnihald stórbörunga verði rannsakað með það fyrir augum að bæta næringarlega samsetningu matvæla, með áherslu á bætta heilsu neytenda. Enn fremur segir hún markmiðið að fullnýta sem mest af hræfnum í matvæli og annað í lífrænar matvælaumbúði.

Upphafsfundur í verkefninu fór fram um miðjan maí hjá Institute


of Food Science Research (CIAL) í Madrid á Spáni. Tíu samstarfsaðilar frá átta löndum sóttu hann. Um er að ræða briggja ára verkefni. Meðal samstarfsaðila Matís í verkefni eru vísindafólk frá Spáni, Tyrklandi, Ítalíu, Portúgal, Írlandi, Noregi og Eistlandi.

„Hrðó fólkssjölgun ýtir matvælaframleiðslu í átt að þolmörkum og nýting á próteinum úr dýraríkinu veldur auknu á lagi á umhverfið,“ segir Sophie í fregn á vef Matís. „Par að auki þarf að bæta úrvaf af plöntupróteinum sem eru minna háð notkun vatns og landsvæðis. Það er brýn þörf að þróa fleiri próteinrikar matvörur sem innihalda mikilvæg næringarefni með því að nýta óhefðbundnar auðlindir. Sjónum hefur verið í auknum mæli beint að stórbörungum en þeir hafa fram til þessa verið fremur lítið rannsakaðir sem matvæli,“ segir hún. /sá



Matís er í samstarfi um rannsóknir á sampættri verðmætasköpun við nýtingu stórbörunga til framleiðslu á sjálfbærum, næringarríkum, hágæða matvælum.

Mynd / CIAL



Árlega hefur stofnuninni verið falið að úthluta um 5.000 þorskigildistönnunum sem byggir á ákvörðun ráðherra hverju sinni. Á fiskveiðárinu 2023/2024 eru í gildi 14 samningar í 12 byggðarlögum og má sjá magn i þorskigildistönnunum á hverjum stað á myndinni hér að ofan.

Mynd / Byggðastofnun

## Byggðastofnun:

# Úthlutun aflamarks

– Sértaeki byggðakvótinn kjölfesta samfélagsins

Nýverið fundaði stjórn Byggðastofnunar vegna fyrirhugaðrar úthlutunar sértaeks byggðakvóta sem gengið hefur undir nafninu Aflamark Byggðastofnunar.

Stofnuninni barst 21 umsókn en um ræðir hluta svokallaðs 5,3% kerfis, sem einnig hefur verið kallað félagslegi hluti fiskveiðistjórnarkerfisins. Aðrir hlutar þess eru almennur byggðakvóti, línuvílnun, rækju- og skelbætur, strandveiðar og fristundaveiðar.

Samkvæmt 10. gr. a í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 kemur fram að:



*Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildar sem ráðherra ákvárdar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Byggðastofnun getur gert samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélög til allt að sex ára í senn.*

### Verkefni matvælaráðherra um nýtingu sjávarauðlinda

Kemur fram í skýrslu matvæla-ráðuneytisins, Auðlindin okkar, að lagðar hafi verið fram tillögur þess efnis að sértaeka byggðakvótanum skuli ráðstafað til byggða þar sem veiðar og vinnsla eiga framtíð fyrir sér og efla þannig sjávarútveg til lengri tíma lítið. Hins vegar ætti að nýta önnur úrræði til að styrkja brothaettar byggðor þar sem veiðar og vinnsla eiga ekki framtíð fyrir sér og samkvæmt mati Byggðastofnunar.

Auðlindin okkar er heiti á opnu og gagnsæju verkefni sem matvæla-ráðherra setti af stað í maí 2022 með þátttöku fjölmargra sérfraðinga. Markmiðið er hagkvæm og sjálfbær nýting sjávarauðlinda í sátt við umhverfi og samfélag og lagði starfs-hópur verkefnisins fram að mælikvarðar um árangur byggðakerfa verði settir í samvinnu við Byggðastofnun, Fiskistofu, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagaðila og verði hluti af aðgerðar-áætlum sjávarútveg.

Áætlað er að sértaeki byggðakvótinn verði áfram hluti af svokallaðri byggðafestuleið, sem felur í sér að nýr og endurnýjaðir samningar um byggðakvóta Byggðastofnunar skuli vera gerðir til sex ára með aðild viðkomandi sveitarfélags. Í samningum komi fram markmið með úthlutuninni, mælikvarðar, samstarfsaðilar, útfærsla, fyrirkomulag umsýslu og eftirfylgni og



Ráðstöfun til sértaeks byggðakvóta hefur farið vaxandi, bæði í þorskigildum og sem hlutfall af 5,3% aflaheimilda. Nú eru í gildi samningar um 4.960 þorskigildistönnun í sértaekum byggðakvóta vegna ellefu byggðakjarna innan níu sveitarfélaga.

Gröf / Skýrsla Matvælastofnunar

# Snikka til lög um flutningsjöfnuð

Áform eru uppi um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnum.

Í samráðsgátt stjórnvalda er nú opíð til athugasemda frumvarp um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnum. Er um að ræða m.a. lagfæringer á reiknireglum auk þess sem að lengja á gildistíma laganna.

Lög nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnum tóku gildi 1. janúar 2012 og hafa það markmið að styðja framleiðsluinað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því

að jafna flutningskostnað framleiðenda sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.

Byggðastofnun fer með framkvæmd laganna og veitir styrki til framleiðenda á grundvelli úthlutunurreglna sem mælt er fyrir um í lögum og reglugerð nr. 121/2019 um flutningsjöfnumarstyrki.

Málið verður í samráðsgáttinni til miðs ágúst. /sá

## Ýmsar bátavörur á hagstæðu verði

Lensidælur og rofar, ljóskastarar, siglingaljós, sæti og standar, ryðrif/handföng, pollar og kefar, rofabretti og rafmagnsvörur, stýrisbunaður og ýmislegt fleira.

S. 666 6012 / batavorur.is

Samræmist þetta álti Reinhard Reynissonar, sérfræðings á þróunarsviði Byggðastofnunar, en telur hann ljóst að viða væri



Reinhard Reynisson.

engin fiskvinnsla á þeim stöðum þar sem samningar hafa verið í gildi, nytí þeirra ekki við, auk þess sem verkefnið skapaði festu og fyrirsjánleika í þeim samfélögum sem í hlut eiga.

Segir hann verkefnið hafa skilað til tætludum árangri og framkvæmd þess skilvirk. „Það kemur m.a. skýrt fram í umfjöllun Auðlindarinna okkar og eins í skýrslu Ríkisendurðskoðunar þar sem í báðum tilfellum er lagt til að þessi hluti byggðatengdu aflaheimildanna verði aukinn og festur í sessi og Byggðastofnun falið aukið hlutverk varðandi umsýslu.“

Samkvæmt starfsáætlun stjórnar er næsti fundur fyrirhugaður 29. ágúst 2024 en áætlað er að afgreiddar verði tillögur um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar sem frestað var, fyrir þann tíma. /sp

ÞÚ FÆRD

**TOPTUL®**

VERKFÆRIN HJÁ SINDRA



HÁ GÆÐI, LÁGT VERÐ



**SINDRI**



Akureyri. Mynd / Gerd Eichmann

## Stofnanir út á land

Aðsetur nýrra stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins verður utan höfuðborgarsvæðisins samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Þær stofnanir sem um ræðir eru ný Umhverfis- og orkustofnun, sem mun hafa aðsetur á Akureyri, ný Náttúrufræðistofnun verður á Vesturlandi og Náttúrverndarstofnun á Hvolsvelli. Á næstu dögum stendur til að auglýsa eftir umsóknunum í embætti forstjóra þessara stofnana. Frá þessu er greint í frétt á vef Stjórnarráðsins. Bændablaðsins.

Markmiðið með því að hafa stofnanir ráðuneytisins úti á landi er að hafa starfsfólk sem mest í grennd við viðfangsefnið, sem í þessu tilfelli er náttúra landsins, umhverfi og auðlindir. Jafnframt er markmiðið að fjölgja störfum á landsbyggðinni, bó númerandi starfsmenn þurfir ekki að flytja sig um set. Starfsmannafjöldi þessara þriggja stofnana verður samtals á þriðja hundrað.

Samkvæmt nýjum lögum mun Umhverfis- og orkustofnun taka við starfsemi Orkustofnunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar. Náttúruverndarstofnun mun taka við Vatnajökulsþjóðgarði og starfsemi náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar. Bárðar þessar stofnanir taka til starfa 1. janúar á næsta ári. Náttúrufræðistofnun tók til starfa þann 1. júlí síðastliðinn, en inn í hana gengu Landmælingar Íslands og Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn. /ál

## Bændablaðið kemur næst 15. ágúst

Verið velkomin á Jarðhitasýninguna í Hellisheiðarvirkjun



Fræðslusýning fyrir fólk á öllum aldri  
Opið alla daga 9-17

### Kolefnisbinding:

# Er endurheimt vistkerfa skilvirkari en skógrækt?

– Náttúruskógaendurheimt mögulega vænlegust

**Steinunn Ásmundsdóttir**  
steinunn@bondi.is

Því hefur verið varpað fram að þegar kemur að kolefnisbindingu ætti að leggja meiri áherslu á endurheimt vistkerfa en skógrækt. Ekki eru allir á einu máli um þetta.

„Mat á kolefnisbindingu með skógrækt á Íslandi er studd góðum og traustum gögnum,“ segja dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson, skógerfðafræðingur hjá Landi og skógi, dr. Brynhildur Bjarnadóttir, líffræðingur og prófessor við Háskólan á Akureyri, dr. Bjarni Diðrik Sigurðsson, líffræðingur, skógræðingur og prófessor við Landbúnaðarháskóla Islands, Arnór Snorrason, skógræðingur hjá Landi og skógi og Pétur Halldórrsson, upplýsingafulltrúi hjá sömu stofnun, í sameiginlegu svari við fyrirspurn Bændablaðsins.

Gögn úr verkefninu Íslenskri skógræktar tekta sýni að ræktaðir skógar á Íslandi bindi árlega að meðaltali nálægt tíu tonnum af koltvisýringi á hverjum hektara, í trjám og jarðvegi. Skógar sem ræktaður er á snauðu landi, rofnu landi, framræstu landi eða auðnum stöðvi auk þess þá losun sem stafaði af landinu áður en skógræktin hófst. „Frá sjónarmiði loftslagsávinnings hlýtur skógrækt að teljast góður valkostur, auk þess sem skógor veitir mönnum og lífriki margvislega aðra þjónustu. Endurheimt birkiskógar er líka skógrækt en vöxtur birkisins er töluvert minni en vöxtur innfluttu trjátategundanna. Við endurheimt mólendis er binding í lífmassa enn minni. Í öllum þessum tilvikum á sér þó stað kolefnisbinding í jarðvegi sem taka verður með í reikninginn líka. Endurheimt vistkerfis getur því falið í sér ólikar útfærslur en markmiðið ætti alltaf að vera að koma í veg fyrir losun og auka bindingu,“ segja þau Aðalsteinn, Arnór, Bjarni Diðrik, Brynhildur og Pétur.

#### Endurheimt náttúruskóga best

Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor í vistfræði við Háskóla Íslands, telur endurheimt vistkerfa betri kost til kolefnisbindingar en skógrækt.

„Tvimálalaust. Vaxandi fjöldi vísindagreina leggja fram gögn sem sýna að endurheimt vistkerfa almennt, og sérstaklega náttúruskóga,



Visindafólk er ekki á einu máli um hvort endurheimt vistkerfa er vænlegri til kolefnisbindingar en skógrækt, enda frekari rannsóknar þörf. Mynd / sá

se vænlegasti kosturinn fyrir kolefnisbindingu þegar til lengri tíma er litið. Endurheimt sameinar einnig vel nauðsynlegar aðgerðir til endurheimtar og verndunar líffræðilegs fjölbreytileika,“ segir Ingibjörg.

#### Frekari rannsóknar þörf

Póra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði við Háskóla Íslands, og Ólafur S. Andrésson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, segja þurfa meiri rannsóknir til að svara spurningunni á fullnægjandi hátt, og forsendar þurfi að vera skýrar.

„Ef t.d. er horft til nytjaskógræktar þar sem skógor er hogginn eftir 50–100 ár og eftir það losnar meira en 90% kolefnisbindingarinnar aftur sem CO<sub>2</sub> innan fárra áratuga, þá er mjög líklegt að endurheimt vistkerfa sem binda vel kolefni, og halda áfram að gera það, sé betri kostur til kolefnisbindingar, og oft mun ódýrari í framkvæmd,“

segja Þóra Ellen og Ólafur. Þær örverur og jarðveglíflverur sem séu afkastamestar við niðurbrot lífrænna leifa séu flestar lofháðar og þrífst ekki í vatnsósa jarðvegi. Þar hægi á niðurbroti og hálfrtnaðar plöntuleifar safnist upp sem mór.

„Með öðrum orðum, koltvisýringi er ekki skilað aftur til andrúmsloftins og þetta ferli hefst strax og grunnvatnssstaða er hækkuð upp undir yfirborð, t.d. í framraestri myri. Við endurheimt votlendis hefst því veruleg kolefnisbinding fyrr en við uppvöxt skóga. Þar að auki getur orðið mikil losun koltvisýrings með jarðvinnslu og raski við undirbúnung plöntunar í gríði land,“ segja þau og halda áfram.

„Þegar talað er um að klæða land með skógi verður að greina á milli uppvaxtar birkiskóglendis og ræktunar barrtrjáa í plantekrum. Birkiskógar eru mikilvægir á margan hátt: þeir eru byggingarlega flóknustu landvistkerfin á Íslandi, tiltölulega

### Vistkerfi

Vistkerfi nær til allra lífvera sem lifa á afmörkuðu svæði og tekur líka til ólífraðenna þáttu í umhverfi þeirra. Berggrunnur, hitastig, vindur, sólargeislun og fjöldi annarra þáttu hafa áhrif á lífið í hverju vistkerfi.

tegundaug og meginheimkynni mikilvægra lífveruhópa, þeir eru það vistkerfi sem best stendur af sér gjóskufall í eldgosum og almenningi finnst þau aðlaðandi til útvistar. Nytjaskógrækt, þar sem upp vaxa lundir af einni eða fáum tegundum barrtrjáa, er eitt form landbúnaðar og á ekkert skýlt við endurheimt. Í nýlegrí landsáætlun um skógrækt segir að „Kolefnisbinding í skógm landsins sem fyrir eru og með nýskógrækt verði meginmarkmið skógræktar“. Enn vantart gögn um kolefnisbindingu ofan- og neðanjarðar í náttúrulegum birkiskógum hér á landi en þau birtast vonandi fljótlega. Þá fyrst verður hægt að bera saman með heildstæðum hætti kolefnisbindingu í barrskógum og innlendum birkiskógum hér á landi,“ segja þau jafnframt.

#### Skoða þarf langtíma-bindingu nytjaskóga

Nokkur alítamál til viðbótar koma upp varðandi nytjaskógrækt, að sögn Þóru Ellena og Ólafs. Þær tegundir sem mest hafi verið notaðar hér á landi séu stafafura og sitkagreni.

Samkvæmt Landsáætlun um skógrækt er kolefnisbinding meginmarkmið skógræktar og stefna skal að ræktun hráðvaxinna, stórvaxinna og gjöfulla skóga. Þau telja aðformin stórtæk og að þau muni hafa í för með sér röttækar breytingar á lífriki og landslagi.

„Ef þær tegundir sem mikil eru notaðar verða ágengar gætu afleiðingarnar orðið óafturkræfar, a.m.k. ef litið er til næstu aldar. Þegar litið er enn lengra er rétt að sprýra hver sé langtíma kolefnisbinding í nytjaskógum. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar en ekki verið birtar hingað til og aðrar eru yfirstandandi. Þegar skógor hefur verið höggvinn tapast um eða yfir 90% af bundna kolefnini innan nokkurra áratuga. Hér er því verkefni sem byggja þarf á traustum forsendum,“ segja þau. Mörgum spurningum sé enn ósvarað.

### Stjórnvöld:


## Norrænt samstarf um fæðuöryggi

Norðurlöndin hafa tekið upp formlegt samstarf á svíði fæðuöryggis.

Sjávarútvegs-, landbúnaðar-, matvæla- og skógræktaráðherrar Norðurlandanna undirrituðu nýverið sameiginlega yfirlýsingu varðandi norrænt samstarf á svíði fæðuöryggis. Í yfirlýsingunni fjalla ráðherrarnir um mikilvægi þess að tryggja fæðuöryggi komandi kynslóða og að sú þörf muni leggja miklar kröfur á herðar norræna samstarfsins.

#### Hugað að aðfangakeðjum

Í tilkynningu segir að á meðal þess sem ráðherrarnir vilja stuðla að séu traustari aðfangakeðjur með aukið áfallaþol, að þróu sambandið á milli hins opinbera og einkageirans, vinna að veikleikagreiningu fyrir fiskveiðar og fiskeldi; efla vinnuna innan One Health (sem fjallar um heilbrigði fólks og dýra, fæðu og umhverfis) og efla samstarfið um viðbúnað á svíði landbúnaðar- og skógræktar. Ráðherrarnir vilji auk þess standa vörð um vinnu Norrænu erfðaaðlindastofnunarinnar (NordGen) við líffræðilega innviði og sérstaklega er nefnd þörfin á



því að vera á verði gagnvart fjölpáttáónum sem kunna að ógna aðfangakeðjum Norðurlandanna.

#### Samræma framtíðarverkefni

Í yfirlýsingunni, sem kennd er við Karlstad, er einnig fjallað um þörfina á að samræma framtíðarverkefni og fyrri samstarfsverkefni um viðbúnaðarmál og hún byggir m.a. á Hagayfirlýsingunum tveimur frá 2009 og 2013 og yfirlýsingunni norrænu samstarfsráðherranna um samstarf á krísutímum frá 2022. /sá

KJÖRBÚÐIN

# 1.500 uppáhalds vörurnar ykkar á besta verðinu!

Finndu grænu punktana!

Við bjóðum 1.500 söluhæstu vörurnar okkar á lágvöruverði og höfum nú merkt þær með grænum punktum í verslunum okkar.

Þú getur treyst því að vara merkt grænum punkti sé alltaf á sambærilegu verði og í lágvöruverslunum.

# Ákvað í leikskóla að verða dýralæknir þegar hún yrði stór

– Sóley Erna Sigurgeirs dóttir er nýútskrifaður dýralæknir



Magnús Hlynur  
Hreiðarsson  
magnushlynur@gmail.com

Haustið 2020, í heimsfaraldri, flutti Sóley Erna Sigurgeirs dóttir til ókunnugs lands með það að markmiði að láta draum sinn verða að veruleika. Hún útskrifaðist nýlega úr dýralæknanámi frá Slóvakíu.

Sóley fæddist á Selfossi en flutti fjögurra ára gömul í Reykholt í Biskupstungum þar sem hún ólst upp. Hún var mikil í sveit hjá ömmu og afu sínum í Fellskoti sem barn. Sem unglungur vann hún á Kaffi Mika í Reykholti og þegar hún flutti á Selfoss vann hún fjögur sumur í hestavörusluninni Baldvin og Þorvaldur. Síðustu fjögur sumur hefur hún svo unnið í Vínþúðinni á Flúðum. Sóley lauk námi við Fjölbautaskóla Suðurlands vorið 2017 af náttúrufræðilínu og í framhaldi af því fór hún í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvannayri og útskrifaðist þaðan með BSc-gráðu í búvisindum vorið 2020 og tók þá stefnuna til Slóvakíu.

## Fjölskylduhagir

Foreldrar Sóleyjar Ernu eru þau Sigurgeir Kristmannsson smiður og Sigurlína Kristinsdóttir, framhaldsskólakennari og myndlistarkona. Hún á tvö systkini, eldri systir hennar heitir Katrín Rut og stundar nám við HÍ í menntun framhaldsskólakennara ásamt því að starfa sem kennari. Hún á líka tvíburabréður, Kristin Sölva, sem er fjármálastjóri Kóða og Keldunnar.

„Ég kynntist unnusta mínum, Ísaki Jökulssyni, á Hvannayri fyrir að verða sjó árum. Hann er bóni á bænum Ósabakka í Skeiða- og Gnúpverjahreppi,“ segir Sóley Erna, aðspurð um fjölskylduhagi sína.



Hrossi gefið ormalyf af Sóley Erna.



Sóley Erna Sigurgeirs dóttir, komin með útskriftarplaggið í hendurnar úr dýralæknunganáminu í Slóvakíu. Myndir / Aðsendar

## Fótbrotin önd í leikskólanum

Þegar Sóley Erna er spurð hvað hafi orðið til þess að hún vildi verða dýralæknir var hún fljót til svars. „Fyrstu minninguna af þeiri ákvörðun á ég þegar ég var fjögurra ára. Ég man eftir að hafa verið í leikskólanum með andarbangsa að vefsí hann í grisjur. Leikskólastýran spurði mig hvort ég væri að búa til mímúnu en ég svaraði hátt og snjallt að þessi önd væri fótbrotin og ég væri að lækna hana því ég ætlaði að verða dýralæknir. Foreldrar míni munu ekki nákvæmlega hvenær þessi dýrkun mín hófst, það var eflaust um þetta leyti, en ég gleymi aldrei andarbangsanum á leikskólanum í Reykholti,“ segir hún hlæjandi. Í raun hafi enginn annar starfsvetvængur komið til greina. „Ég veit ekki hvað kallaði mig svona unga í þessa átt en ég hef aldrei efast valið. Ahuginn hefur bara aukist með aldrinum,“ segir Sóley Erna.

## Fjögurra ára nám í Slóvakíu

Sóley Erna ákvað að sækja nám sitt í

Slóvakíu. „Ég ætlaði alltaf að fara til Danmerkur eða Noregs í þetta nám. Þegar kom á daginn var ég ekki tilbúin að flytja utan svona ung. Eg var 19 ára og hafði hvergi annars staðar búið en í foreldrahúsum og mér fannst það heldur stórt skref að fyrsti staðurinn þar sem ég byggi ein yrði í öðru landi. Það sumar vann ég í Baldvini og Þorvaldi með Tönju Rún Jóhannsdóttur, sem var þá nýbúin að komast inn í dýralæknaháskóla. Hún sagði mér frá braut í Dýralæknaháskólanum í Slóvakíu, sem tæki inn fólk með BSc-gráður, mæti það grunnnám sem það var með og útskrifaði af braut sem tók fjögur ár. Dýralæknanám er almennt sex ár, með þessari leið þá tæki ég grunn á þremur árum á Íslandi og svo fjögur ár í dýralækninum,“ segir Sóley Erna.

Sóley Erna segir að Tanja hafi stappað í sig stálum og hjálpað henni heilmikið með þessa ákvörðun og verði hún henni alltaf mjög þakklat fyrir það. „Ég sötti um í University of Veterinary Medicine and Pharmacy í Košice í mars 2020 og fékk innögöngu í júní sama ár. Ég var mjög heppin að vera ekki að fara ein en tvær vinkonur mínar sem ég kynntist á Hvannayri komu með mér á sömu braut. Námið fór fram með bæði verklegri og bóllegri kennslu. Fyrstu tvö árin voru mjög áfangaþung og það var erfitt að ná í skottið á sjálfsí sér hvað varðar heimalesturinn, en svo var ég í aðeins færri áföngum síðari tvö árin og var þá í raun orðin færari við að lera,“ segir Sóley Erna.

## Skemmtileg og falleg borg

Hún segist hafa verið mjög heppin með Íslendingasamfélögum í skólanum. Þannig fékk hún margt gefins eða keypt ódýrt af bókum og öðru fyrir námið.

„Ein vinkona míni redðaði mér og bekjkarsystur minni líka íbúð, sem var í fimm mínútna göngufjarlægð frá skólanum og næstu búð og tuttugu mínútuna fjarlægð frá miðbænum. Borgin Košice er skemmtileg og falleg, þá sérstaklega miðbærinn. Slóvakia og Island eiga það sameiginlegt að hafa mikil af



Sóley Erna lengst til hægri, ásamt Sigurlínu, mömmu sinni, Katrín Rut, systur sinni og Kristni Sölva, tvíburabréður sínum. Myndin var tekin á útskriftardegi Sóleyjar úr Fjölbautaskóla Suðurlands.



Sóley Erna segir að einn af bestum tínum ársins sé réttir á haustin. Hér er hún með Stasiú sinni en það er fyrsta gimbrin sem hún eignaðist.



Isak og Sóley Erna útskrifuðust frá Hvannayri vorið 2020 og búu nú saman á Ósabakka í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, ástfangin upp fyrir haus.

náttúruperlum sem gaman er að skoða. Minn mesta eftirsjá er að hafa ekki ferðast meira um landið,“ segir Sóley Erna. Auk hennar voru fimm aðrir Íslendingar að útskrifast úr skólanum enda nýtur skólinn mikilla vinsælda en Sóleyju reiknast til að á þriðja tug Íslendinga nemi við skólanum.

## Ahuginn liggr hjá stórgripum

Námið var krefjandi enda sex ára lærdómi þar þjappað í fjögur ár.

„Ég fór á alþjóðlega braut sem var kennd á ensku. Nánast hver einasti áfangi sem ég tók var með einn verklegan tíma og einn boklegan tíma á viku. Verklegu tímarnir voru alls konar, til dæmis að búa til jógúrt, tilraunir inni á rannsóknarstofu, hinarr ymsu krufningar, sníkjudýratímar, ómskoðanir og skurðlaekningar svo fátt eitt sé nefnt. Bóklegi parturinn fór að miklu leyti fram á netinu þegar ég var þarna, enda hóf ég námið í miðjum Covid-faraldri. Við fórum líka í skólaferðalög innan Slóvakíu í sláthúr, kjöttvinnslur og á skólasveitabæina,“ segir Sóley Erna sem hafði mest gaman af því að æfa sig við skurðaðgerðir.

„Áhugi minn liggr samt að mestu hjá stórgripunum og hafði ég því mjög gaman af öllum slíkum, hvort sem það var hestatími, jórturdýratími eða svínatími. Það var mjög krefjandi að stærsti hluti prófanna voru munnglegr próf en ég hafði nánast bara tekið skrifleg próf fyrir. Það var líka erfitt á tínum að vera frá fjölskyldunni allri. Alls konar viðburðir sem ég missti af eins og stórafæli og skírnir. Það var líka erfitt að vera frá unnusta mínum og sveitinni til lengri tíma,“ bætir Sóley Erna við.

Sóley Erna segist ekki geta hætt að brosa eftir að hún útskrifaðist um síðustu mánaðamót. „Bað eru nokkrir hlutir sem án efa standa upp úr. Ég hef fengið að taka blöðprufru frá þó nokkrum dýrum. Á þeim lista eru m.a. dúfur, hænur, dáðýr og 150 gramma fiskur. Hef líka fengið að gefa lyf í vöðva á eðlu, skjaldbökum og snáki. Svo hef ég fengið að fylgjast með fullt af aðgerðum á mismunandi dýrum, fékk að sjá m.a. magaspeglun á fálka. Ég fékk líka að skjóta af riffla hlöðnum deyfiefni

og blásturspípu hlaðinni deyfilyfi svo eitthvað sé nefnt.“ Nú tekur við kærkomið sumarfrí hjá Sóleyju Ernu en eftir það hefur hún störf sem stórgripadýralæknir á Suðurlandi. „Ég er ekki með sérhæfingu núna, skólinn minn leggur frekar upp úr því að við séum jafnvíg í öllu. Ég hef samt áhuga á því að sækja mér einhverja sérþekkingu á næstu árum,“ segir hún.

## Dýrakona og sveitattúta

Sóley Erna segir að hún sé og hafi alltaf verið mikil dýrakona og sveitattúta. „Ég ólst upp í kringum hross og við áttum alltaf ketti og um tíma átti ég páfagauka. Mamma kenndi mér og systkinum mínum að sitja hest þegar við vorum krakkar. Við systkinin vorum dugleg að taka þátt í hestamótum og reiðnámskeiðum. Ég er líka mikil kattakona, á tvær læðor, þær Jósefinu og Snúllu. Svo er á planinu að uppfylla næsta barneskudraum, að eignast hund,“ segir dýralæknirinn brosandí.

Sóley Erna segist hafa verið heppnasta manneskja í heimi að hafa kynnt Ísaki sínum á Ósabakka þegar hún nam á Hvannayri. Ísak sé góður maður og mikill dýrakarl sem þykir einstaklega vænt um kýrnar sinar. „Hann hefur kennt mér mikil, sem maður hreinlega lærir ekki nema að hafa búa í sveit. Hann hugsar alltaf til míni þegar það þarf að gefa lyf, ef það þarf að hjálpa kú að bera og líka ef hann finnur eitthvað áhugavert í fjósinu. Tengdapabbi minn, hann Jökull, hefur tekið mér opnum örnum og gefið mér tvær gimbrar. Hann gaf mér líka meri í útskriftargjöf þegar ég útskrifaðist frá Hvannayri,“ segir Sóley Erna.

Hún segist sjá sig búsetta á Ósabakka í framtíðinni.

„Ég verð bún að sérhæfa mig og ég verð að vinna við draumastarfið mitt. Ísak og bróðir hans, Logi Jökulsson, verða búin að taka við búin og mögulega komin ný fósbygging með mjaltajóni. Við verðum búin að koma okkur vel fyrir á Ósabakka með fjölskyldu ásamt öllum dýrunum okkar. Framtíðin er björt,“ segir hún og hlær.

**Eigum til á lager!**

**U-SAFE -**

**Vandaða fjarstýrða bjarghringi.**

**Svansson ehf. Melabraud 19**  
**220 Hafnarfirði**

**S: 697-4900 e-mail: sala@svansson.is**

## Ég vil bara vera sprækur

Einar Bárðarson



Einar Bárðarson var farinn að finna fyrir verkjum í hnjam við áreynslu, til dæmis begar hann gekk upp tröppur. Hann segir að Active JOINTS hafi hjálpað sér frá fyrsta degi og hann hafi því mikla trú á virkni bess.

„Fyrir um einu og hálfu ári las ég grein þar sem Hartmann reiðhjólamaður mælti með Active JOINTS frá Eylif sem bætiefni fyrir liðina. Ég ákvað að prófa og fann mjög fljótt mikinn mun þannig að ég gæti að því að taka það inn daglega. Ef ég var kærulaus og gleymdi að taka Active JOINTS í nokkra daga fann ég mun á mér til verri vegar og passa því að sleppa ekki degi úr,“ útskýrir Einar.

„Ég fann fyrir sting undir hnéskelinni í tröppum og begar ég reyndi á mig. Petta er ekkert alvarlegt en ef maður finnur til veigrar maður sér við að gera ýmislegt sem annars er auðvelt. Ég vil vera sprækur eins og ég á að mér að vera,“ segir hann en Einar er þekktur fyrir að koma ýmsu í verk og er athafnasamur.

### Skiptir máli að varan sé íslensk

Einar segir að vissulega skipti það miklu máli að varan sé að öllu leyti íslensk. „Ég treysti íslenskum náttúrvörum vel og finnst óþarfi að flækja hlutina ef það er hægt að fá góða vöru sem er framleidd hér heima,“ segir hann.

Eftir þá góðu reynslu sem hann hafði af Active JOINTS ákvað hann að prófa líka Happier GUTS frá Eylif sem er sérhönnuð íslensk vara gerð til að styrkja meltingarkerfið. „Það var sama með Happier GUTS, ég fann fljótt bætta líðan. Betri melting sem skilar sér í allar áttir í kroppnum. Þannig að ég hef tekið Happier GUTS nánast óslitið síðan ég kynntist vörunni. Ég get mælt með Active JOINTS og Happier GUTS frá Eylif þar sem þær vörur hafa reynst mér vel,“ segir hann.

Einar er önnum kafinn maður með ýmislegt á prjónunum. Til dæmis heldur hann úti vinsælum hlaðvarpsþáttum, Einmitt, sem hafa verið í loftinu frá árinu 2022. „Ég nýt þess að eiga samtölvi fölk sem ég hef mætur á og vil jafnvel kynna betur, ekki er verra að geta síðan deilt því áfram og framleitt þætti sem fólk hefur gaman af að hlusta á. Pað er bara frábært,“ segir hann. „Viðökurnar hafa farið fram úr öllum væntingum og mér hefur þótt rosalega vænt um það.“

### Hengill Ultra Trail hlaupakeppnин

Fram undan er landsmót utanvegahlaupara sem nefnist Hengill Ultra Trail en Eylif er einmitt styrktaraðili hlaupsins. „Ég kom inn í þetta verkefni árið 2017 en á stuttum tíma hefur það sprungið út þrátt fyrir Covid og alls kyns uppákomur. Keppendur í ár verða um það bil 1.500, bæði innlendir og erlendir, þar á meðal eru um 150 erlendir hlauparar frá þrjátíu löndum. Hveragerði mun því breytast í alþjóðlega hlaupaborg yfir helgina 7.-8. júní. Eylif mun færa keppendum í öllum greinum sem komast á pall verðlaunagjafir,“ greinir hann frá.

### Einar segist vel geta mælt með Active JOINTS fyrir alla hlaupara

„Ég hef heyrt ánægju með vöruna frá mörgum hlaupurum,“ segir hann. Þegar Einar er spurður hvort hann sé sjálfur duglegur að hreyfa sig, svarar hann: „Það fer nú eftir því hvern þú sprýr en líklegast er alltaf tækifæri til að gera betur.“

### Hlaupum bara af stað!

Og þá gerir maður einmitt það, segir Einar káturnar.



Hrein íslensk gæðahráefni, framleitt á Grenivík



EYLÍF  
www.eylif.is

## Mun halda mig við Active JOINTS í framtíðinni

Guðrún Sigríður Jakobsdóttir



Active JOINTS frá Eylif hefur reynst mér vel bæði fyrir liðina og sjónina

Guðrún Sigríður Jakobsdóttir kynntist Active JOINTS frá Eylif fyrir fjórum árum og mælir sérstaklega með því fyrir þá sem finna fyrir óþægindum í liðum. Sjálf var hún með stöðuga verki í hnjam sem komu í veg fyrir daglega hreyfingu.

Eftir að Guðrún byrjaði að taka Active JOINTS fór líðan hennar að breytast til betri vegar og hún segist ekki finna lengur fyrir óþægindum í liðum. „Mér leið ekki bara betur í hnjam heldur hafði Active JOINTS, svo ótrúlegt sem það hljómar, einnig áhrif á sjónina. Ég var að biða eftir augasteinaskiptum þar sem að ský hafði myndast á augasteinana. Svo merkilegt sem það er þá hvarf skyó og sjónin batnaði til muna eftir að ég byrjaði að taka Active JOINTS. Ég á enga aðra skýringu en að það sé fæðubótarefninu að þakka,“ segir Guðrún og bætir því við að hún hafi ekki lengur þörf fyrir augasteinaskipti og fari því ekki í aðgerðina.

### Góð áhrif á margan hátt

„Það má segja að ég finni fyrir alls konar líkamlegum áhrifum eftir að ég byrjaði að taka Active JOINTS og mun því halda því áfram. Til dæmis hefur það mjög góð áhrif á húðina, mér finnst ég ekki eins viðkvæm fyrir sólinni og fæ fallegan lit. Active JOINTS fylgir mér þess vegna í sólarferðir,“ segir hún og bætir við að hún hafi líka prófað Stronger BONES með góðum árangri.

Mér var upphaflega bent á að prófa Active JOINTS til að minnka þessi óþægindi sem ég var með í hnjam. Pað var full ástæða fyrir mig til að prófa og varð undrandi hversu fljótt ég fann mun á mér til hins betra. Ef ég hætti að taka Active JOINTS í smá tíma finn ég strax áhrif til verri vegar,“ útskýrir Guðrún.

Hún segist stundum hafa farið í fjallgöngur en eftir að hún fór að finna fyrir verkjum í hnjam hætti hún þeim. „Ég myndi treysta mér til að fara núna. Hef farið í góða göngutúra um Elliðaárdalinn án þess að finna til.“

### Mælir með Active JOINTS frá Eylif

Guðrún segir að það sé góður kostur að Active JOINTS sé unnið úr hreinum íslenskum náttúruefnum. „Ég hef verið dugleg að benda vinum mínum og ættingum á Active JOINTS og margin hafa prófað með góðum árangri. Bróðir minn sem er afar gagnrýnnir er til dæmis mjög jákvæður í garð Active JOINTS.“

Guðrún er komin á eftirlaunaaldur en hún starfaði sem bókari hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu Special Tours. Eiginmaðurinn er í golfi en Guðrún er í félagskap sem nefnist Business Professional Women, hún var gjaldkeri Evrópusamtakanna og hafa ferðalög fylgt því starfi. Guðrún nýtur þess að vera þáttakandi í samtökunum og hefur meiri tíma en áður til að vera virkur félagi.

Guðrún segist mæla með Active JOINTS frá Eylif af heilum hug fyrir alla þá sem finna fyrir einhvers konar liðóþægindum. „Ég get ekki annað en mælt með þessari vöru þar sem hún hefur gert mér gott,“ segir hún.

Eftir að ég byrjaði aftur að taka inn Active JOINTS þá tok það aðeins rúmlega viku þar til ég fór að finna aftur stóran mun á mér. Ég mun alveg pottþétt halda mér við Active JOINTS í framtíðinni.

### Úr hreinum íslenskum hráefnum

Vörulinan Eylif býður upp á fimm vörur, Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS og Stronger LIVER, allt vörur sem hafa reynst fólkvi vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukefnum er bætt við. Framleiðslan er á Grenivík með GMP gæðastaðli. „Vinsælara varan er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra,“ segir Ólöf Rún Tryggvadóttir, stofnandi Eylif.



Active JOINTS frá Eylif fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsini, Fjarðarkaupum, Krónunni, Nettó. Allar nánari upplýsingar eru á [eylif.is](http://eylif.is) og bjóðum við upp á fríu sendingu með Dropped ef keypt er fyrir 7.000 kr. eða meira.

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreyttu fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn nái ekki til.

# Tilþrif á Landsmóti

Enginn skortur var á glæsilegum tilþrifum stólpafáka sem komu fram í gæðingakeppni Landsmótshestamanna á dögnum.

Í fyrsta sinn í sögu mótsins sigraði hryssa A-flokk gæðinga en Álfamær frá Prestsbæ og Árni Björn Pálsson fognuðu ákast sigri eftir jafna keppni. Feðgar tóku tvo bikara með sér heim, en Sigurður Matthíasson á Safir frá Mosfellsbæ fagnaði sigri í B-flokki gæðinga og sonur hans, Matthías, sigraði ungmannaflokk á Tuma frá Jarðbrú eftir að hafa farið Krysuvíkurleiðina að sigri í gegnum B-úslit. Kvíkmyndastjarna frá Austurlandi, Ída Mekkín Hlynssdóttir, á Marín frá Lækjarbrekku 2

hampaði bikar unglings eftir afar skemmtilega og jafna keppni átta stulkna. Viktoría Huld Hannesdóttir á Þin frá Enni heillaði dómara og brekkuna þegar hún stóð uppi sem sigurvegari barna. Jakob Svavar Sigurðsson og Skarpur frá Kýrholti voru ótvíræðir sigurvegarar töltisins og Konráð Valur Sigurðsson varð þrefaldur sigurvegari skeiðgreina. Jón Arsæll Bergmann sigraði fimmgang að Hörpú frá Höskuldsstöðum, Gústaf Ásgeir Hinriksson hreppi fyrsta sæti í fjórgangi á Össu frá Miðhúsum og Asmundur Ernir Snorrason vann keppni í slaktaumatölti á Hlökk frá Strandarhöfða. Hér eru svipmyndir frá glæsilegri keppni Landsmótsins. /ghp



Ásmundur Ernir Snorrason hlaut reiðmennskuverðlaun FT. Hjá honum stendur Sylvíu Sigurbjörnsdóttir, formaður Félags tamningamanna.

Mynd / rrl



Álfamær frá Prestsbæ og Árni Björn Pálsson unnu lokagrein mótsins. Hjá þeim stendur eigandi gæðingshryssunnar, Anja Egger-Meier frá Sviss.

Mynd / ghp



Þeir höfdu ástæðu til að fagna, feðgarnir Matthías Sigurðsson og Sigurður Matthíasson, enda fóru þeir báðir heim með bikara.

Mynd / ghp



Átta stulkur tóku þátt í úrslitum unglingsflokk. Ída Mekkín Hlynssdóttir og Marín frá Lækjarbrekku stóðu uppi sem sigurvegarar.

Mynd / ghp



Viktoría Huld Hannesdóttir og Þinur frá Enni eiga einstakt samband. Þau sigrúðu í barnaflokk.

Mynd / ghp



Jakob Svavar Sigurðsson og Skarpur frá Kýrholti topptuðu á réttum tíma í tölti með einkunnina 9,39.

Mynd / rrl

**VORUM AÐ FÁ STÓRA  
SENDINGU AF**

**solo**  
by AL-KO

Sláttutraktorar  
Slátturóbótar  
Sláttuorf  
Sláttuvélar  
Hekkklippur  
Keðjusagir



**MARGAR STÆRÐIR  
OG GERÐIR!**

**AFLVÉLAR**



**TRAUSTUR SAMSTARFSÁDILI**

Garðabæ | Akureyri | Selfossi  
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Dómarar mótsins þurftu örugglega sinn skerf af kaffi.

Mynd / rrl



Föngulegur hópur peysufataklæddra kvenna úr hestamannafélaginu Fáki sáu um að veita keppendum verðlaunagripi.

Mynd / ghp

# BYGGT FYRIR ÍSLENSKA NÁTTÚRU

Steinullareiningar eru frábært  
byggingarefni fyrir skemmur,  
geymslur og fjós



- Steinullareiningar henta í útveggi, þök og milliveggi.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar fyrir byggingafulltrúa.
- Fljótleg uppsetning með stöðluðum lausnum.

**Hafðu samband og kynntu þér úrvalið.**

Hrossarækt:

# Hestamennska gefur lífinu lit



Guðrún Hulda Pálsdóttir  
gudrunhulda@bondi.is

Það gustaði um hross kennd við Vöðla í Rangárþingi ytra á Landsmóti hestamanna.

Sex hross úr ræktun þeirra Margeirs Þorgeirssonar og Ástríðar Lilju Guðjónsdóttur komu fram í ýmsum flokkum. Þar á meðal voru fjórir gæðingar undan heiðursverðlaunahryssu þeirra hjóna, Nött frá Oddsstöðum I.

Ræktunarsaga hjónanna hófst árið 1996. „Við eignumst Njólu frá Oddsstöðum undir Fáfni frá Laugarvatni og Nött frá Oddsstöðum og er hún grunnurinn að allri okkar ræktun. Fyrstu tvær dætur hennar, Dimma og Nött, fóru beint í fyrstu verðlaun og við enduðum með fjórar merar undan henni sem leggja því grunninn að okkar ræktun.“

Afkomendur Nöttar eru orðin 82 talsins og af þeim hafa átján hlutið fyrstu verðlaun í kynbótadómi.

## Einnar merar ræktun

Þetta er því einnar merar ræktun segir Ástríður. Nött er fædd árið 1997 og er orðin 27 vetrar. Hún hlaut sinn hæsta kynbótadóm árið 2003, þá 8,44 í aðaleinkunn, þar á meðal einkunnina 9,5 fyrir skeið. Hún keppti með Olil Amble í A-flokki gæðinga á Landsmóti árið 2006 og tók þá þátt í B-úrlitum og endaði í fimmsta sæti. Elva Björk, dóttir Margeirs og Ástríðar, tók svo þátt í Íslandsmóti yngri flokka það sama ár á Nött og sigraði þá keppni í gæðingaskeiði og var í öðru sæti í fimmgangi.

Nött hefur eignast ellefu afkvæmi og voru fjórir synir hennar á Landsmóti í ár. Sá yngsti, Svartur, undan Kveik frá Stangarlæk, var sýndur í fjögurra vетra flokki stóðhesta og varð hann í 5. sæti með 8,22 í aðaleinkunn. Gauti, undan Glæð frá Prestbakka, var sýndur í flokki sex vетra stóðhesta og hlaut þar 8,52 í aðaleinkunn.



Fjórir synir undan Nött frá Oddsstöðum I ásamt ræktendum sínum. Margeir Þorgeirsson heldur í Gauta. Snædis Þorgeirs dóttir situr Njörð. Ástríður Lilja Guðjónsdóttir stendur við Svart, sem Jóhann Kristinn Ragnarsson heldur í. Herdís Björg Jóhannsdóttir heldur í Skorra.

Mynd / ghp

Snædis Þorgeirs dóttir, tú ára gömul sonardóttir hjónanna, keppti í barnaflokk á Nirði, undan Natan frá Ketilsstöðum og Herdís Björg Jóhannsdóttir keppti á Stálasyninum Skorra í fimmgangi.

## Sameinandi lífsstíll

Margeir og Ástríður fóru út í hrossaraðt fyrir fjölskylduna. „Við ætluðum að ræcta keppnishross. Við eignum fjögur börn og þau eru með misjafnar skoðanir og vildu hvert sína týpuna af hestum. Sum vildu góða fjörgangshesta á hringvelli en

aðrir hesta sem skeiðuðu hratt,“ segir Ástríður.

Hestamennskan og hrossaraðtin er því sannkallaður fjölskyldulífsstíll, því nú hafa tú barnabörn bæst í hópinn og hafa þau erft áhugann. Ástríður segir þennan fjölskyldulífsstíl sameinandi. „Við getum öll talað saman um hlutina, það er svo mikilvægt að geta átt skemmtilegar samræður við barnabörnin.“ Margeir bætir því einnig við að fjölbreytileiki innan hestamennskunnar verði til þess að allir fjölskyldumeðlimir geti verið með og notið.

„Hvort sem það er að keppa, vera í hestaferðum eða rækta, svo ekki sé talað um alla útiveruna. Þetta gefur lífinu lit.“

## Skiptir máli að börn fái hross við hæfi

„Það skiptir mestu máli fyrir foreldra barna sem hafa áhuga á hestum að útvega þeim hross sem þau geta riðið og maður getur treyst,“ bendir Ástríður á.

Undir það tekur Margeir. „Börn verða að fá hesta sem eru passlega stórr númer fyrir þau. Síðar geta þau svo fært sig á meira krefjandi hross. Meginmálið er að börnini verði ekki hrædd.“

Þau segjast því hafa verið einstaklega heppin að hafa getað útvegað fjölskyldu sinni góð hross í gegnum ræktun út af Nött. „Hrossin eru léttbyggð og svakalega geðgóð. Í þeim býr mikil ganghaefni og þau eru alltaf traustsins verð,“ segir Ástríður.

Hjónin halda að jafnaði um þremur hryssum en hafa þó þá reglu að hrossaðeignin fari aldrei yfir þrjátíu hross. „Við erum með þrjátíu hrossa kvóta. Ef þau verða fleiri þá seljum við eithvað. Okkur finnst bara nóg að hugsa um þrjátíu hross,“ segir Margeir.

## Landsmót eru toppurinn

Landsmót hestamanna eru mikil uppskeruhátið fyrir hrossaraðtendur og hafa þau hjón tekið þátt í þeim ófáum. „Ég reyni alltaf að fara með fulla kerru á Landsmót, þó ég tilgreini syosem aldrei hversu stórr kerran er. Ég hef til dæmis útvegað mér eins hesta kerru og fyllt hana,“ segir Margeir hlæjandi. Landsmótis Þorgeirssonar á Melgerðismelum árið 1998 er honum eftirminnilegt. „Þá sigraði dóttir okkar, Elva Björk, barnaflokkinn á hestí sem við tömdum frá grunni. Sonur okkar var þá einnig í 5. sæti í 250 metra skeiði.“

## Rafhlöðuknúin sláttuvél frá SKIL á frábæru verði

40V PWRCORE40 2x2.0Ah rafhlæða,  
Kolalaus mótor,  
32 cm sláttubreidd,  
35 lítra poki,  
sláttuhæð 25-75 mm (6 stillingar)

**Verð 49.569**



[verkfæralausnir.is](http://verkfæralausnir.is)



**VERKFÆRA  
LAUSNIR**

Skútuvogi 1E - Opið mánudaga-fimmtudaga 8:00-18:00 og laugardaga 11:00-15:00



Margeir situr hér á Nött árið 2007 áður en hún fór í folaldseign. Mynd / Einkasafn

**Bændablaðið kemur næst út  
15. ágúst**



Guðbrandur Stíður Ágústsson hrossaræktandi (t.v.) ásamt þremur afkvæmum undan Álöfum frá Ketilsstöðum. Hann stendur hjá Stardal en í hann heldur Benjamin Sandur Ingólfsson. Í miðjunni standa Stormur og Mara Dieckmann. Sá blesotti er Steinar sem Flosi Ólafsson heldur í ásamt Brynhildi Arthúrsdóttur.

Mynd / Óðinn Örn



Álöf frá Ketilsstöðum á Landsmóti í Reykjavík árið 2012. Knapi er Bergur Jónsson.

Mynd / Einkasafn

# Farsæll áhugaræktandi

– Smiðir fengu gæðinga að launum

**Þrír synir undan heiðursverðlaunahryssuni Álöfu frá Ketilsstöðum komu fram á Landsmóti hestamanna. Þrátt fyrir að fara lítið á hestbak á hrossarækt hug og hjarta Guðbrands Stígs Ágústssonar.**

Álöf frá Ketilsstöðum var þriggja vetra gömul þegar Olil Amble og Bergur Jónsson, á Syðri-Gagnishólum, buðu Guðbrandi Stígi að eignast merina. Hann, sem hafði þá unnið í auglysinga- og markaðsmálum fyrir hrossaræktendurna, þáði boðið. Álöf er undan Álfí frá Selfossi og Hefð frá Ketilsstöðum.

„Álfadís, módir Álfs, er magnaðasta meri allra tíma. Ketilsstádhrossin eru langræktuð, myndarleg og kraftmikil hross. Þegar maður gat sameinað þetta tvennt í eina meri hafði ég trú á að úr því

gæti orðið eitthvað gott, og svo varð raunin,“ segir Guðbrandur Stíður.

Hann fer þó sjálfur lítið á bak og byrjaði seint í hestamennsku. „Konan mínn, Brynhildur Arthúrsdóttir frá Syðri-Vík í Vopnafirði, er mikil hestakona og dró mig inn í lífsstílinn. Ég er ekki mikill reiðmaður en hef ofsalega gaman af ræktunarhlutanum, þar liggar mitt áugasvið. Á meðan vinir mínr eru úti á golfvelli þá er ég að smiglast í hestunum. Mér finnst svo skemmtilegt að para saman einstaklinga og sjá hvernig það kemur út. Svo þegar vel gengur þá fer maður svoltið með himinskautum.“

Álöf hlaut fyrstu verðlaun í kynbótadómi þegar hún var sýnd á Landsmóti hestamanna árið 2012 og fór svo í folaldseign. „Ég hef reynt að vanda mig vel og velja góða hesta með henni. Ég reyni að horfa til þess að hafa heillast af viðkomandi

hesti í reið. Svo horfir maður á kynbótamatíð og leitar ráða hjá sér reyndari mönum.“

Guðbrandur segist auch þess hafa verið heppinn með tamningafólk sem fylgir hrossunum eftir.

## Afkvæmi kennd við Stíghús

Álöf hefur nú átt tíu afkvæmi, þrjár hryssur og sjó hesta og hlaut hún heiðursverðlaun fyrir afkvæmi árið 2022. Afkvæmin eru kennd við Stíghús og hafa sex þeirra hlutið kynbótadómu.

„Þetta eru meira og minna allt gæðingar. Þetta er einstök meri sem gefur ofsalega traust geðslag og góðar gangtegundir. Hún hefur reyndar átt of mikið af hestum, heldur minna af merum, en það er svona,“ segir Guðbrandur Stíður en uppskeran er þó drjúg. Fjórir

synir Álafar voru með þátttökurétt á Landsmóti hestamanna, tveir í kynbótasýningum og tveir í keppnisgreinum.

Steinar, undan Hrannari frá Flugumýri, kepti í fimmgangi og slakataumatölti. Knapi hans er Flosi Ólafsson. Stormur, undan Arði frá Brautaholti, var svo hestur Möru Dieckmann í ungmannaflokki. Guðbrandur Stíður segir þá báða vera flotta keppnishesta en hann létt þá báða fyrir nokkrum árum. „Tveir vinir minir úr Skagafirði, smiðirnir Sæmundur og Hannes, hjálpuðu mér við að klára hesthusið mitt upp í Almannadal. Í staðinn opnaði ég gullkistu Stíghúss og þeir fengu að gramsa og velja sér hross fyrir vikið. Þeir völdu Storm og Steinar og ég hef alltaf sagt við þá eftir að þeir hafi aldrei nokkurn tímamann verið á eins góðu kaupi og munu aldrei vera,“ segir Guðbrandur Stíður og hlær.

## Bræður og framtíðin

Stóðhesturinn Stardal, undan Álfarni frá Syðri-Gagnishólum, var svo sýndur í elsta flokki stóðhesta.

Hann hlaut einkunnina 8,49 en knapi hans var Benjamín Sandur Ólafsson.

Krúnudjásn í ræktun Guðbrands Stígs, brúnskjótti stóðhesturinn Stein, átti svo að koma fram í flokki 6 vetrar stóðhesta. Hann slasaðist hins vegar eftir kynbótasýningu í vor og þurfti að gangast undir aðgerð og kom því miður ekki fram. „Steinn er gríðarlega flottur klárhestur með tíu fyrir brokk og 9,03 í einkunn fyrir haefileika án skeiðs,“ segir ræktandinn.

Á Landsmóti hestamanna gefst áhorfendum tækifæri á að sjá bestu hross landsins á fáeinum dögum. Þetta er því gósentíð hrossaræktandans og örugglega úr vöndu að ráða þegar velja á stóðhest með góðu heiðursverðlaunamerinni sinni.

„Ég fór með Álöfu til Vökuls frá Efri-Brú í vor í þeiri von að eignast alsystkini Steins. En ef hún er ekki fylfull þá er ég mikið að spá í Hróð frá Skipaskaga. Það er hrikalega flottur gæðingur sem Jón og Sigurveig vinir minir eiga,“ segir Guðbrandur Stíður. /ghp



Aþena frá Þjóðolfshaga 1 er undan Skýr frá Skálakoti.

Mynd / Óðinn Örn

## Gæðingafeður og mæður

Skýr frá Skálakoti átti flest afkvæmi á Landsmóti hestamanna í ár, 31 talsins.

Fimmtán afkvæmi stóðhestins tóku þátt í keppnishluta mótsins, þar með talinn töltmeistarinn Skarpur frá Kýrholti og sextán afkvæmi hans áttu þátttökurétt í kynbótasýningu. Þar á meðal var Arney frá Ytra-Álandi sem var efst 5 vetrar hryssna og Aþena frá Þjóðolfshaga sem hlaut hæstu einkunn fyrir kosti á mótinu, 9,06. Skýr hlaut heiðursverðlaun fyrir afkvæmi árið 2020.

Annar heiðursverðlauna- stóðhestur, Spuni frá Vesturkoti, átti næstflest afkvæmi á Landsmótinu, tuttugu talsins. Fjórtán þeirra spreyttu sig á keppnisvellinum. Þrjú afkvæmi hans voru t.a.m. í úrslitum A-floks, sigurvegarinn Álfamær frá Prestsbæ, Atlas frá Hjallanesi og



## Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttningar að þínum þörfum

 **FRÍFORM**  
2000 - 2024

Sumaropnun:  
Mán. – Föst. 10–17  
Laugardaga LOKAÐ

Fríform ehf.  
Askalind 3,  
201 Kópavogur.  
562-1500  
Friform.is.

Landsmót hestamanna:

# Árangurinn kom á óvart

– Systkini á verðlaunapalli



Fjölskyldan í Strandarhjáleigu fóru klyfjuð verðlaunagripum frá Landsmóti. Elvar Þormarsson situr Pensil frá Hvolsvelli. Elmar Elvarsson á Sölkum frá Hólaleiði, sem urðu í öðru sæti í barnaflokki, og Eik Elvarsdóttir á Blæ frá Prestsbakka, sem höfnuðu þriðju í unglingsflokki. Móðirin Hulda Dóra stendur stolt hjá þeim.

Mynd / hf

Fjölskyldan í Strandarhjáleigu í Rangárþingi eystra átti góðu gengi að fagna á nýafloknum Landsmóti.

Systkinin Eik og Elimar Elvarsbörn voru bæði í A-úrslitum í sínum flokkum og faðir þeirra, Elvar Þormarsson, var einnig að keppa á mótinu og reið A-úrslit í fimmgangi og B-flokki á sunnudeginum. Það var því í mörg horn að líta og óhætt að segja að spennustigið hafi verið hátt þann daginn.

Þau Elimar og Eik hafa verið í kringum hross allt sitt líf enda kominn úr mikilli hestafjölskylda. Bæði byrjuðu þau snemma að riða út og fara í hestaferðir og hafa undanfarin ár bætt við keppninni og staðið sig vel.

Elimar mætti með sex vetrar hryssuna Sölkum frá Hólaleiði í barnaflokkinn á Landsmóti. Voru þau efst eftir sérstaka forkeppni, í þriðja sæti eftir milliriðla og nældu sér síðan í silfrið í A-úrslitunum.

„Salka er mjög góð og hefur verið það frá því hún var bara trippi. Við erum búin að vera frekar stutt saman en það er búið að ganga mjög vel. Það er bara svo skemmtilegt á hestbaki og vera með skemmtilegum hestum,“ segir Elimar, sem er mjög ánægður

með árangurinn á mótinu en þau systkin eru sammála um að mótið hafi gengið framar björtstu vonum.

„Þetta er búið að vera voða mikil gleði og hamingja. Algjörlega ædislegur dagur,“ bætir systir hans við. Eik endaði í þriðja sæti í unglingsflokki á Blæ frá Prestsbakka sem er 17 vетra. „Hann er algjör meistari. Hann veit hvenær hann er að fara í keppni og er alltaf tilbúinn að gera allt. Hann er mjög flókinn en það er það sem gerir þetta mjög skemmtilegt. Hann er sá hestur sem hefur kennit mér mest.“

Þau systkinin hafa líka verið að æfa fótbalta með hestunum og segja þau fótboltagenin koma frá mömumu sinni, Huldu Dóru, og hestagenin frá pabba sínum. „Við erum mjög samheldin fjölskylda og hjálpumst mikið að. Það er búið að vera rosalega gaman á Landsmótinu og var alveg geggjað að ríða úrslitin. Að fá allt klappið frá áhorefndunum var frábært. Maður verður mjög stressaður þegar systkinin manns er að fara í brautina og hlustaði ég á útsendinguna frá RUV á meðan ég var að hita upp. Árangurinn kom okkur rosamikið á óvart svo við fórum heim mjög glöð,“ segja þau systkinin að lokum.

/hf

## Hundrað hesta setningaráthöfn

Setningaráthöfn Landsmóts hestasmanna er alla jafna hátíðleg.

Að þessu sinni tóku um hundrað hross og knapar þátt í hópreið með Áslaugu Örn Sigurbjörnsdóttur háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í broddi fylkingar. Hestamennirnir komu frá 46 hestamannafélögum, mörg langt að og var fagnað af mannfjölda í áhorfendabrekku Víðidalss. Mikill fjöldi barna og fáka þeirra tók þátt í viðburðinum.

Landsmót hestamanna var nú haldið í tuttugasta og fimmsta sinn en þetta er í fjórða skipti sem það fer fram í höfuðborginni. Það var fyrst haldið á Þingvöllum 1950.

Um 800 hross komu fram á mótinu í keppni, kynbótadómi og ræktunarþússýningum og hópreiðinni. Veðrið lék við keppendur og áhorfendur yfir helgina og var það mál manna að hátiðin hafi verið afar vel heppnuð að þessu sinni. /ghp



**Þú færð  
heyvinnuvélarnar frá  
Kubota hjá okkur**

PÓR

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500



# SUMARTILBOÐ

10% afsláttur af öllum garðhúsum  
og flest öllum gestahúsum sem eru til á lager



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m<sup>2</sup>



Nánari upplýsingar á  
heimasíðu okkar  
volundarhus.is  
og í síma 864-2400.

45% afsláttur  
af FLUTNINGI  
á allar  
þjónustustöðvar  
Flytjanda.

GESTAHÚS OG  
GARÐHÚS  
sérhönnuð fyrir  
íslenskar aðstæður

Sjá fleiri  
GESTAHÚS OG  
GARÐHÚS á tilboði  
á heimasíðunni  
volundarhus.is



Staðgreiðslu



GARÐHÚS 4,4 m<sup>2</sup>



GARÐHÚS 4,7 m<sup>2</sup>



GARÐHÚS 9,9 m<sup>2</sup> án gólf



GARÐHÚS 9,7 m<sup>2</sup>

[www.volundarhus.is](http://www.volundarhus.is)

# KYNNINGARTILBOÐ

Á FULLBÚNU HEILSÁRSHÚSI - MODEL LUND - 22,3 m<sup>2</sup>

Húsið er unnið úr umhverfisvænum efnum og hentar vel fyrir íslenskar aðstæður.



MODEL LUND 22,3 m<sup>2</sup>

Listaverð kr. 12.500.000 m/vsk

Tilboðsverð: kr. 10.500.000 m/vsk

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar  
og í síma 864 2400.



45% afsláttur  
af FLUTNINGI  
á allar  
þjónustustöðvar  
Flytjanda.

HEILSÁRSHÚSIN  
henta vel fyrir  
íslenskar aðstæður

Sjá fleiri  
HEILSÁRSHÚS  
á tilboði  
á heimasíðunni  
volundarhus.is



Staðgreiðslu



[www.volundarhus.is](http://www.volundarhus.is)

Sumar 2024:

# Gerum okkur dagamun

Nú er ekki seinna vænna en að fara að leggja línumnar fyrir sumarið og með það til hliðsjónar mun í næstu blöðum birtast yfirlit yfir helstu skemmtanir og hullumhæf hérleindis.

Hér til hliðar má sjá brot af því helsta sem er á döfinni í júlímánuði, fyrir þá sem vilja gera sér dagamun, en uppkomur næstu vikna verða á dagskrá í næstu blöðum. Hér er um auðugan garð að gresja og næsta vist að ekki komist allt á lista.

Hins vegar fyrir þá sem vilja koma á framfæri hvers konar skemmtunum, opnumum eða uppkomum, má hafa samband í gegnum netfangið sigrunpeturs@bondi.is og við reynum okkar besta til að koma því að.

**Alþjóðlega listahátiðin LungA** stendur ívikutíma á Seyðisfirði, frá 15.-21. júlí en hún leit fyrst dagsins ljós um aldamtón síðustu. Um ræðir hátið sköpunar, lista og menningar sem lýkur með sýningaráhaldi og tónleikum, en hátiðin hefur kitlað fólk langt út fyrir landstéina. Þema LungA í ár er Spirall/Hvirfill sem á að visa til sköpunargleði, vina- og stuðningsnets LungA yfir árin og mun hátiðin fagna LungA fjölskyldunni, vinum og fyrrum þáttakendum sem áætla að koma saman og fagna sögu hátiðarinnar.

**Hið árlega Ögurball** verður haldið í Ögri við Ísafjarðardjúp laugardaginn 20. júlí nk. en ballið hefur verið haldið óslitið síðan árið 1999. Ögurhátiðin byrjar með skötiveislu í hádeginu föstudaginn 19. júlí. Um kvöldið verður barsvar „pub quiz“ og á laugardagsmorgun verður söguganga um svæðið sem endar með messu í Ögurkirkju. Ögurballið sjálft fer svo fram um kvöldið í samkomuhúsinu í Ögri, þar sem hljómsveitin Fagranes spilar fyrir dansi. Aðgöngumiða fylgir tjaldsvæði, aðgangur að sveitaballinu frábæra og samkvæmt hefð verður boðið upp á heimagerðan rabarbaragraut með rjóma.

Guðrún Helga Haflidadóttir, ein af skipuleggjendum ballsins, segir gamla hefð að bjóða rabarbaragraut með rjóma á ballinu. Þegar ballið var haldið fyrst fyrir tærpi öld var fólk að koma alls staðar að úr Djúpinu, flestir sjóleidina og sumir riðandi eða gangandi. Svo var dansað til morguns, til að hjálpa gestum að skerpa athyglina fyrir heimferðina var tekið upp á því að bjóða upp á désætan rabarbaragraut með hnausþykkum rjóma.

**Verslunarmannahelgi okkar Íslendinga** hefur verið haldin ár hvert, helgina fyrir frídag verslunarmanna, síðan árið 1934. Fyrsta þjóðhátiðin var hins vegar haldin sumarið 1874 þegar Kristján konungur níundi heiðraði okkur með nærvetu sinni og færði Íslendingum stjórnarskrá sem sérstaklega fyrir yfir melefni landsins. Tilefnið var þó ekki einungis konungleg heimsókn heldur áttí byggðin 1000 ára afmæli. Voru hátiðahöld víðs vegar um landið en aðalhátiðin sett í Reykjavík 2. ágúst og á Þingvöllum þann 7. ágúst og þótti takast vel til.

Í ár, líkt og alltaf, verður svo mikil húllumhæf á landsvísu sem vel má njóta ef veður leyfir. /sp



Það er notaleg stemming hjá gestum Ögurballsins í Ísafjarðardjúpi.

Mynd / Aðsend



Myndlistarkonan og íslenska rappstjarna Dýrfinna Benita Basalan, eða Countess Malaise, gleður viðstadda á alþjóðlegu listahátiðinni LungA.

Mynd / Lukas Nói



Verslunarmannahelgin er einn stærsti viðburður hérlandis, haldinn árlega í bráðum heila öld. Hér hafa viðstaddir klæðst ruslapokum til þess að verjast úrhelli sem hreldi gesti hátiðarinnar Gauksins í Þjórsárdal árið 1983.

Mynd / timarit.is

## Þú færð garðverkfærin hjá okkur

PÓRF

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500

**PÓRF**

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500

QR code linking to Pórfirði services.

# Júlímánuður

## Önnur helgin, 12.-14. júlí

-Í Stókkishólmi, 12.-13. júlí fer fram tónlistarhátiðin Heima í Hólmi, en þá munu tónleikar fara fram í heimahúsum, heimagörðum eða á óvenjulegum stöðum. Fylgjist með á visitstókkisholmur.is.

-**Dagana 11.-14. júlí fer festivalið Kótilettan fram** á Selfossi, hönd í hönd við Stóru grillssýninguna. Stanslaust stuð, grill og gleði, miðasala á kótilettan.is. Rétt er að taka fram að uppselt hefur verið á hátiðina síðastliðin brjú ár og má ekki láta miðasoluna fram hjá sér fara sem fer einungis fram á kótilettan.is.

-**Sandara- og Rifsaragleði verður haldin 11.-14. júlí í Snæfellsbæ** - skemmtilegasta helgi ársins í þeim bænum. Grill, tónlistaratriði, íþróttir og allt þar á milli og allir velkomni.

-**Vopnaskak fer fram á Vopnafirði 12.-14. júlí.** Geta gestir notið Bustarfells-dagsins, litlaups, sáþurenibrautar, hoppkastala, dorgað svoltið og hlytt á vopnfirða tónlistarveislu svo eithvað sé nefnt.

-**Hríseyjarhátið fer fram dagana 12.-13. júlí** þar sem boðið er upp á fjölskylduvæna dagskrá sem felst m.a. í óvissuferðum um eyjuna, fjöruferð, leiktaeki, kvöldvök, varðeld og söng.

-**Flughátið „Alt sem flýgur“ - Skemmtileg fjölskylduhátið á Hellu dagana 12.-14. júlí.** Svæðið er ein samfeld flugsýning frá föstudagi til sunnudags og má skoða vélarnar, sitja við flugbrautina og fylgjast með alls konar loftförum á svæðinu leika listir sinar. Gestir eiga svo von á karamellurigningu á laugardeginum, grillveisu og kvöldvökú í kjölfarið.

-**Náttúrubarnahátið á Ströndum, dagana 12.-14. júlí** þar sem fjölskylduvæna útvistardagskrá gleður gesti. Allt frá náttúrujóga, brúðuleikhúsi, bogfimi, kajakferðum, ýmiss konar smiðjum, tónleikum með Gunna og Felix auk þess sem sagðar verða drauga- og tröllasögur í Sagnahúsini á laugardagsnóttina kl. 21.

-**Klifurhátið verður haldin á Seyðisfirði, 12.-14. júlí** en fengu aðstandendur hátiðarinnar styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands og hátiðin því eins konar uppskeruhátið. Formlega hefst hátiðin á föstudagseftirmiðdegi þegar safnast verður saman á tjaldsvæðinu í hjarta bæjarins. Um kvöldið verður farið í sánu í Sjóbaðsstofunni SAMAN og svo má stinga sér til sunds í sjónum. Kvöldvaka, brenna og huggulegheit verða í gangi en svo er bara að klifra!

## Þriðja helgin, 19.-21. júlí

-Húnavaka hefst miðvikudagskvöldi 17. júlí með Slagarasveitinni og Stjórnin og Emmsjé Gauti skemmta á laugardagskvöldinu. Þétt og fjölbreytt dagskrá verður um helgina og næsta víst að allir gestir geta fundið sér skemmtan við hæfi.

-**Alþjóðlega listahátiðin LungA** stendur ívikutíma á Seyðisfirði, frá 15.-21. júlí. Listasmiðjur, sýningar og magnaðir tónleikar eins og vani er.

-Sápuboltahelgi verður haldin á Ólafsfirði þann 19. júlí, mikil stuð fyrir alla.

-**Bryggjudagar í Langanesbyggð, Þórshöfn** verða haldnir og er von á miklu stuði þegar Hvannadalshreður trylla lýðinn.

-**Hið vinsæla Ögurball verður haldið í samkomuhúsinu í Ögri þann 20. júlí.**

-**Hlaupahátið Vestfjarða** verður haldin 18.-21. júlí en um ræðir sund-hjól-hlaup-brípraut sem gott er að skrá sig í sem fyrst á síðunní hlaupahatid.is.

-**Pann 20. júlí verður Bryggjuhátiðin á Drangnesi** haldin eftir nokkurn dvala.

-Stærsti matarvöldurður á Íslandi, **Götubithátiðin 2024** verður í Hljómskálagarðinum 19.-21. júlí. Á hátiðinni verða um 30 söluðilar, keppnin um Bestagötubita Íslands 2024, tónlist og leiktaeki og hoppkastalar fyrir yngri kynslóðina.

-**Sumar & bjórhátið LYST** fer fram í Lystigarðinum á Akureyri.

-Sumarhátiðin Kátt í Kjós fer fram að venju, nú þann 20. júlí.

## Fjórða helgin, 26.-28. júlí

-25.-28. júlí fara fram hinir sívinsælu Mærudagar á Húsavík en einnig verður haldið upp á 30 ára afmæli bæjarins.

-Tónlistarveislan Bræðslan er haldin á Borgarfirði Eystri dagana 22.-25. júlí, eitt hvað sem tónlistarunnendur mega ekki missa af.

-Hátiðin Eldur í Húnaþingi verður haldin þessa helgi og þétt dagskrá í boði.

-Reykholtsbátiðin, hátið sígildrar tónlistar, verður haldin 26.-28. júlí.

# Ágústmánuður

## Fyrsta helgin, 2.-4. ágúst

Mikið verður um að vera viða um land um verslunarmannahelgina og teljast helstu háfiðir hér upp.

-Ein með öllu og íslensku sumarleikarnir er fjölskylduhátið á Akureyri.

-Innipúkinn í Reykjavík – innihátið fyrir þá sem ekki nenna að skella sér í útilegu .

-Evrópumeistaramátið í Mýrarbolta – á Bolungarvík – Drullumallsboli af bestu gerð ásamt skemmtilegri dagskrá á kvöldin.

-Neistaflug – Fjölskylduhátið í Neskaupstað, tjaldmarkaður, skruðganga, strandblaksmót, flugeldasýning og brunaslöngubolti og margt fleira.

-Pjóðhátið í Eyjum, ein vinsælasta úthátiðin um verslunarmannahelgina.

-Norðanpönk Á Laugarbakka V-Húnnavatnssýslu – Árlægt ættarmótt pönkara.

-Flúðir um Versló – Furðubátakeppni, brenna og margt fleira.

-Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus íþróttar- og fjölskylduhátið þar sem keppt verður í hinum ýmsu íþróttareinum.

-Síldaráevintýri á Siglufirði er einstök fjölskylduhátið fyrir unga jafnt sem aldna.

-Sæladagar KFUK og KFUM – Vinsæl og vímulaus hátið við Eyrarvatn.

Kotmót Hvítasunnukirkjunnar, Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð er kristilegt mótt.

-Á Hraunborgum í Grímsnesi verður sundlaugarpárti, tónleikar, mínígolf o.fl.

-Kaffi Kjós í Hválfirði býður upp á markað, brekkusöng, veiðikeppni og fleira.

-Berjadagar eru árleg tónlistarhátið í Ólafsfirði.

## Önnur helgin, 9.-11. ágúst

-Bæjarhátiðin Sumar á Selfossi er haldin árlega aðra helgina í ágúst.

-Barna- og fjölskylduhátiðin Hamingjan við hafið verður í Þorláksbófhann 12. ágúst.

-**Gleðigangan, hápunktur Hinsegin daga** sem haldnir eru í Reykjavík er 6 daga hátið sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

-Listahátiðin **Act Alone** er haldin árlega aðra helgina í ágúst á Suðureyri.

## Slátturóbotar

- Víralaus og hælalaus
- Róbotar með sláttugetu frá 600 – 36000 m<sup>2</sup>
- Einföld uppsetning í appi
- Öllu stjórnað í gegnum “skýið”
- Gæðamerki með uppruna frá Þýskalandi

Enn meira úrval inn á [haverslun.is](http://haverslun.is)  
 Einnig alltaf heitt á könnunni í Víkurhvarfi 4



**Kress KR236E Mission Mega RTK**  
 – max 36000 m<sup>2</sup>, halli 22° aðeins 22kg



Ný kynslóð 60v rafmagnsverkfæra

## Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

### Þjónustuverkstæði og varahlutir



Husqvarna K970  
 Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K4000  
 Steinsög  
 Sögunardýpt 12,5 cm

Husqvarna Trowel  
 BG 245  
 Slipivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K770 14"  
 Steinsög/Hellusög  
 Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600  
 Vökvasög  
 Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna LF75  
 Jarðvegsþjappa  
 97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400  
 LV gólfsg  
 Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna K7000  
 Ring  
 Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna FS 500  
 E rafmagns gólfsg  
 Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230  
 Kjarnaborvél  
 150 mm Max



Husqvarna Rammer  
 Hoppari LT6005  
 230mm Plata, 69 kg



Husqvarna K7000  
 Pre Cut  
 Sögunardýpt 14,5 cm



Sjaldgæft er að þríkelfingar komi í heiminn en kálfarnir á Steindyrum eiga vonandi bjarta framtíð. Allt eru þetta kvígar.

Myndir / Aðsendar

Svarfaðardalur:

## Mugga bar þremur kvígum

Kýrin Mugga 985 frá bænum Steindyrum í Svarfaðardal í Dalvíkurbyggð bar þríkelfingum í lok júní.

„Burðurinn gekk ótrúlega vel, kálfarnir eru sprækir og mamma beirra líka. Nú er aðal höfuðverkurinn að finna nafn á alla kálfana en Úllen, Dúllen og Dóff gætu komið til greina,“ segir Gunnhildur Gylfadóttir kúabónið létt í bragði. Þetta var þriðji burður Mugga en faðir kálfanna er nautið Óðinn 21002. Mamma Mugga var tvíkelfingur og hétu þær systur Sí og Æ. Ábúendur á Steindyrum eru þau Gunnhildur og Hjálmar Herbertsson, sem eiga fjögur börn.

Mjólkurkýrnar á bænum eru um 65 talsins en á búinu eru líka kindur, geitur, hross og hænur svo eithvað sé nefnt.

/mhh



Mugga og kálfarnir hennar þrír.

## Sólarsellustyrkir

Orkusetur Orkustofnunar hefur auglýst eftir umsóknum um sólarsellustyrki.

Notendur á dreifbýlistaxta, á rafhituðum svæðum og þeir sem búa utan samveitna njóta forgangs. Í úthlutunarreglunum er tekið fram að fjármagni verði beint þangað þar sem hagsmunir notenda og ríkis eru hvað mestir, en mikill kostnaður fer í niðurgreiðslu orku hjá áðurnefndum notendum. Opið er fyrir umsóknir til 1. ágúst. Á stöðum utan samveitna, þar sem raforkuframleiðsla fer fram með dísilrafstöðvum, niðurgreiðir

ríkið allt að 50 krónur fyrir hverja kílovattssund. Þar séu hagsmunir hins opinbera því miklir og jafnframt sé það í samræmi við skuldbindingar hins opinbera um samdrátt í losun gróðurhúsaloftegunda.

Notendur á dreifbýlistaxta borga hæsta raforkuverðið, eða 29 krónur fyrir hverja kílovattssund, en þar greiðir ríkið dreifbýlisframlag. Á svæðum þar sem hitaveitu nýtur ekki við og kynt er með rafmagni er orkunotkun mikil og er niðurgreiðsla á rafhitun í kringum 10 kr. á kílovattssund.

/ál



Herdís segir eina af sérstöðum KVH vera mikið vöruúrvall. Hún rekist oft á vörur sem hún vissi ekki að væru á boðstólu.

Myndir / á/l



Herdís Harðardóttir, aðstoðarverslunarstjóri matvöruverslunar KVH, segir nærsamfélagið vilja halda í búðina og því venji íbúar ferðir sínar í kaupfélagið.



Fólk úr öðrum landshlutum leitar oft til KVH vegna vara sem fást hvergi annars staðar. Einu sinni sendu þau restar af þróunagarni til þróunakonu eftir að það var uppselt um land allt.

## Hvammstangi:

# Allt fæst í kaupféluginu

Ólíkt því sem áður var eru verslanir í eigu kaupfélaga orðnar sjaldgæfar. A Hvammstanga er rekin ein slík á vegum Kaupfélags Vestur-Húnvetninga.

Herdís Harðardóttir, aðstoðarverslunarstjóri matvöruverslunar Kaupfélags Vestur-Húnvetninga (KVH) á Hvammstanga, telur að þakka megi vilja nærsamfélagsins til að versla í heimabyggð að búðin lifi góðu lífi. Fólk vilji alls ekki missa kaupfélagið og því venji það ferðir sínar þangað. Í sama húsi og matvöruverslunin eru búvöru- og byggingavöruverslun.

I þau ár sem Herdís hefur unnið hjá KVH hefur hún aldrei fundið fyrir því að rekstur þess hafi

staðið tæpt. Hún hóf sinn feril sem starfsmaður í versluninni árið 2012 og vann hún sig upp í stöðu aðstoðarverslunarstjóra fyrir nokkrum árum.

### EKKI BUNDIN VÖRUMERKJUM

Lykillinn að því að halda versluninni gangandi er að mati Herdísar að vera liðleg og veita góða þjónustu. Ólíkt sterri verslunarkeðjum sé KVH ekki bundið neinum vörumerkjum og geti starfsfólk ið því ráðið sjálft hvort vörur séu teknar inn ef þau telja að eftirsíðun sé eftir þeim. „Ef einhvern langar rosalega mikið í akkúrat þessa tegund af tei þá reddum við því,“ segir Herdís.

Hún nefnir í þessu samhengi að starfsfólkini hafi fundist úrvalið af kaffi vera óþarflega mikið og viljað einfalda framboðið. Þau hafi hins vegar horfið frá þeim áformum þegar í ljós kom að sumir viðskiptavinir vildu ekki missa sína uppáhaldstegund og það voru fastir kaupendur af öllu því sem var í boði, þó að þeir séu ekki margir á bak við hverja tegund. „Sumar vörur erum við bara að selja fyrir einhvern einn eða tvö einstaklinga,“ segir hún.

### Flutningar helsta áskorunin

Helstu áskoranirnar sem fylgi því að reka verslun í svona litlu samfélagi séu flutningar. Herdís nefnir sem dæmi að á vorin sé mikið af frídögum í miðri viku og þá falli niður fastar ferðir. Því þurfi að leggjast yfir hvenær þurfi til dæmis að panta ávexti svo þeir komi örugglega fyrir helgi.

Eittkvæð er um að fólk leggi land undir fót til að gera stórinna kaup í lágvöruverðsverslunum, sem geti borgað sig fyrir stærri fjölskyldur. Herdís viðurkennir að það geti verið nokkur verðmunur enda sé KVH einungis lítil búð úti á landi. „En á sumum stöðum erum við á pari við aðrar verslanir, eins og með sérþörunda hjá okkur,“ segir Herdís og telur upp meðal annars gjafavörur, leikföng og annað slíkt. „Maður fer ekki í verslun í Reykjavík án þess að skoða verð og úrvall.“



Te, barnamatur og snyrtispeglar fást á sama stað.



Sérpakkað undanrennuduft sem annars fæst bara í stórum sekkjum.

### Rambar oft á nýjar vörur

Helstu sérstaða KVH er í huga Herdísar hversu gott úrvall þau eru með. „Þú færð eiginlega allt hérra,“ segir hún og bendir að oft fái þau símtöl úr öðrum landshlutum frá fólk sem er að leita að hlutum sem fást hvergi annars staðar. Einu sinni hafi þróunakona leitað um allt land að einhverju tilteknugarni sem var ófánlegt nema í verslun KVH. „Þá fókk hún restnar og vonandi náði hún að klára peysuna sína.“

Að auki við hefðbundið úrvall er haegt að kaupa ýmsa sérþöru sem fæst ekki í hinni almennu verslun. Nú eru búvöruverslunin og byggingavöruverslunin undir sama þaki og matvörubúðin. Aðspurð um áhugaverða hluti nefnir Herdís að í matvörbúðinni sé haegt að fá sérpakkað undanrennuduft (sem fæst annars bara í 25 kílóa sekkjum), fatnað, kristalsglös, klukkur, myndaramma, Lego, sundkúta og ýmislegt fleira.

Herdís veit ekki hversu margar einstakar vörur eru í boði í búðinni, en hún skýrur á að vörumúmerin hlaupi á tugum eða hundruðum þúsunda. Hún segist oft rekast á vörur sem hún hafi alreið séð aður. „Það hefur alltaf verið talað um að ef eittkvæð fæst ekki í kaupféluginu þá þarf maður ekki að því að halda.“



## ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI

- Hönnun og ráðgjöf
- Framleiðsla
- Uppsetning
- Verkefna- / byggingastjórn



Súlur  
stálgindarhús  
fyrir atvinnu-, iðnaðar- og  
íbúðarverkefni

kristjan@sulurehf.is

www.sulurehf.is

669 0803

vfs.is

# SUMAR ÚTSALA



**vfs.is**  
Sjáðu allar  
útsöluvörurnar.

**VERKFÆRA  
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍDUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



**Husqvarna - feel the power**



**Husqvarna 545RX**  
Sláttuorf - 3 hestöfl



**Husqvarna 535RX**  
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



**Husqvarna Rider RC320TSAWD**  
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW



**Husqvarna Rider 320X AWD**  
Sláttutraktor - 10,5 kW



**Husqvarna Tractor TC23**  
Sláttutraktor - 10,1 kW



**Husqvarna 550XP MKII**  
Keðjusög - 4,2 hestöfl



**Husqvarna K3600 MK II**  
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



**Husqvarna K2500**  
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm



**Husqvarna CEORA 546**  
Slátturóbot - 50.000m<sup>2</sup> - 20% halli



**Husqvarna AM550 EPC**  
Slátturóbot - 10.000m<sup>2</sup> - 45% halli



**Husqvarna AM310 MK II**  
Slátturóbot - 1000m<sup>2</sup> - 40% halli



**Husqvarna AM415X**  
Slátturóbot - 1500m<sup>2</sup> - 40% halli



**Husqvarna AM430X**  
Slátturóbot - 3200m<sup>2</sup> - 45% halli



**Husqvarna AM450X**  
Slátturóbot - 5000m<sup>2</sup> - 45% halli




**Husqvarna AM305**  
Slátturóbot - 600m<sup>2</sup> - 40% halli



Halla, t.v., og Hildur, t.h., Óladætur sposkar við eldhúsborðið í Sviðastöðinni, borðið er gömul og lúin fulningahurð með glerplötu og í baksýn eru gamlar garðhrífur brúkaðar sem snagar. Glöggir geta séð að spegillinn í baksýn er gamall gluggi sem dubbaður hefur verið upp sem forstofuspeggill.



Vinna við að rífa gamalt er ekki alltaf snyrtileg, hér er Hildur eftir góðan vinnudag.



Jón Kristján Ólason leggur sitt af mörkum.

Öxarfjörður:

# Endurbýggði eitt elsta hús Kópaskers

Tviburasystnar Halla og Hildur Óladætur minnast jarðskjálfans mikla árið 1976. Prátt fyrir að meginfni þessa viðtals eigi að vera um uppbyggingu annars tveggja af elstu íbúðarhúsum Kópaskers og við eiganda þess, Hildi Oladóttur, er nánast ómögulegt að eiga við þá konu orð án þess að tviburasystir hennar komi við sögu.

**Bryndís Sigurðardóttir**  
bryndis@yfirlit.is



Þessar tvær eru nánast alltaf nefndar í einni setningu, Halla og Hildur eða Hildur og Halla, enda er hér um að ræða einstaklega nánar tviburasystur, afar líkar í útliti og hafa í gegnum tíðina verið hvor annarri mikill styrkur í lífsins

ólgusjó. Tíðindakona Bændablaðsins gerði sér ferð á Kópasker og hitti þessar gestrisnu og glaðlegu systur fyrir í Sviðastöðinni á Kópaskeri.

Hildur og Halla eru faðdar og uppaldar á Kópaskeri í stórum hópi systkina og eru númer sex og sjö af átta. Elsta systirin, Gunnlaug, var faedd 1972 en hún lést árið 2015. „Pabbi ætlaði sko aldrei að giftast eða eignast börn, hann var langyangstur níu systkina og hefur sjálfsagt fengið nóg af börnum,“ segir Halla hlæjandi. Hildur bætir við

að þegar móðir þeirra kom sem búðardama á Kópasker voru örloð þeirra ráðin og þau bjuggu alla tíð í Skógunum á Kópaskeri. „Pabbi stóð sig samt mjög vel sem pabbi, það vantaði sko ekkert upp á það,“ segir Hildur enn fremur.

## Gleymd börn og stolið brauð

Á tínum óvenjumikilla náttúruhamfara á landinu er upplagt að ræða upplifun þeirra systra á stóra skjálftanum sem reið yfir Kópasker þann 13. janúar 1976. Skjálftinn mælist 6,4 stig og olli mjög miklum skemmdum á Kópaskeri, á húsum og lögnum og voru íbúar fluttir á snjóbílum í burtu í norðanstórhrið.

– *Framhald á bls. 30*

**Startaðu ferðasumarið  
með **TUDOR®****

Rafgeymar í húsbila og hjólhýsi  
fyrir ferðalagið í summar

**TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ**

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMU

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • NÝTT: vefverslun [www.skorri.is](http://www.skorri.is)



Melar voru í mjög slæmu ástandi þegar Hildur festi kaup á þeim og hóf endurbýggingu en nú er glæsilegt heim að líta.

Myndir / bs og Einkasafn

BBQ & MUSIC FESTIVAL

VELKOMINN Á STÓRU GRILLSÝNINGUNA 13. JÚLÍ !



# KÓTELETJÁN

SEFOSS 11 - 14. JÚLÍ



**YKKAR**  
pest control

Segðu BLESS  
við óværuna!




Dekó 18 límflugnabaninn frá YKKAR verndar allt að  
70 fermetra svæði gegn fleygum skordýrum.

Fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum.



Það er ekkert hefðbundið á Melum, hér er húsfrúin stödd að snytingunni á efstu hæðinni, tréverkið er úr gömlum spýtum sem lögðust til við rifið innanhúss.



Neðsta hæðin fyrir breytingar.



Á miðhæðinni þurfti svo sannarlega að taka til hendinni.



Glæsileg lítil íbúð á neðstu hæð, tilbúin til notkunar.



Hér má sjá opna rýmið á miðhæðinni eftir breytingar, glugga hefur verið bætt við og eins og svo viða fá grófir veggirnir að njóta sín.



Út um eldhúsgluggann á miðhæðinni blasir Sviðastöðin hans Jóns Kristjáns við og lengst til vinstri má sjá tvíburahús Mela og Jafnaldra sem heitir Steinnes, byggt af Birni Gunnarssyni, föðurbróður þeirra systkina.

Þær systur muna vel þennan atburð enda þá orðnar tú ára gamlar. „Við vorum búnar í skólanum því yngri börnin voru fyrir hádegi í skólanum og þau eldri eftir hádegi. Ég var komin yfir í læknishúsið því það var læknadagur þennan dag á Kópaskeri og ég var að

passa börnin á efri hæðinni, bara pínulítill börn. Pabbinn var sofandi eftir næturvinnu en mammán sem var hjúkrunarfæðingur var komin í vinnuna á neðri hæðinni. Svo kemur þessi hryllingur, rennihurðir í íbúðinni fóru fram og til baka og allt lék á reiðiskjálfí. Eg auðvitað bara hentist niður stigann og mætti móðurinni í stiganum sem spurði hvar börnin hennar væru. Ég skildi þau bara eftir því ég var á leiðinni til minnar mömmu, enda bara 10 ára gömul. Ég vona að mér sé fyrirgefíð að hafa ekki gert tilraun til að grípa litlu greyin með mér,“ segir Hildur og er talsvert skömmustuleg. Halla aftur á móti var stödd í verslun þorpsins með vinkonu sinni. „Við vorum svo heppnar að standa akkúrat við dyr því það hrundu allar hillur og allar vörurnar lágu úti um allt. Það voru reyndar tróppur við hliðina á okkur og við hrundum fram og til baka í þeim meðan þetta gekk á og við höfðum enga stjórn.

Svo flýttum við okkur út þegar jörðin stöðvaðist og uppgötvuðum á leiðinni heim að vinkonan hafði ekki greitt fyrir brauðið sem hún hélt á, við urðum sammála um að það myndi sennilega vera í lagi.“ segir Halla og bætir við að Hildur hafi verið miklu hræddari en hún. „Hún fékk eiginlega taugaáfall og grét alla nöttina.“ Þær voru svo fluttar í snjóbíl að Leirhöfn á Sléttu og voru þar fyrstu nöttina. „Það var brjálað veður og jörðin skalfl alla nöttina. Daginn eftir vorum við flutt í bílast til Raufarhafnar á eftir snjóruðningstæki, eg held að veðurhræðsla míin alla tíð sé afleiðing þeirrar ferðar,“ segir Hildur og aldrei þessu vant fylgir ekki bros.

#### Stundarbrjálæði og ekkert annað

Hvað skyldi nú hafa fengið leikskólakennarann Hildi til að hefjast handa við svona stórt verkefni, að kaupa eldgamalt hús í hörmulegu ástandi og leggja svo í endurbyggingu? „Tja, það er ekki gott að segja,“ segir Hildur. Hún hafi verið í alvarlegri kulnum og veikindaleysi á þessum tíma sem gerir ákvörðunina enn furðulegr. „En það er eitthvað í genunum að þurfa alltaf að vera eitthvað að brasa, jafnvæl þegar allt er í veseni. Svo var Jón Kristján bróðir búinn að draga okkur öll systkinin inn í Mela og reyna að fá okkur til að kaupa húsið og laga og það lá auðvitað beinast við, þarna 2016 þegar ég var hvort eð er ófær um allt annað að ég og þáverandi samþýlismaður minn, Sigþór Heimisson, slögum til,“ segir Hildur.

Verkefnið var auðvitað miklu stærra en Hildi hafði órað fyrir. Allt þurfti að endurnýja. Húsið var skrált að innan og utan og á Facebook-síðu Mela má sjá alls konar spennandi dót sem kom innan úr veggjum, til dæmis kjóll sem reyndist vera af stúlkum sem ólst upp í húsinu en er nú látin. Gluggum var skipt út, sumir stækkaðir eða færðir og eins má segja um hurðir, allar lagnir endurnýjaðar og húsið drenað, murað og malað. Tveir pottar voru fljótega settir við húsið og í sumar hefur baðhúsið verið klárað og nú eru pottarnir á Melum opnir fyrir almenningi frá kl. 14–19. „Mig langar til að gefa eitthvað af mér til samfélagsins, enda finn ég fyrir bæði áhuga og stuðningi,“ segir Hildur og vill gjarnan fá íbúa Kópaskers í pottana við Mela en bætir við að hún vilji

að gestir hússins hafi aðgang að pottunum eftir kvöldmat eða á kvöldin „Svo er fólk í sjósundi,“ segir Halla en Melar standa uppi á malarkambinum við sjóinn og stutt að hlaupa út í og hlýja sér svo í pottunum á eftir.

#### Stúdióibúð og fjögur herbergi

„Við byrjuðum á neðstu hæðinni og unnum okkur svo upp. Þá gátum við farið að vera í húsinu meðan unnið var að viðgerðum utanhúss og svo tókum við hæð fyrir hæð. Öll járnsmiði er unnin af Sigþóri en hann er mjög laginn járnsmiður. Við gerðum litla íbúð á neðstu hæðinni, með öllum þægindum og voðalega notalega,“ segir húsráðandi stoltur en það má með sanni segja að þær systur báðar séu sérlega uppátekjasamar og hugmyndarákar í honnum.

Á efstu hæð eru fjögur herbergi, sum með svefnlofti og eitt með snyrtingu. Herbergin bera fuglanöfn, enda er Kópasker og Melrakkasléttan öll gósenland fuglaskoðunarfólks. Á miðhæðinni er opíð rými með fullbúnu eldhúsi, svölum og snyrtingu og útsýnið þaðan er „milljóndollara“ virði svo slett sé upp á útlensku.

#### Páttur Jóns Kristjáns og Sviðastöðin

Það er þó ekki hægt að nefna uppbyggingu á Melum án þess að tiunda þátt Jóns Kristjáns, bróður þeirra systra. Hann er forfallinn áhugamaður um endurbyggingar gamalla húsa og hefur sjálfur faert ótalmög hreysi í nýjan, fallegan og íbúðarhæfan búnin. Það má segja að hann hafi lagt gjörva hond á endurbyggingu Mela. „Þetta hefði aldrei gengið án hans. Hann er búinn að leggja nött við dag undanfarið við að klára aðstöðuna í Sviðastöðinni svo ég geti verið hér og leigt út allt gistið á Melum,“ segir Hildur.

Umrædd Sviðastöð er elsta húsið á Kópaskeri, upphaflega byggt sem slátruhús árið 1912 en hefur gegnt mörgum og mismunandi hlutverkum síðan þá. Jón Kristján hefur átt húsið um skeið og hefur verið að taka það í gegn og núna er tilbúin snotur aðstaða í örðrum enda hússins.

„Við skulum bara hafa það að hreinu að ég er ekki ein í þessu verkefni, öll fjölskyldan og fullt af vinum hafa eytt ómaeldum tíma með mér í þessu og ég er svo innilega þakklát fyrir það,“ segir Hildur Oladóttir að lokum.

## Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðalítill með 25 ára ábyrgð  
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn  
Margar stærðir í boði  
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti



**wpl**  
**Diamond**

IÐNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



Vélar og tæki frá FK Machinery  
eru hjá H. Hauksson



H. HAUKSSON

Rúllugreip

með keflum  
og spjótum



Verð kr. 247.000 m. vsk.

Faðmgreip



Verð kr. 235.000 m. vsk.

Stórbaggagreip



Verð kr. 343.000 m. vsk.

Rúllugreip

með þritengi



Verð kr. 99.000 m. vsk.

Brettagaflar

með handfærslu



Verð kr. 189.000 m. vsk.

Brettagaflar

með vökvafærslu



Verð kr. 263.000 m. vsk.

Rúlluskeri

m/ klóm sem  
grípa plastið



Verð kr. 757.000 m. vsk.

Taðkvísl

140cm breið



Verð kr. 126.000 m. vsk.

Taðkló



140cm Verð kr. 310.000\*

160cm Verð kr. 335.000\*

180cm Verð kr. 347.000\*

\*verð m. vsk.

H. HAUKSSON EHF. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

# ERTU AÐ FAR AÐ BYGGJA?

## Sökkulkerfi fyrir allar tegundir húsa



Myglar ekki

Stuttur afhendingartími

€ vottað

Einfalt  
Fljótegt  
Endingargott  
Ódyrt

Prófaðu nýju  
reiknivélina okkar  
og sjáðu strax  
kostnaðinn við að byggja.  
[www.polynorth.is/reiknivel](http://www.polynorth.is/reiknivel)



- Íslenzk hönnun, íslenzk framleiðsla fyrir íslenzkar aðstæður
- Haltu kyndikostnaði niðri með húskubbum frá Polynorth
- Eigum húskubba fyrir bæði sökkla og veggi á lager

polynorth.

Óseyri 4 - 603 Akureyri - Sími 857 7799 - Kt: 660887-1649 - [polynorth@polynorth.is](mailto:polynorth@polynorth.is) - [www.polynorth.is](http://www.polynorth.is)



Unnar Sveinsdóttir, elsta barnabarn Ljósbjargar Petru Maríu Sveinsdóttur, rekur nú steinasafnið á Stöðvarfirði og hefur fyrir því mikinn metnað. Sonur Unnar, Jónatan Þráinsson, gægist hér út úr miðasöluskúnum.

Mynd / sá



Petra í síðstu steinasöfnunarferð sinni, í júlí árið 2004. Þá datt hún í læk og blotnaði upp að mitti því jafnvægið var orðið lélegt, en hélt þó áfram eins og ekkert hefði í skorist og kom niður með góðan feng.

Mynd / Aðsend

**Stöðvarfjörður:**

# Opnaði heimilið gestum og gangandi fyrir hálfri öld

– Steinasafn Petru fagnar fimmtíu ára afmæli í sumar



**Steinunn Ásmundsdóttir**

steinunn@bondi.is

**Steinasafn Petru** er sannkölluð perla í þéttbýlinu á Stöðvarfirði. Auk ógrynnis steina er þar gestastofa og kaffihús í ævintýralegum lystigarði.

„Mig langar að fólk staldri við. Það stoppi, andi, hlusti á fuglana, á lækina sem streyma hér niður fjallshlíðarnar og finni vindinn og sólina á andlitinu. Andi að sér ilminum af blómunum. Njóti augnablikins. Og fái sér svo gott kaffi og snúð á eftir!“ segir Unnar

Sveinsdóttir, nýr rekstraraðili Steinasafns Petru á Stöðvarfirði.

Safnið var sett á fót árið 1974 og fagnar því hálfarar aldar afmæli nú í sumar. Safnið hefur löngum verið talið stærsta steinasafn í heimi í einkaeign.

## Skoðað í skriður

„Amma míni, Ljósbjörg Petra María Sveinsdóttir frá Stöðvarfirði, og að minn, Jón Lúðvík Ingimundarsen frá Berufirði, fluttu inn í þetta hús, Sunnuhlíð á Stöðvarfirði, árið 1946,“ greinir Unnar frá. „Þá voru þau ung hjón að kaupa sér lítið hús, byggðu svo við það í allar áttir og

bjuggu hér allan sinn búskap. Fyrst um sinn voru þau með eina kú og einhverjar kindur, það sem fólk ótt til heimilisins á þessum árum. Svo eignuðust þau fjögur börn og ólu þau upp.“

Unnar segir að Petra hafi smitað afa hennar af steinasöfnunarbakteríunni og um leið og þau höfðu aðstöðu til að koma steinum fyrir hafi þau farið að safna þeim fyrir alvöru.

„Afi var sjómaður og fylgdist með að hafi hvar fallið höfðu skriður og þá var farið og athugað hvort þar væri eitthvað að finna. Hann lést árið 1974, aðeins 52 ára að aldri. Þegar hann var borinn

til grafar var hér eitthvert fólk í garðinum að skoða steinana þeirra og amma ákvað við það tækifæri að Sunnuhlíð skyldi þá bara ævinlega verða opin fyrir gesti. Heimilið hefur verið opíð síðan og því erum við að halda upp á fimmtíu ára starfsafmæli nú í sumar,“ útskýrir Unnar.

## Heimafólkið fær að njóta sín

Á þessari hálfu öld hefur safnið smám saman undið upp á sig, með fleiri steinum og byggingum, svo sem kaffihúsi, fræðslustofu og salernishúsi.

„Í Söguhúsinu eru nokkur lítl söfn, af því að amma safnaði öllu,“ heldur Unnar áfram. „T.d. skeljum, kuðungum, pennum, eggjum og vasaklútum. Hún átti vinkonu og þær fóru þá leið að gefa hvor annarri að minnsta kosti vasaklút í jólajöf alla tíð, sama hver staðan væri á vinskapnum á því augnabliki. Ef vel stóð á í vinskapnum fylgdi eitthvað meira með. Þetta gerðu þær alla sina ævi, urðu báðar aldraðar konur svo vasaklútarni urðu margir.“

Í Söguhúsinu er líka sögu safnsins og ömmu, sem fæddist aðfangadag árið 1922, gerð nokkur skil,“ segir hún.

Kaffi Sunnó var opnað fyrir nokkrum árum og þar er í boði kaffi frá Kaffibrennslunni Kvörn á Stöðvarfirði og heimabakað



**PETRA** Grískra orðið þétra (borið fram petra) þýðir steinn eða klettur. Þessi undurfagri jaspis er um metri á hæð.

Mynd / sá

súrdeigsbrauð og kræsingar sem Kimi Taylor galdrar fram af listfengi og nænum bragðlaukum.

„Við bindum miklar vonir við kaffihúsið og erum að fera fókusunum yfir á samvinnu við heimafolk, sem er að gera frábæra hluti, og nýta okkur það sem er til í nærumhverfinu,“ segir Unnar.

„Samstarfið við Kimi með baksturinn og Lúkas hjá Kvörn er frábært og gerir kaffihúsið okkar alveg sérstakt. Kaffihúsið er í rauninni gamall draumur afa og fyrst og fremst er þetta hugsað sem þjónusta við gesti sem koma hér og staldra við,“ segir hún.

– *Framhald bls. 34*

## ÖFLUGIR UTANBORÐSMÓTORAR FRÁ SUZUKI

VERÐ FRÁ KR.  
**809.000**

Það liggur þrotlaus ransóknar- og prófunarvinna á bakvið utanborðsmótorra Suzuki sem skilar sér í krafti, sparneytni, áreiðanleika og endingu. Komdu við og kynntu þér úrvalið og möguleikana. Við tökum vel á móti þér

**Suzuki á Íslandi**  
Skeifunni 17  
Sími 568 5100  
[www.suzuki.is](http://www.suzuki.is)

● Nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)



Lystigarður steinasafnsins er umfangsmikill og fjölskrúðugur. Þar er ógrynni steina raðað fallega upp innan um gróðurinn. Myndin var tekin í gaukmánuði og því er garðurinn orðinn enn blómlegri nú í hásumrinu.

Mynd / sá

**SOLIS**

## ÞEGAR KRAFTURINN SKIPTIR MÁLI

SOLIS 26




**SOLIS 60**  
Ný hönnun  
- sama góða verðið

✉ vallarbraut.is  
📞 454 0050



**SOLIS 90XL**

Eigum flestar stærðir á lager og meira á leiðinni  
SOLIS er mest selda dráttarvélin á Íslandi  
[vallarbraut@vallarbraut.is](mailto:vallarbraut@vallarbraut.is)



**ergo** ➤

# Fleiri hestöfl í heyskapinn?

Við skiljum allar ástæður  
fyrir nýrri vél

Reiknaðu dæmið á [ergo.is](http://ergo.is)






Hver einstakur steinn býr yfir sinni sérstöku fegurð.



Veraldir mætast í einum steini.



Skilti við aðkomuna að safninu. Myndir / sá



Barýt, sjaldgæfasti steinn safnsins.



Hér er jaspis raðað upp eftir lit.



Fjölbreytt blómskrúð í safngarðinum.



Unnar byggði jaspisa-vörðu.



Kimi Taylor selur gómsætt bakkelsi. Myndir / sá og Steinasafn Petru

#### Priðja kynslóðin tekur við

Steinasafn Petru hefur alltaf verið rekið af fjölskyldunni. Börn Petru og Nenna hjálpuðu aðeinvilega til og eftir að hún lést árið 2012 skiptu þau rekstrinum á sig. Hver fjölskylda tók þá hluta af sumrinu í vinnu við safnið. Fjórmennungarnir létu það nýlega í hendur afkomendum sínum, tölf talsins, og var þá farin sú leið að finna safninu einn rekstraraðila í umboði stjórnar úr höpi barnabarna Petru. Unnar hafði það svigrum sem til þurfti og leigir hún reksturinn ásamt Högsna Páli Harðarsyni manni sínum, viðskiptafræðingi og vélstjóra.

Unnar er listmenntaður kennari, myndlistarmaður, svíðsmynda-hönnuður og rithöfundur og hefur kennið m.a. leiklist og myndlist. Hún hefur til dæmis hannað og

sett upp sýningar fyrir söfmin í Fjarðabyggð, m.a. Stríðsminjasafnið, Náttúrugripasafnið í Neskaupstað og Randulffssjóhús á Eskifirði. Þessi reynsla öll nýtist vel á safninu. Hún segist ekki hafa getað hugsað sér að láta einhvær óvísindamanni, utan fjölskyldunnar, taka safnið að sér. „Ekki meðan við erum að taka við af foreldrum okkar,“ útskýrir hún. „Ég lít á mig sem einhvær konar millistykki, hvað sem svo verður.“ Þá verði búið að koma safninu í þannig horf að einhver annar geti tekið við án þess að hafa gífurlega mikið fyrir því.

#### Bera arfleifð Petru í hjarta sér

„Ég er alin upp í þessu húsi, bjó hér fyrstu árin míni og foreldrar míni búa í þarnaesta húsi svo ég var alltaf hér. Maður hefur verið

hér að bera grjót, vaða í drullu, búa til skulptúra, stilla upp og græja og gera, eins og allir í fjölskyldunni. Við brennum öll fyrir þessum stað. Ég veit ekki hversu mörg barnabörn og barnabarnabörn heita Ljósbjörg og Petra eða eru kennd við stein. Við berum þetta öll í hjarta okkar á einhværn hátt.“

Hún segir að enn safni fjölskyldan steinum í einhverjum mæli. „Flest allir í þessari fjölskyldu eru útvistarfolk og ekkert þeirra myndi ganga fram hjá fallegum steini. Fólk myndi drösla honum með sér til byggða með góðu eða illu!“ segir hún glettin. Lögð er áhersla á að unga fólk ið fjölskyldunni geti komið í styttí tíma til starfa og haldið þannig í ræturnar.

Hún segir iðulega þyrra yfir gesti safnsins þegar þeir skynja þungann í ævistarfi Petru, allan grjótburðinn

ofan úr fjöllunum. Fólk komi til hennar með tárin í augunum, alveg hreint yfirkomíð af eljusemi þessa einþykka náttúrubarns sem gekk um fjöll og firnindi með níðbungan pokaskjatta fullan af grjóti fram á elliári.

#### Efla fræðilegan vinkil safnsins

Að jafnaði starfa þrír til fjórir í Steinasafni Petru á hverjum tíma. Sinna þarf miðasölu, kaffihúsini, garðvinnu, þrifum og fjölmörgu fleiru. Gestir hafa verið allt upp í 700 manns á einum degi en eru að jafnaði rúmlega 20 þúsund yfir árið. Safnið er opíð frá maíþyrjun til miðs október.

Tekið hefur verið upp samstarf við Sköpunarmiðstöð Stöðvarfjörðar í gamla frystihúsini við höfnina. Þar á að koma upp verkstaði Steinasafns Petru, með tromlum, steinsögum og -borum til að vinna með steina, m.a. í skartgripi. Jafnframt hefur listafolk sem dvelur í Sköpunarmiðstöðinni í listamannadvöl frjálsan aðgang að safnið.

Þess má og geta að Haukur Valdimarsson, gullsmiður í Reykjavík, smiðar silfurskartgripi með steinum frá safninu og eru þeir seldir þar.

Innandyra eru ágætar merkingar á öllum steinum en Unnar hefur hug á að bæta merkingar utandyra. Þá þykir henni fýsilegt að efna til samstarfs við fræðileg og menntastofnanir og efla fræðilegan vinkil safnsins, m.a. með gerð upplýsingaefnis. Þá væri t.d. umt að taka á móti skólahópum til fræðslu um steinarikið.

„Við berum þetta öll í hjarta okkar á einhvern hátt ...“

#### Allt frá jaspis til barýts

Unnar segist ekki hafa neina hugmynd um fjölda steina í safninu en reikna megi með að þeir skipti tugum þúsunda. Hún segir mest vera af kvarsi. Það sé algengasta yfirtegundin og undir það falli t.d. bergkristall, jaspis, agat, óníx, ametyst og ópall. „Það er mjög mikil af kvarsi hér í fjöllunum. Og líklega er algengasti steinninn hér í safninu jaspis, sem er dásamlega fallegur steinn, afar litríkur og oft með fallegum myndunum og litaskiptum. Fágætasti steinninn okkar er barýt sem er þó ekki sérlega mikil fyrir augað.“

Hún er spurð hvort ekki sé alltaf farið með eins og mannsmorð hvar steinar finnast? „Jú, og við gefum bara mjög óljós og loðin svör,“ segir hún hlæjandi. „Ef fólk langar að tína sér steina í vasann þá vísa ég því nú bara niður í fjöru,“ betir hún við.

Hún verður lítið vör við að fólk sé að hnupla steinum en man þó eftir sögu af stórtækum þjófi. „Hann var í ansi viðum buxum gyrtum ofan í hnéháa sport-göngusokka. Svo gekk hann vist hér um og tindi minni steina inn í gegnum buxnaklaufina ofan í buxnaskálmannar. En hann var nú stoppaður af og skálmannar tæmdar hjá honum fyrir brottförl!“ segir Unnar að endingu.

**VARAHLUTIR Í KERRUR**




**Bílabúðin**  
**Stál og stansar**

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | [stalogstansar.is](http://stalogstansar.is)



Framtíðarárni 2012-2023



Um þessar mundir koma um tuttugu þúsund manns árlega í steinasafnið.



**KGM**  
Gæði á sterkum grunni

Birt með fyrirvara um mynd- og textabréfengi. Bílabúð Bennu áskilur sér rétt til að breyta verði og góbúnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.



Nýr Torres EVX - 100% rafmagnaður

# Ferðafélagi í milljón km.

Torres EVX er fyrsti rafbíllinn frá KGM og er væntanlegur til landsins innan tíðar. Hann er með 7 ára ábyrgð og 10 ára á ábyrgð á rafhlöðu eða allt að 1.000.000 km, hvort sem kemur á undan.

Forsala er hafin á [kgm.benni.is](http://kgm.benni.is). Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

• Allt að 462 km. drægni\*

• 73,4 kWh rafhlaða

• 1.500 kg. dráttargeta

• 12,3" margmiðlunarskjár  
með leiðsögukerfi

• Vehicle 2 load tengi\*\*

• 7 ára ábyrgð

• 10 ára ábyrgð á rafhlöðu eða

allt að 1.000.000 km, hvort  
sem kemur á undan

\* Samkvæmt WLTP \*\* Fyrir raftæki allt að 3.5kW .



**benni.is**  
BÍLABÚÐ BENNA  
kolefnisjafnar nýja bíla



sjö ára ábyrgð

Bb, betri bílar  
Akureyri  
Njarðarnesi 12  
Sími: 534 7200

Bílabúð Bennu  
Reykjavík  
Krókháls 9  
Sími: 590 2020

**Bílabúð Bennu**  
Sérfræðingar í bilum

Hrútafjörður:

# Sóknarfæri í loftslagsvænum búskaparháttum

– Kúabændurnir með metnað fyrir hestamennsku og jarðrækt



Ástvaldur Lárusson  
astvaldur@bondi.is

Á Bessastöðum í Hrútafírdi búa bændurnir Guðný Helga Björnsdóttir og Jóhann Birgir Magnússon. Þau eru kúabændur og öflug í hrossarækt, ásamt því sem þau hafa gripið til ýmissa aðgerða til að gera búið loftslagsvæna.

Guðný er fædd árið 1969 og uppalin á Bessastöðum á meðan Jóhann á rætur að rekja til Skagafjarðar, þar sem hann fæddist árið 1966. Þau kynntust á Hvanneyri þar sem þau stunduðu nám í búvísindum, en áður hafði Guðný útskrifast úr Verzlnarskólanum og Jóhann úr hestafræði við Landbúnaðarskólanum á Hólum.

Guðný missti föður sinn úr krabba-meini árið 1992. Þókk sé föðurbróður hennar var búin haldir gangandi á meðan unga parið lauk sínu námi á Hvanneyri og töku þau formlega við Bessastöðum vorið 1995. Þau viðurkenna að þau hafi ekki endilega ætlað sér að verða bændur, en Guðný hafði gaman af bókhaldi og rekstri og kunni Jóhann vel við sig í starfi hjá Landgræðslunni. Þetta hafi hins vegar verið tækifæri sem þau vildu ekki sleppa. Eftir að þau töku við þurftu þau bæði að starfa utan bú, enda skuldsett eftir kaupin á jörðinni. Guðný vann þá sem ráðunautur í hlutastarfi og var Jóhann áfram hjá Landgræðslunni í nokkurn tíma ásamt því að sinna hrossadómum á vorin. „Svo hef ég alla ævi starfað sem tamningamaður,“ bætir hann við og segir tvo þríðju af sínum tíma fara í hestamennskuna.

Búið á Bessastöðum samanstendur af þrjátíu mjólkurkum, þrjátíu hestum og þar af eru tólf til fjórtán hross í þjálfun á hverjum tíma. Þar að auki



Guðný Helga Björnsdóttir og Jóhann Birgir Magnússon eru bændur á Bessastöðum á Heggstaðanesi. Þau byggja búskap sinn á mjólkurframleiðslu og segja kýrnar borga launin. Hestarnir gefi búskapnum hins vegar fyllingu og leggi grunn að uppbyggingu þegar verðmætir gæðingar eru seldir.

Myndir / ál

## Hámarka nýtingu mykjunnar

Guðný og Jóhann eru þáttakendur í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Meðal áhersluatriða verkefnisins sé að efla bændur í að minnka notkun tilbúins áburðar og bæta nýtingu þess lífræna. Hann nefnir jafnframtað að síðustu vetur hafi oftast verið góðir og bærðist varla hár á höfði svo vikum og mánuðum skipti. Guðný bætir við að bæjarstæðið standi við opíð haf sem vísi beint til norðurs og að vorin geti verið erfíð.

Ein af leiðunum til að hámarka nýtingu þess áburðar sem verður til á búinu sé að hafa nægt geymslupláss svo

hægt sé að miða við að dreifa skítnum þegar hann nýtt plöntunum best. Þar skipti mykjutankurinn höfuðmáli og þarf ekki lengur að keyra út mykju á veturna þegar haughúsíð fyllist. Með því að bera skít á snjó eða freðna jörð tapist köfnunarefnið að langmestu leyti, en það er eitt mikilvægasta næringarefnið fyrir plöntur.

Niðurlagningarbúnaðurinn er ólikur hefðbundnum haugsugum á þann hátt að aftan á tankinum eru fjölmargar slöngur á tveimur bómum og er mykjunni sleppt rétt við yfirborðið í staðinn fyrir að úða henni upp í loftið með tilheyrandi uppgufun næringarefna.

## Langt fram úr væntingum

Jóhann segist hafa verið hæfilega skeptískur á virkni búnaðarins, en árangurinn hafi farið fram úr öllum



Tveir þríðju af tíma Jóhanns fara í hrossarækt og þjálfun. Hér er hann á Frá frá Bessastöðum sem fékk 9,5 í kynbótadómi í vor.



Mykjutankurinn skiptir höfuðmáli til að hámarka nýtingu lífræns áburðar.



## MF 6S 135-200 HP

EINSTÖK VÉL TIL AFKASTA OG HAGRÆÐINGAR

### ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ

Leiðandi í sínum flokki hvað varðar snúningsradíus- aðeins 4,75 m

### EINSTÖK UPPSKRIFT HVAÐ VARÐAR AFL Á MÓTI PYNGD

Eyðslugrannur en eldsprækur 4,9 Ltr 4 strokka mótor og 500 kg léttari heildarþyngd

### STYRKUR MED STÖÐULEIKA

Mikil burðar- og dráttargeta með 2,67m milli öxlá



Gagnheiði 35,  
Selfossi  
Sími 4800080  
www.buvelar.is



1. Lína mjaltastúlka: Það er gælunafn róbotsins.



2. Hestar: Þeir gefi búskapnum fyllingu.



3. Síminn: Með honum er hægt að fylgjast með róbótnum, ferðaþjónustunni o.fl.



4. Heiti potturinn: Þar endar vinnudagurinn.



5. Fjósavélin: Þau myndu ekki vilja bera allt heyið á höndum.



Bessastaðir séðir úr lofti. Lengst til vinstri sést hús þar sem er gistiðstaða fyrir ferðamenn, í miðjunni er íbúðarhúsið og til hægri eru úthúsin. Þar eru brjátiú kýr og brjátiú hestar.



Guðný og Jóhann á kaffistofunni í fjósinu. Þar er fjöldi verðlaunagripa sem Jóhann hefur hlitið fyrir hestamennsku og hrossarækt undanfarna áratugi. Kaffistofan hefur fengið viðurnefnið Upphæðir vegna þess hversu hátt er undir hana.



#### Hestamennska mikil áskorun

Jóhann segir að mesti virðisaukinn sé í hestamennskunni þegar ræktendur fari með hross í keppnir og á sýningar. Fólk úti um allan heim fylgist með hrossarækt Á Íslandi og þá skipti málí að á bak við hvern hest séu tölur og einkunnir sem fáist við þátttöku í keppnum.

Pá sé ekki síður mikilvægt að birta myndir og myndbönd af hestunum. Hjónin halda því úti heimasíðunni bessastadir.is ásamt því að vera virk á Facebook og Instagram undir heitinum „Bessastadir Guðný og Jói“ þar sem þau reyna stöðugt að halda hrossaræktinni á lofti.

Jóhann segist oft hafa fengið símtöl frá erlendu fólk sem hann hefur aldrei kynnt áður eftir að hafa náð góðum árangri með hest. Þeir áhugasömustu geti verið komnir til landsins nokkrum dögum síðar og mættir á hlaðið á Bessastöðum til að skoða hestinn nánar. Stærsti markaðurinn fyrir íslenska hestinn sé erlendis. Oft þegar gæðingar séu seldir innanlands sé það vegna þess að kaupandinn var að selja annan úr landi. Að auki við keppnishesta telur Jóhann mikilvægt að gleyma ekki hinum úrvalsegð útreiðahestum sem verði til þess að fólk finnist gaman að fara á hestbak. „Það fer enginn út í þetta sem eithvað keppnissport ef honum finnst ekki gaman eitt og sé að vera ríðandi á hesti einhvers staðar niður með ánni úti í náttúrunni.“

„Þegar hrossin hafa staðið straum að fjarfestingu fyrir kýrnar eru þau búin að skilyrða það að þau fái frítt hey í staðinn,“ segir hann. Þá séu jafnframt alltaf einhver hross á þánum sem Jóhann temur fyrir aðra sem skili tekjum fyrir daglegum rekstri. Núna þegar stór hluti túnanna á jörðinni hefur verið endurræktaður á síðustu árum geti Guðný og Jóhann leyfí sé að gefa hrossunum hey af sömu túnum og eru hugsuð fyrir kýrnar. Eini munurinn sé sá að þá sé vallarfoxgrasið látið spretta tveimur vikum lengur en æskilegt er fyrir mjólkurframleiðslu, en þetta er sama hey og er ætlað geldkúnunum. Með þessum hætti verði hlutfallið milli orku og próteins hrossunum í hag. Jafnframt sé þetta hey gróft og eru hrossin lengi að éta það.

#### Hrossin fá frítt hey

„Kýrnar borga launin og hestarnir fá frítt hey hjá kúnum,“ segir Guðný. Jóhann bætur hins vegar við að þegar seldir eru verðmætir hestar leggi þeir grunninn að uppbryggingu á búinum, svo sem til að kaupa mjaltajþjón eða endurnýja tæki.

„Þegar hrossin hafa staðið straum að fjarfestingu fyrir kýrnar eru þau búin að skilyrða það að þau fái frítt hey í staðinn,“ segir hann. Þá séu jafnframt alltaf einhver hross á þánum sem Jóhann temur fyrir aðra sem skili tekjum fyrir daglegum rekstri. Núna þegar stór hluti túnanna á jörðinni hefur verið endurræktaður á síðustu árum geti Guðný og Jóhann leyfí sé að gefa hrossunum hey af sömu túnum og eru hugsuð fyrir kýrnar. Eini munurinn sé sá að þá sé vallarfoxgrasið látið spretta tveimur vikum lengur en æskilegt er fyrir mjólkurframleiðslu, en þetta er sama hey og er ætlað geldkúnunum. Með þessum hætti verði hlutfallið milli orku og próteins hrossunum í hag. Jafnframt sé þetta hey gróft og eru hrossin lengi að éta það.

#### Vönduð kaffistofa í fjósinu

Þegar hitaveita var lögð um sveitina fyrir nokkrum árum sáu Guðný og Jóhann möguleika á því að innrétt uppítáða aðstöðu í fjósinu, enda hvergi hægt að geyma verkfæri eða raftæki án þess að þau skemmdust vegna raka og kulda.

Þau byrjuðu á því að útbúa, þar sem

áður voru hlöður, einangrað herbergi fyrir salerni og verkfærageymslu. Þá sáu þau að hægt væri að útbúa kaffistofu þar fyrir ofan. Vegna tæknilegra atriða endaði kaffistofan á að vera helmingi stærri en upphaflega

hádegishlé tekin og þurfa Guðný og Jóhann ekki að koma heim í það fyrr en á kvöldin. Til þess að gera vélagengt undir kaffistofuna er hún býsna hátt uppi og hefur því fengið viðurnefnið Upphæðir.



HALLORMSSTADASKÓLI

## SKAPANDI SJÁLFBAERNI

Menntun að betri framtíð

Opið fyrir umsóknir

HSKOLINN.IS



Breiðafjarðareyjar:

# Fjárbúskapur í eyjum



Bryndís Sigurðardóttir

bryndis@yfirlit.is

Jón Jakobsson er hafnarvörður í Stykkishólmi og fjárbóndi í Rifgirðingum. Rifgirðingar eru jörð í stjórnsýslulegum skilningi þess orðs en í raun er um að ræða eyjaklasa á Breiðafirði sem telur 55 eyjar og þar halda Jón og hans fjölskylda um það bil þrjátíu kindur.

„Mamma og pabbi keyptu jörðina árið 1953 og fluttu þangað á fardögum það ár, húsakostur var mjög lélegur, þarna var steinsteypt íbúðarhús sem byggt var 1912 og enn stendur og mig minnir að úthúsin hafi verið úr torfi,“ segir Jón. Fyrstu árin hafi þau haft heilsárbúseti í eyjunum en fljótegla hætt þar veturnet. „Það þótti góður kostur að búa í eyjunum á þessum tíma. Auðvitað harðbýlt og það þurfti að vinna en það vaðist ekki fyrir foreldrum mínum,“ segir Jón og bætir við að þar hafi alltaf verið hægt að fá mat, enginn svalt í eyjunum. „Mamma og pabbi voru mjög nægjusamt fólk, lífið var auðvitað enginn dans á rósum, svona ef miðað er við lífsstíl nū á dögum, en þau voru mjög sátt við sitt.“

Foreldrar Jóns voru Svava Kristjánssdóttir frá Dunkárbaðka í Hörðudal og Jakob Jörgen Jónsson frá Tálknafirði. „Þegar ég fæðist 1962 bjuggum við í Stykkishólmi á vetrum en í eyjum á sumrin. Mamma var að mestu heima og sinnti um okkur því systkinin, Kristján Kára, Þórheldi Hebu og mig, en pabbi var á vertið hér í Stykkishólmi eða í Grundarfirði. Svo fórum við snemma vors út í eyjar og vorum þar allt sumarið. Ég þótti víst frekar óþekkur í skólanum svo ég fékk alltaf frí og fór með fyrstu ferð inn í eyjar og þurfti ekki alltaf að mæta á réttum tíma í skóllan á haustin.“

Foreldrar Jóns flytja að Bíldhlóði Á Skógarströnd árið 1973 og til viðbótar við búskap ráku þau þar litla verslun, umsvifin í eyjunum



Jón Jakobsson og Hulda Birgisdóttir á fullri ferð inn í eyjar.

Myndir / Aðsendar

minnkuðu, alltaf var þó fjárbúskapur og svo þurfti að sinna æðarvarpinu. „Það var ákveðin hnignun í eyjunum frá 1970 til 1990 en pá fórum við að sinna þessu meira,“ segir Jón.

#### Sumarverkin hér áður fyrir

Þegar komið var inn í eyjar á vorin var fyrsta verkefnið að tína svartbaksegg, sem voru svo seld í Kjötbúri Tómasar á Laugaveginum. „Svo lögðum við net fyrir grásleppu og rauðmaga, sem er auðvitað herrmannsmatur, reykur eða siginn og við höfðum bæði reykhús og hjall.“ Selur var veiddur og bæði kjöt og skinn nýtt til hins ýrstrasta og þegar líða tók á sumarið var farið í róðra, aflinn sem oftast var þorskur var saltaður. „Á haustin lögðum við fyrir lúðu og þá var líka komin slártútið hjá okkur. Við höfðum líka leyfi til

að skjóta gæs seinnipart sumars. Það var almennt bannað að skjóta gæs í sárum, en við fengum sérstakt leyfi því það var svo mikil af henni að hún kláraði allt gras frá fenu.“

Jón var ekki gamall þegar honum var treyst fyrir verkum sem nú á dögum teldust ekki fyrir börn. Um leið og hann gat komið bátavellinni sjálfur í gang var honum treyst til að sigla einn milli eyja að erindast, þetta tókst honum þegar hann var tíu ára gamall og síðan hefur hann meira og minna verið við stjórn á alls konar fleyjum sem nýttar eru til eyjaferða. „Ég man ekki eftir að nein slys hafi orðið hjá okkur, fyrir utan þegar ég var niú ára og sauðaklippurnar rákust í lúkuna á mér og fóru víst í gegn,“ segir Jón glottandi.


En það var myndarlegur vetrarforði af mat fyrir fjölskylduna sem aflað var yfir sumarið, sumt

var saltað og reykt og annað fór í frystigeymslur á Stykkishólmi.

#### Vill helst flytja inn í eyjar

Jón er kvæntur Huldu Birgisdóttur úr Borgarnesi og eiga þau þrjú börn, Jakob Orra, Lilju Rún og Svövu Kristínú. Þau hjónin fluttu frá Borgarnesi og „heim“ eins og Jón segir árið 2015 og keyptu þá stórt hús við Skúlagötu sem rekið var sem gistihemili í Stykkishólmi. Hulda rak gistihemilið í nokkur ár en starfar nú sem sérkennslustjóri í leikskólanum. „Við komumst ekki nærrí eins oft og við viljum inn í eyjar og getum ekki dvalið þar í lengri tíma eins og við gerðum oft þegar börnini voru yngri,“ segir Hulda og bætir við að Jón vilji helst flytja inn í eyjar.

„Við systkinin erum saman með æðardúninn og það er góð fjölskyldusamvinna. Þá koma allir sem vettlingi geta valdið inn í eyjar og eiga heimangengt og við erum þar saman við störf, það er ákaflega góður tími,“ segir Jón. Þau eru með 3–400 kollar og nánast allur dún fer til vinnslu í Reykhólasveit. „Ég og krakkarnir eignum dúnsgengur en Jón er svo heitfengur að það þýðir ekkert að breiða dúnsgeng yfir hann,“ segir Hulda hlæjandi.



Skjáturnar á leið í réttu eyju.




Það stendur keikt gamla húsið í Rifgirðingum og nýtur kvöldssólarinnar.

#### Engin fæðingarhjálp í Rifgirðingum

Sauðfjárbúskapurinn á Rifgirðingum er samstarfsverkefni æskuvinnana Jóns og Hjalta Oddssonar frá Vörðufelli. „Þetta er eins og æðarbúskapurinn, fjölskylduverkefni með mikilli og góðri samveru,“ segir Jón og bætir við að um síðustu helgi hafi stórá hópur skundað inn í eyjar til að taka af.

Það er ekki vakað yfir sauðbúrði í Rifgirðingum og telur Jón að afföll hjá þeim séu síst meiri en hjá öðrum bændum. „Við erum ekki að reyna að rækta upp þrílembur, við purfum ekki meira kjöt handa okkur og það er bara meiri áhætta í burði, en það eru reyndar núna tvær þrílembur en það er alveg óvart.“



Þau hjónin gæta þess að nýta bara eyjar þar sem ekki er flæðahætta. Skepnurnar þekki þó sínar heimaslöðir og fara sér ekki að voða.

Mynd / Goddur

## Rekstrarstuðningur til einkarekinna fjölmíðla

### Auglýst er eftir umsóknum einkarekinna fjölmíðla um rekstrarstuðning sem veittur verður á árinu 2024.

**Umsóknum skal skilað í gegnum vefgátt á vef Fjölmíðlanefndar og er umsóknarfrestur til og með 1. september 2024.**

Með breytingu á lögum um fjölmíðla nr. 38/2011, sem samþykkt var á Alþingi 8. júní 2023, var úthlutunarnefnd veitt heimild til að ákvarða sérstakan rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmíðla.

Í X. kafla B laga um fjölmíðla, sbr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmíðla sem samþykkt var á Alþingi 8. júní 2023, og reglugerð nr. 700/2023 um rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmíðla, eru tilgreind skilyrði fyrir rekstrarstuðningi til einkarekinna fjölmíðla og einnig getið sérstakra atriða sem þurfa að koma fram í umsókn. Er umsækjendum bent á að kynna sér þau og einnig hvaða kröfur eru gerðar um gögn sem eiga að fylgja umsókn. Samkvæmt lögnum sér Fjölmíðlanefnd um umsýslu umsókna og veitir úthlutunarnefnd sérfræðiaðstoð eftir nánara samkomulagi.

Til úthlutunar árið 2024 verða 557,2 millj. kr. að frádreginni þóknun fyrir störf úthlutunarnefndar og öðrum kostnaði við umsýslu. Í 62. gr. i. laga um fjölmíðla kemur fram að rekstrarstuðningur skuli að hámarki vera 25% af stuðningshæfum rekstrarkostnaði umsækjanda. Þá ráðist endanlegt hlutfall af umfangi og fjölda umsókna.

**Umsóknum ásamt fylgigönum skal skilað í gegnum vefgátt á vef Fjölmíðlanefndar, [www.fjolmidlanefnd.is](http://www.fjolmidlanefnd.is), fyrir miðnætti 1. september nk.**

Ef spurningar vakna varðandi útfyllingu umsókna má senda fyrirspurn á postur@fjolmidlanefnd.is.



ÚTHLUTUNARNEFND



Það er ekki amalegt að tylla sér í grasið og njóta útsýnis yfir Breiðafjörð.



Jón og Hulda hafa komið sér upp góðum og vel útbúnum bát til að sigla út í eyjarnar.

Mynd / Goddur

Mjög markviss beitarstýring sé hjá þeim en það sé aðallega til að reyna að halda niðri grasvexti á sem flestum eyjum. „Það er svo erfitt að fara um eyjarnar ef þær eru kafloðnar af grasi, við þurfum að eltast við mink og svo þarf að smala. Foreldrar mírir gátu vel haldið 80 til 90 kindur hér á árum áður svo það fer vel um þessar 30 sem nú eru þarna að spássera með lömbin sín. Við gætum þess vel að nýta bara eyjar þar sem ekki er fleðahætta, skepnurnar þekkja sínar heimaslöðir og fara sér ekki að voða, þær viti hvenær hægt er að fara milli eyja á fjöru og þær hreyfa sig mikil.“

Jón minnist þó atviks sem gerðist um það bil 1970. Það var mjög kalt og mikill ís á öllum sundum, þá hafi nokkrar skjáttur misreiknað sig og farið út á ísjaka sem flaut upp og rak frá landi. Skelviðibátur rakst svo á þær úti á rúmsjó, hirti þær upp í bátinna og kom þeim til Stykkishólms. „Heyrðu, Kобbi,

#### *Hlakkar alltaf til að komast inn í eyjar*

Jón og Hulda hafa komið sér upp góðum og vel útbúnum bát til að sigla út í eyjar. „Hér áður fyrr tók alveg klukkutíma að sigla en við skjótumst þetta núna á tuttugu minútum,“ segir Jón og fullyrðir að hann verði aldrei of gamall til að sinna búskapnum í Rifgirðingum.

„Hvort næsta kynslóð verður jafnspennnt fyrir búskapnum er auðvitað ekki ljóst en þau eru alltaf til í að koma með og taka alltaf þátt í verkunum ef þau mögulega geta,“ segja þau hjón og kíkjá svo til veðurs því ekki hefur verið sjófært a nokkra daga.

# Fyrsta flokks ítalskar útiflísar

Gæddu garðinn, útisvæðið, svalirnar eða innkeyrsluna nýju lífi. 2-3cm þykkar útiflísar frá Casalgrande Padana og DelConca sem hægt er að líma niður, leggja í sand eða setja á hæðarstillandi stóla. Verið velkomin í Flísabúðina og fáið ráðgjöf sérfræðinga okkar.

 Flísabúðin

Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is

## ...Gæði þegar að er gáð

### Rafstilling

**REKI**

**Donaldson** FILTRATION SOLUTIONS

Rafstilling S: 581-4991 Netfang: Rafstilling@rafstilling.is  
Reki S: 562-2950 Netfang: Reki@reki.is  
Skemmuvegur 46, Kópavogur

## Barna- og unglingsafjórhjól í úrvali

**KAYO AU180**



180 kúbika sjálfskipt hjól með rafstarti og bakkgír. 10 tommu felgur. Sætishæð 74 cm. 105 kg. 5,5 lítra bensíntankur. Verð 479.900,-

**KAYO BULL125**



125 cc fjórgengis sjálfskipt með rafstarti og bakkgír. 8 tommu felgur. Fjarstýring m. ádrepara. Sætish. 63 cm. Verð 339.900,-

**KAYO AU70**



70 cc sjálfskipt fjórhjól með rafstarti. 7" felgur. Sætishæð 60 cm. 72 kg. 2,1 tankur. 4 hestöfl. Verð 259.900,-

**CFORCE EV110**



Rafmagnshjól með Appi. 60 km. drægni. Engir gírar/kúpling. Verð 479.900,-

Allar frekari upplýsingar og meira úrval af hjólum er að finna á **NITRO.IS**

Umboðsaðilar: **Kaupfélag Skagfirðinga**, Sauðarkróki. **AB varahlutir**, Egilsstöðum. **Lyngás**, Hellu. **Bikevik**, Reykjanesbæ.

**NITRO**  
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848



Efst í fjögurra vetra flokki hryssna stóð Hamingja frá Árbæ, undan Draupni frá Stuðlum og Gleði frá Árbæ, gullfríð, framfallegr hryssa og hreyfingafalleg.



Efstur í flokki sex vetra stóðhesta var Húni frá Ragnheiðarstöðum, undan Álfakletti frá Syðri-Gegnishólum og Hendingu frá Úlfssstöðum. Húni er djásn hvað fegurð varðar, friður og finlegur og úrvals ganghestur; mjúkur og léttstigur.

# Magnað Landsmót 2024

Landsmóti 2024 í Reykjavík er lokið, móti mikillar breiddar og mikilla gæða í hestakosti. Það má segja að Reykjavík hafi hljóðnað og hallað sér fram þegar kynbóta hrossin voru sýnd, þvílikur var styrkurinn í kynbóta hrossum mótsins og klár staðfesting á þeim erfðaframförum sem við erum að upplifa í íslenskri hrossaraðkt.



Þorvaldur

Það voru 172 hross sem unnu sér þátttökurétt á mótinu og alls voru sýnd 166 hross af 44 knöpum. Ef fjöldi feðra sem stóð að baki þessum hrossum er skoðaður kemur í ljós að þeir voru 72, sem er drjúgur hópur. Skýr frá Skálakoti átti flest afkvæmi á mótinu, eða 16 talsins. Þá átti Draupnir frá Stuðlum 12 afkvæmi á mótinu, Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum, Adrian frá Garðshorni á Þelamörk og Práinn frá Flagbjarnarholti áttu allir 10 afkvæmi. Þá átti Kveikur frá Stangarlæk sýndur á mótinu árið 2018 og fókk einkunnina 10 fyrir tölt og var með góðan fjölda afkvæma á mótinu núna og einnig Draupnir frá Stuðlum sem átti næstflest afkvæmin á mótinu núna. Þá er gaman að geta þess að Eldjárn frá Skipaskaga stóð efstur í flokki fjögurra vetrar stóðhesta á mótinu 2018 og var faðir hestins sem stóð efstur núna í flokki fimm vetrar stóðhesta, Hróks frá Skipaskaga.

Afkvemasýningar stóðhesta voru afar skemmtilegar og eru í raun eitt verðmætasta sýningarátriðið í hrossaraðktinni; að sjá hvernig hestgerð hestarnir eru að gefa og heildaryfirbragð þeirra. Peir hestar sem hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á mótinu voru Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum sem stóð efstur og hlaut Sleinpisbikarinn, sem er æðsta viðurkenning í íslenskri hrossaraðkt. Þá var Skaginn frá Skipaskaga í öðru sæti, Hringur frá Gunnarsstöðum var í því þriðja og Kjerúlf frá Kollaleiru var í

fjórða sæti. Alls voru sjö hestar sem hlutu fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi á mótinu. Efstur var Práinn frá Flagbjarnarholti og hlaut Orrabikarinn sem er veittur þeim hesti sem efstur stendur. Í öðru sæti var Adrián frá Garðshorni á Þelamörk, í þriðja sæti var Ísak frá Þjórsárbakka, í fjórða var Snillingur frá Íbishið, í fimmsta var Dagfari frá Álfhólum, í sjóttu sæti var Lexus frá Vatnsleysu og í því sjóunda var Ljósvaki frá Valstrýtu.

Ef meðaltöl einkunna eru skoðuð sést hvað kynbóta hrossin voru almennt vel gerð hvað sköpulag varðar en meðaleinkunn þeirra hrossa sem voru sýnd á mótinu var 8,42, sem er hreint magnað. Meðaleinkunn fyrir tölt var 8,65, sem er afar sterkt og margar listasýningar á tölti glöddu augað. Um 19% hrossa á mótinu voru sýnd sem klárhross með tölti. Þá má segja að stað skeiðsins sé afar sterk þessa dagana en alls voru hrossin 72 sem hlutu 8,5 fyrir skeið eða hærra. Þær systur Hildur frá Fákshólum og Væta frá Leirulæk hlutu einkunnina 10 fyrir skeið en þær eru undan Gnýpu frá Leirulæk, sem ber greinilega marga jákvæða erfðavisa fyrir skeiðgetu.

Landsmóti, afkvemahestum mótsins og sýningarárinu í íslenskri hrossaraðkt verða gerð ítarlegri skil í blaðinu síðar.

Höfundur er hrossaraðktarráðunautur.



Efst í fimm vetrar flokki hryssna var undrahryssan og náttúruaflö Arney frá Ytra-Álandi, undan Ský frá Skálakoti og Erlu frá Búlandi. Fimm vetrar gömul er hún búin að skipa sér á bekk með mestu gæðingum sögunnar.



Efst í sex vetrar flokki hryssna var Hetja frá Hofi, undan Álfakletti frá Syðri-Gegnishólum og Giftingu frá Hofi. Afar falleg, mjúk, þjál og viljug hryssa og flugvökur.



Nótt frá Tjaldhólum varð fyrst fjögurra vetrar hrossa til að hljóta einkunnina 9,5 fyrir tölt og einnig hægt tölt. Einstaklega mjúk, framhá og fjaðrandi ballerína á tölti.

**Savage MK II FXP 22 cal sjónauki 3-9x40**

**kr. 79.900**

**Savage 93R17 GWXP 17 HMR**

**kr. 99.900**

**Savage 110 APEX PREDATOR XP**  
Sett Sjónauki 4 1.2x Vortex  
cal 223-243-6,5 creed cal 308. Fötur, Deyfir sonic

**kr. 234.900**

**Savage Stevens 334 Hnota**  
cal 243 og 6,5 creed

**kr. 112.900**

**Savage Mark II FVXP**  
22cal með 3-9x sjónauka þungu hlaupi

**kr. 89.900**

**Savage B22 FV-SR** cal 22, 17 HMR  
m/rail og snittaður

**kr. 89.900**

**Vesturrost**

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - simi: 551 - 6770 - [www.vesturrost.is](http://www.vesturrost.is)



Efstur í flokki sjö vетra og eldri stóðhesta var Drangur frá Steinnesi, undan Draupni frá Stuðlum og Ólgu frá Steinnesi. Afar myndarlegur og aðsópsmikill, skrefastór fashestur.



Efstur fjögurra vетra stóðhesta var Dalvar frá Efsta-Seli, undan Adrián frá Garðshorni á Þelamörk og Lóu frá Efsta-Seli. Stórmynnarlegur og fallekur hestur; efnilegur myktarhestur, þjáll og fallega gengur.



Efstur í fimm vетra flokki stóðhesta stóð Hrókur frá Skipaskaga, undan Eldjární og Visku, báðum frá Skipaskaga. Hrókur er fótahár og fallekur hestur með frábæra ganghæfni og heilsteypta framögöngu; myktar- og skrefahestur.



Efst í flokki hryssna sjö vетra og eldri stóð Hildur frá Fákshólum, undan Ölni frá Akranesi og Gnýpu frá Leirulæk. Finleg og vel gerð hryssa með úrvals ganghæfni og uppteknuð á skeiði.

# VISTA



Authorised Dealer

**Topcon vörur á góðu verði**

- Vélstýringar
- GNSS mælitæki
- Lasertæki
- Topnet leiðréttigarþjónusta
- Varahlutir
- Viðgerðir

[www.vista.is/topcon](http://www.vista.is/topcon)  
[topcon@vista.is](mailto:topcon@vista.is)

**S: 587 8889**



## SUZUKI FJÓRHJÓL

# LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG!



**KINGQUAD 750AXI 4X4**  
VERÐ KR. 2.590.000

Suzuki fjórhjól eru með power stýri og 100% drifflæsingu.  
Þau eru létt, lipur og meðfærileg Traust, ódýr í rekstri  
og þægileg í notkun.

**Suzuki á Íslandi**  
Skeifunni 17  
Sími 568 5100  
[www.suzuki.is](http://www.suzuki.is)

## Hentugar húseininger




[stolpigamar.is](http://stolpigamar.is)

 **Stólpi Gámar**

Fullbúnar 20 feta einingar.

Auðveldar í flutningi og uppsetningu. Nær endalausir möguleikar til samsetningar.

Kynntu þér möguleikana á [stolpigamar.is](http://stolpigamar.is) eða hafðu samband í síma 568 0100.



# Gróðurhúsalofttegundir í landbúnaði og metan

Árið 2023 var heitasta ár mannkynssögunnar svo vitað sé og um leið það ár þar sem mest hefur verið losað af gróðurhúsalofttegundum á heimsvisu til þessa.



Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Samfélangslosun á Íslandi var árið 2022 2,8 milljónir tonna CO<sub>2</sub>-ígilda.

Þetta eru nýjustu tölur úr loftslagsbókhaldi Íslands sem kom út í lok síðasta mánaðar. Með samfélangslosun er vísað til losunar sem er á beina ábyrgð einstakra ríkja, þ.e.a.s. þeirrar losunar sem hægt er að hafa mest áhrif á og sem er um leið sú losun sem ríki þurfa að greiða fyrir ef þau uppfylla ekki skuldbindingar sínar. Samfélangslosunin stóð í stað á milli áranna 2021 og 2022 en hefur dregist saman um 11% frá árinu 2015.

Næststaður hluti samfélangslosunarnarinnar á Íslandi er frá landbúnaði. Vegasamgöngur eru í fyrsta sæti með 33% þessarar losunar, landbúnaður með 22% og fiskiskip um 17%.

Losun frá landbúnaði var árið 2022 þúsund tonn CO<sub>2</sub>-ígilda. Á milli áranna 2021 og 2022 varð samdráttur upp á 16 þúsund tonn CO<sub>2</sub>-ígilda sem skyrist að miklu leyti af fækknun búfjár. Iðragerjun og meðhöndlun búfjárbúndar er uppsprett 56% losunar frá landbúnaði og skiptir þar gróðurhúsalofttegundin metan einna mestu málí.

## Hvað er metan (CH<sub>4</sub>)?

Metan er gróðurhúsalofttegund sem stuðlar að loftslagsbreytingum. Þrjár helstu gróðurhúsalofttegundirnar sem stuðla að hlýnum jarðar eru koltvísýringur (CO<sub>2</sub>), metan (CH<sub>4</sub>) og nituroxíð (N<sub>2</sub>O). Metan er lit- og lyktarlaus lofttegund sem jórturdýr skila frá sér en verður einnig til við gerjun lífrænna efna sem hafa verið urðuð og frá votlendi. Metan er mjög oflög gróðurhúsalofttegund og er um 28 sinnum öflugra en koltvísýringur og um 20% gróðurhúsaáhrifa á heimsvisu má rekja til þess.

## Af hverju framleiða jórturdýr metan?

Jórturdýr eins og nautgripir og sauðfé melta og framleiða orku úr trénið fóðri sem einmaga dýr geta ekki nýtt. Nýting þessa trénið fóðurs verður fyrir tilstilli gerjunar sem fer fram í vömb. Þar brjóta örverur niður tréni og mynda rokgjarnar fitusýrur sem nýtast sem orkugjafar fyrir gripina. Í meltingarferlinu losna einnig

koltvioxíð og vetni. Gripirnir losa sig við vetnið á þann hátt að örverur framleiða úr því metan sem gripirnir síðan ropa.

## Hverfur metan úr andrúmsloftinu?

Á meðan koltvísýringur og nituroxíð eru í andrúmsloftinu í hundrað ár, brotnar metan niður innan fárra áratuga. Þrátt fyrir hraðara niðurbrot leggur metanið mikil í til hækkanur hitastigs á meðan það er til staðar í andrúmsloftinu. Þar sem framleiðsla metans heldur sífellt áfram viðhelst magn þess í andrúmsloftinu, þrátt fyrir að það brotni hratt niður. Ef tekst að minnka framleiðsla metansins lækkar styrkur þess í andrúmsloftinu hratt sem dregur úr gróðurhúsaáhrifum.

## Hvaða leiðir er hægt að fara til að minnka metanolosun?

Góðir og vandaðir búskaparhættir eru mikilvægir til þess að minnka losun metans frá jórturdýrum. Í verkefninu Loftslagsvænum landbúnaði vinna bændur að því að gera búskapinn sinn sjálfbærari með loftslagsvænum búskaparháttum.

Á vefnum [www.loftslagsvænn.landbunadur.is](http://www.loftslagsvænn.landbunadur.is) má finna fræðsluefni um sjálfbæra búskaparhætti og leiðir til þess að draga úr metanolosun þar sem nánari umfjöllun má finna um atriðin í listunum sem hér fylgja.

Aðgerðir sem hægt er að vinna að strax til þess að minnka losun í sauðfjárárkækt

- Hámarka fjölda lamba til nytja
- Taka heysýni
- Halda tréni í fóðri í lágmarki
- Rækta smára í túnum
- Láta gemlinga bera og vinna markvisst gegn lambaláti
- Saxa fóður vel
- Gott sauðburðarskipulag og öguð vinnubrögð sem lágmarka vanhöld
- Nýta íblöndunarefni í fóður til að draga úr losun metans.
- Aðgerðir sem hægt er að vinna að strax til þess að minnka losun í nautgriparækt
- Auka afurðir á hvern grip
- Láta kvígor bera 23–24 mánaða
- Geldstaða sé ekki lengri en 60 dagar
- Hámarka vaxtarhraða gripa í kjötframleiðslu
- Nota íblöndunarefni í fóður til að draga úr losun metans
- Bæta fitu í fóður
- Slá fyrir skrið túngrasa til þess að tréni verði ekki of mikil í gróffóðrinu
- Nota smára í túnrækt
- Saxa fóðrið vel.

Höfundur er verkefnastjóri Loftslagsvænn landbúnaðar.

# Frá ráðstefnu ICAR

## – 2. hluti

Árleg ráðstefna og aðalfundur ICAR (International Committee for Animal Recording) voru haldin í Bled í Slovéníu dagana 19.–24. maí sl.



Guðmundur Jóhannesson.

Þessi samtök eru á heimsvisu og látu sig varða allt sem viðkemur skýrsluhaldi og skráningum búfjár og má þar nefna staðla fyrir skýrsluhald og rafraðen samskipti, arfgreiningar, efnamælingar á mjólk, sæðisgæði og svo mætti áfram telja. Alls eru fyrirtæki og samtök frá 55 löndum aðilar að ICAR nú og fer stöðugt fjölgandi.

I öðrum hluta frásagnar minnar af ráðstefnu ICAR í Bled beini ég sjónum að öðrum degi hennar en sem var í raun fyrsti hluti ICAR-ráðstefnunnar. Dagurinn hófst með allsherjarfundi og síðan sameiginlegum opnum fundi ICAR og Interbull. Upphafserindin fjölluðu um sjálfbæra ræktun og hvað það þýdir í raun og veru, nýja staðla og prófanir á sæðisgæðum þar sem ICAR mun senda staðalsýni milli nautstöðva til stillingar á þeim búnaði sem metur sæðisgæði og svo ungmannskiptaætlun ICAR (Brian Wickham Young Persons Exchange Program). Þrjár ungar visindakonur fóru þar yfir reynslu sína af áætluninni og hversu mikils virði hún er fyrir ungt fólk innan greinarinnar.

Sameiginlegur fundur ICAR og Interbull beindi sjónum að stórauminni notkun holdasæðis á mjólkurkýr stóraukist á undanförnum árum og nemur orðið nærrí 40% í Ayrshire-kum, nærrí 30% í Holstein og 25% í Jersey. Notkun holdasæðis í Kanada er að miklu leyti bundin við Angus en yfir 75% alls holdasæðis þar er Angus-sæði.

Ross Evans frá ICBF í Írlandi sagði frá stöðu mála þarlendis. Á sl. ári urðu þau tímamót að fjöldi kálfá undan holdanautum varð meiri en undan nautum af mjólkurkúakynjum. Notkun hefðbundins sæðis hefur dregist saman, notkun holdasæðis aukist gríðarlega og kyngreint sæði er nú notað í yfir 10% tilvika og eykst hratt. Yfir 60% alls nautakjöts á Írlandi kemur frá mjólkurframleiðslunni. Írar hafa lengi haft kjötframleiðslueiginleika eins og vaxtarhraða og kjötgæði í sinni heildareinkunn enda er ísk nautgriparækt í mörgu frábrugðin því sem gerist annars staðar í Evrópu. Framleiðslan byggir að miklu leyti á þeim og útflutningur er ráðandi. Ísk nautgriparækt er því kannski skyldari nýsjáleinskri en evrópskri nautgriparækt. Írskir kúabændur kjósa, eins og aðrir, naut sem gefa miklar mjólkurkýr og eru frjósamar sem fer ekki að öllu leyti saman við framleiðslu nautakjöts. Til þess að hjálpa bændum við val á holdanautum á mjólkurkýr hafa Írar því sett saman nýja einkunn, Dairy Beef Index, mjólkur- og kjöteinkunn. Þar er lögð áhersla á léttan burð, kjötgæði og kolefnisspor. Þeir eiginleikar sem vega mest í einkunninni eru fallþungi, burðarerfiðleikar, át og aldur við slátrun. Samhlíða þessu er gögnum safnað um blendingana til þess að þróa enn frekar og bæta erfðamat gripuna auk þess sem áhersla er lögð á að nýta öll gögn fyrir meira en einungis að auka erfðaframfarir.

Martino Cassandro frá Ítalíu greindir frá aðstæðum ítalískra kúabända. Þar kom fram að Ítalir framleiða rétt rúman helming (52%) sinnar nautakjötsneyslu innanlands og ítalískir bændur flytja inn tvö þriðju allra gripa til nautakjötsframleiðslu, þ.e. þeir kaupa kálfá til eldis erlendis frá. Martino sagði að notkun annarra kynja á Holstein-kýr á Ítalíu væri vaxandi og næmi nú yfir 20%, þar af væri 95% holdasæði. Notkun holdasæðis á Holstein-kýr hefur verið á þann veg að Belgian Blue er yfirgnaðandi, notkun Limousine og Piemontese hefur minnkað mikil en notkun Angus fer vaxandi. Eins og annars staðar fer notkun kyngreinds sæðis vaxandi, nam 23% á síðasta en eykst um 1,6% á ári þannig að hún verður orðið priðjungur innan áratugar ef svo heldur fram sem horfir.



# í Bled í Slóveníu



Mynd / Aðsend

Ástæðan er hin sama og hjá öðrum, blendingskálfar eru verðmætari til kjötframleiðslu en hreinræktaðir kálfar af mjólkurkúakyni. Martino tiltók að hreinræktaður Holstein-nautkálfur skilaði bóna um 145 evrur meðan að Holstein/Belgian Blue-blendingur skilar um 406 evrum. Það vakti athygli mína að þeim búum sem nota kyngreint sæði fjölgar ekki og notkunin fer vaxandi með aldri kúnna, þ.e. hærra hlutfall kúa á t.d. 5. mjaltaskeiði eru sætt með kyngreindu sæði en á 2. mjaltaskeiði. Ítalir hafa þróað reiknilíkan fyrir bændur til þess að velja holdanaut á mjólkurkýr sem tekur m.a. tillit til burðarerfiðleika, kálfadauða og verðmætis. Þannig geta bænda skoðað hvaða naut er hagstæðast að nota hverju sinni með hliðsjón af því t.d. líkum á hvort kálfurinn lifir eða burðurinn verður erfiður. Ástæðan er einkum sú að reynt er að ýta undir aukna kjötframleiðslu innanlands en eins og áður sagði framleida Ítalir ekki nema rétt rúmlega helming sinnar neyslu.

Randy Culbertson, prófessor við Háskólan í Iowa, sagði frá stöðunni í Bandaríkjum (BNA). Þar dróst sala á hefðbundnu sæði saman um 30% frá 2017 til 2021 en á sama tíma jókst sala á holdasæði um 225%. Ástæðan er auðvitað aukin notkun holdasæðis á mjólkurkýr samfara aukinni notkun kyngreinds sæðis vegna þess að blendingskálfar skila hærra verði. Randy sagði ýmis vandamál fylgja blendingunum, alla vega við bandarískar aðstæður. Vöxturinn væri mun minni en hreinræktaðra holdagripa, breytileikinn væri meiri og skap og heilsufar væri lakara. Þetta væru atriði sem nautkjötsframleiðendur þyrftu að takast á við þar sem

Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt.


að mjólkurframleiðendur veldu holdanaut á mjólkurkýrnar eftir þáttum eins og sæðisverði, fanghluftalli og burðarerfiðleikum en horfa minna til kjötgæðaþáttu. Hún fór einnig yfir að BNA horfa nú til uppbyggingar á erfðamati fyrir blendingsgripi en það sem vantaði væri svipfarsupplýsingar, þ.e. mælingar á blendingum. Breytileikinn væri til staðar og mikill munur milli kynja. Það væri því mikilvægt að bændur hefðu tól og tæki til þess að byggja valið á, tæki þar sem hægt væri að velja fyrir velferðarpáttum, eins og minni burðarerfiðleikum, á sama tíma og valið væri fyrir auknum vexti og meiri kjötgæðum.

Samandregið fjallaði þessi annar dagur ráðstefnunnar um mikilvægi sjálfbærni og alþjóðasamvinnu í nautgriparæktinni þar sem menn líta einkum til þess að deila reynslu, gögnum og fölki. Þá var umfjöllun um kyngreint sæði og samhlíða aukna notkun holdasæðis umfangsmikil. Notkun holdasæðis á mjólkurkýr hefur vaxið hraðar en menn áttu von á og það skapar ákveðin vandamál í kynbótum og framleiðsluferlunum. Rætt var hvort þessi aukna holdasæðisnotkun hefði mögulega þau áhrif að úr erfðabreytileika innan mjólkurkúnna myndi draga og erfðaframfarir því minnka í kjölfarið. Mér sýnist að við getum dregið þann lærðom að þessu að innleiðing kyngreinds sæðis er eitthvað sem við megin ekki hafa hömlu- og stjórnlaus, við verðum að leggja hlutina niður fyrir okkur og gera áætlun um skynsamlega notkun þess og holdasæðis samhlíða.

Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt.

## Ný kynslóð útihitara

Gæða útihitarar á verönd, svalir og öll útisvæði. Þola regn og mega vera úti allan ársins hring. Stillanleg veggfesting fylgir og fjarstýring með 3 hitastillingum.



## Skjólveggir fyrir bústaðinn

Sérlega fallegir skjólveggir úr gleri sem veita gott skjól án þess að trufla útsýnið. Veggirnir koma í ýmsum stærðum og útfærslum.

Verið velkomin í Flísabúðina og fáið ráðgjöf sérfræðinga okkar.



Flísabúðin

Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is

## Svartur og Gauti frá Vöðlum



### Svartur frá Vöðlum, 4vetra

Sköpulag 8,39 Hæfileikar 8,13  
Aðaleinkunn 8,22  
F: Kveikur frá Stangarlæk (8,76)  
M: Nött frá Oddsstöðum (8,44)  
Heiðursverðlaunahryssa.  
Verð kr. 90.000 +vsk. með öllu.

### Svartur verður í Austvaðsholti í Landssveit.

Vöðlar, Margeir Þorgeirsson, s. 892-2736, netfang: vadlarhestar@gmail.com Vöðlar.

### Gauti frá Vöðlum, 6vetra

Sköpulag 8,27 Hæfileikar 8,65  
Aðaleinkunn 8,52  
F: Glaður frá Prestbakka (8,73)  
M: Nött frá Oddsstöðum (8,44)  
Heiðursverðlaunahryssa.  
Verð kr. 90.000 +vsk. með öllu.

### Gauti verður í Kambi í Ásahrepp.

# ÆÐARBÆNDUR!

Hreinsun er komin í fullan gang!  
Getum bætt við okkur æðardúni í hreinsun og sölu.  
Greiðum flutningskostnað.



ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN

Traust og örugg viðskipti í yfir 30 ár

Dúnhreinsun - Nesvegur 13 - 340 Stykkishólmur



Allar nánari upplýsingar veitir:  
Erla Friðriksdóttir í síma 899 8369  
& erla@kingeider.is



Kornhorn:

# Ræktunartækni vetrarkorns á Íslandi

– Niðurstöður tilrauna sýna að ræktun vetrarkorns getur verið hentug viðbót

Til vetrarkorns teljast helst tvær tegundir: vetrarrúgur (*Secale cereale*) og vetrarhveiti (*Triticum aestivum*). Blendingurinn rúghveiti hefur ekki verið í þróunum nýlega en þó standa vonir til að breyta því.



Hrannar Smári Hilmarsson.

Vetrarbygg og vetrarhafrar eru almennt séð með minna vetrarpol, þó svo að ræktun þeirra hafi færst norðar á böginn undanfarin ár. Það sem aðgreinir vetrarkorn frá vorafbrigðum sömu tegundar er að vetrarafrbrigði þurfa kuldameðhöndlun til þess að skríða, meðan vorafbrigðin skríða á sáðári.

Vetrarrúgur er vetrarharðgerðari en vetrarhveiti. Rúgur fer fyrr af stað á vorin og skríður talsvert fyrr en hveiti. Rúgur er hins vegar víxlfrjóvga og frjóvgast best í þurrum og hlýjum aðstaðum í fylgd við milda golu. Annars frjóvgast plönturnar seint og illa sem kemur helst niður á gæðum kornsins. Hveitið, sem fer hægar af stað, nær upp þeim mismun með skjótri og öruggri sjálffrjóvgun.

Vetrarhveiti er mest ræktaða korntegund heims og ein sú uppskerumesta en heimsmetið er frá Lincoln-skíri á Englandi, tæp 18 tonn á hektara. Meðalts uppskera hveitis í heiminum er tæp fjögur tonn en rúgs innan við þrjú tonn á hektara. I tilraunum hér á landi hefur rúgurinn sýnt meiri uppskeru, reyndar svo mikla að í tilraun á Möðruvöllum í Hörgárdal tímabilið 2009–10 var uppskera á rúg nærrí niú tonn á hektara þegar hveitið gaf rétt rúm fjögur tonn. Sömu ár voru tilraunir á Korpu í Reykjavík, þar skilaði rúgur um þrjú og hálfu tonni en hveiti rúmu tonni á hektara. Þar var lifun rúgs eftir veturinn metin um 60% en hveitis um 30%.

Kröfur vetrarkorns fyrir kuldameðhöndlun eru mismunandi



Vetrarkornstilraunin á Hvanneyri þann 9. júlí 2024. Vetrarhveiti er mest ræktaða korntegund heims og ein sú uppskerumesta.

Mynd / hsh

Eftir tegundum og yrkjum en vetrarharðgerði fer á víxl við snemmbærar skriðtíma. Plöntur sem gerar litlar kröfur til kuldameðhöndlunar fara því snemma af stað á vorin sem kemur niður á þeim í umhleypingum og því farast þær þegar kólnar aftur á útmánuðum. Meira vetrarharðgerði veldur því að þær fara seinna af stað á vorin og eru því lengur að þroskast. Þessi áskorun, að þróa plöntur sem eru vetrarharðgerðar og snemmhroska, er verkefni plöntukynbótafræðinga.

Vetrarliðun er víða vandamál en reynslan hér á landi er að hveitið lifir flesta vetur þó misjafnlega vel. Erlendis er sáð vorhveiti í akra þar sem vetrarhveiti sýnir lágt lifunarlutfall. Hér á landi væri það ekki fýsileg lausn sökum þess hve háar hitakröfur vorhveiti gerir til vaxtar, en í staðinn mætti sá byggi í akraná á vorin.

Margt dynur á plöntunum yfir veturinn, umhleypingar geta rofið dvalann, sent plönturnar í vöxt og gert þær viðkvæmar fyrir vorfrostum.

Jarðvegur getur frostlyfst þannig að ræturnar slitna eða skaðaveður gengur yfir sem veldur afgerandi skemmdum. Þótt vetrarkorn þoli mikið frost verður frost á bera jörð seitn talið gott en vetrarkornið þolir snjóhulu á ófrosna jörð í 90 daga. Pollar í akrinum drepa hveitið, því þarf jarðvinnsla að heppnast vel til að fleyta burt ofanjarðarvatni en líka þannig að jörðin hleypi vatninu í gegnum sig.

Undanfarin ár hafa verið tilraunir á vetrarkorni á Hvanneyri í Andakíl, þar sem prófaðir voru mismunandi sáðtímar, áburðarskammtar vor og haust og sádmagn. Margar aðferðir hafa verið notaðar til þess að greina áhrif meðferðarliðina á lifun, vorþrótt, uppskeru og gæði á korninu.

Um sáðtíð má segja að æskilegt er að sá eigi síðar en fyrstu vikuna í ágúst. Niðurstöður sýna að kornið sem sáð var um miðjan ágúst spratt vel um haustið en sýndi aðeins um 20% lifun um vorið miðað við 85% lifun á korni sem sáð var í byrjun ágúst sama ár. Plönturnar höfðu ekki pröttinn til að þreyja þorrann. Sé því sáð seinna en ráðlagt er, þarf að treysta á hagsælt haust því plönturnar þurfa að safna forða fyrir veturinn til þess að lifa af umhleypingar vetrarins. Sé sáð snemma, eða um miðjan júlí, getur það sprottið vel og svo mikið raumar að blaðvöxturinn getur verið of mikill og kæft plönturnar vorið eftir. Í slíkum tilfellum gæti þurft að slá eða beita akurinn á sáðárinu til að minnka leifarnar.

Niðurstöður tilrauna á sáðmagni, áburðarmagni á haustin, og vorin sýndu engan marktækán mun á mikilvægustu eiginleikum eins og uppskeru og gæðum. Þó virtist sem kornið þroskast aðeins betur ef það fékk háan áburðarskammt með sáningu. Þessar niðurstöður er ekki hægt að túlka öðruvísi en svo að kornið þarf áburð á haustin, eða allt að helming af áætluðu heildarmagni. Sem dæmi má nefna að á frjósama mýrarjörð væri ráðlagt að bera á því sem samsvarar 30 kg niturs á hektara á sáðári og svo aftur 30 kg að vori. Við svo

„...vetrarharðgerði fer á víxl við snemmbærar skriðtíma ...

lágá áburðarskampta verður að bera á steinefnarikan áburð. Á ófrjósönum jarðvegi væri einnig ráðlagt að skipta nituráburðinum til helminga, t.d. 50 kg niturs að hausti og 50 kg að vori eða 30 kg að hausti og 70 kg að vori.

Niðurstöðurnar sýndu enn fremur að minnsta sáðskammtur sýndi minni grænku snemma að hausti á sáðári en svo sömu grænku fyrir veturinn. Stærsti sáðskammtur hafði neikvæð áhrif á grænku að vori þrátt fyrir mismunandi áburðarskammt, þ.e.a.s. stærri áburðarskammtur í bland við stærri sáðskammt gaf ekki meiri vorþrótt. Því er ekkert sem mælir gegn þumalputtareglunni að sá 200 kg/ha.



Hveiti er mikilvægasta korntegund heims og eftirspurnin er mikil á heimsvísu og fer vaxandi hér á landi. En hveiti er fyrirferðarmikið hráefni í öllum kjarnfóðuruppskriftum, þar með talið fyrir fiskeldi.

Niðurstöður tilrauna gefa til kynna að vetrarhveiti getur verið áreiðanleg tegund í íslenskri kornrækt þar sem aðstæður eru fyrir hendi. Uppskeiran er svipuð að magni til og bygg, og gæðin viðunandi til földurs í alþjóðlegu samhengi. Jarðræktartækni útskýrir aðeins líttinn hluta afkomu vetrarkorns. Þær yrkjatilraunir sem hafa verið gerðar sýndu meiri breytileika sem útskýrist af yrkjum. Það undirstrikar mikilvægi yrkjatilrauna og kynbóta á vetrarhveiti fyrir íslenskar aðstæður.

Höfundur er tilraunastjóri i jarðrækt hjá LbhÍ

 Lilleseth Kjetting

Úrvalið af hífi- og festibúnaði stækkar!



Skoðaðu  
úrvalið!

Viltu verðtilboð?  
skralli@skralli.is

 SKRALLI



## Greina þörf á tæknilausnum

Evrópskt netverk um stafræna nýsköpun og gagnatækni fyrir búfjárrækt sem byggir á úthagabeit er íslenski heiti verkefnisins DIGI-RANGELAND sem hlaut í lok júní úthlutun úr Horizon Europe rannsókna- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins.

Landbúnaðarháskóli Íslands er hluti af verkefninu og leiðir Jóhannes Sveinbjörnsson það fyrir hönd skólans.

„Búfjárrækt sem byggir að meira eða minna leyti á úthagabeit er mikilvæg í Evrópu. Það er bæði vegna matvælaframleiðslu og ýmiss konar þjónustu við vistkerfi, svo sem að halda landi opnu með beit til að draga úr líkum á gróðureldum og stuðla að fjölbreytni búsvæða. Þessa tegund landbúnaðar er á margan hátt flóknara að tæknivæða heldur en þá framleiðslu sem fer fram að mestu innandyra eða á tiltölulega einsleitu landi. Ýmis framþróun hefur þó átt sér stað sem skapar tækifær til vinnuhagraðingar við ýmsa meðhöndlun búfjár á beit og þann tíma sem það er á húsi, og varðandi beitarstýringu, smalamennskur og fleira. Nokkur lykilord varðandi sílka tækní eru rafræn eyramerki, GPS-staðsetningarbúnaður, rafrænar (ósyilegar) girðingar, drónar, raggangar og flokkunarhlíð, búnaður til að stýra fóðrun og hugbúnaðarkerfi

/ghp

vegna skýrsluhalds af ýmsu tagi. DIGI-RANGELAND netverkið gengur út á að búa til smærri og stærri tengslanet bænda og annarra landnotenda sem standa frammí fyrir ýmsum áskorunum varðandi landnotkun, bæði á héraðs-, lands- og Evrópuvísu. Þörf fyrir tæknilausnir verður greind, skoðað hvaða tæknilausnir eru í boði og hvað hentar á mismunandi stöðum. Lögð er áhersla á að koma á nánu sambandi milli þeirra sem eru að þróa lausnirnar og væntanlegra notenda þeirra. Í þessu netverki felast því margvísleg tækifær fyrir íslenska bændur, ráðgjafar þeirra, vínsindafolk og fleiri tengda aðila.“

Verkefnið hefst í ársbyrjun 2025 og standur yfir í fjögur ár. Heildarstúðningur við verkefnið er 3 milljónir evra, eða um 450 milljónir íslenskra króna, þar af mun 14,25%, eða rúmlega 60 milljónir íslenskra króna, fara í gegnum Landbúnaðarháskóla Íslands.

Stofnunin IDELE í Frakklandi leiðir verkefnið en í kjarnahópi sem mótaði verkefnið voru einnig stofnanirnar SRUC í Skotlandi og NIBIO í Noregi ásamt LbhÍ. Pátttökuaðilar í verkefninu koma einnig frá Rúmeníu, Grikklandi, Spáni, Króatíu, Slóveníu, Búlgariú og Sviss að því er fram kemur í tilkynningunni.

**Alvöru vatnsvörn fyrir öll votrými**

Við bjóðum upp á breiða vörulínu frá **Winkler One** sem hafa gjörbreytt leiknum í vatnsvörn.

Svalagólf, útistigar, kæligeymslur eða mjólkurhús – hvert sem verkefnið er þá veita sérfræðingar okkar ráðgjöf til að tryggja bestu lausnina fyrir þínar aðstæður.

Verið velkomin í Flísabúðina og fáið ráðgjöf sérfræðinga okkar.

**Flísabúðin**


Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is

## Garðyrkja

### Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá fræjum til afurða



**Samhentir**

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000  
www.samhentir.is sala@samhentir.is

**KARCHER**

Hreinsibúnaður og vélar





K háþrystidælur



HD háþrystidælur



HDS háþrysti/hitadælur



PGG rafstöðvar



NT ryksugur



**RAFVER**

rafver.is - S: 581 2333 - rafver@rafver.is

# Hárlausir blettir, sár og bólgyr

  
**Snorri Sigurdsson**  
 snorri.sigurdsson@outlook.com

Líklega þekkja flestir kúabændur það hvimleida vandamál að gripir þeirra fái hárlausa bletti, bólgyr eða lítil sár sem má rekja til þess umhverfis sem þeir eru hýstir við.

Þetta gerist oftast ef legusvæði gripanna er óþægilegt, svo sem ef undirlagið er of hart eða of mjúkt og/eða undirburðurinn ofan á legusvæðinu er of knappur eða hreinlega rangur, sem veldur því að gripirnir eru að hreyfa sig meira en ella þegar þeir liggja og ættu að vera að hvíla sig. Ónnur skýring gæti verið plássleysi eða ranglega stilltar innréttningar. Hvað sem veldur þessu þá verður til núningur á milli undirlagsins og húðar gripanna sem með tímanum getur leitt til þess að hárin hreinlega nuddast af, en núningurinn getur einnig valdið bjúgsöfnun án þess að hárin nuddist af. Þetta er áhætta sem fylgir því að hafa gripi á húsi en mikilvægt er að halda þessu vandamál i lágmarki. Viða erlendis er miðað við að ef meira en 10% gripanna, í sama flokki innan fjóss, eru með einhvers konar hárlausa bletti, sár eða bólgyr á hæknum eða framhnjám þarf að gera ráðstafanir til að draga úr vandamálinu.

## Vandamál víða

Í norska rannsóknarverkefnum Kubygg, sem gert var fyrir rúnum áratug þar í landi, var m.a. skoðað hvernig staða þessara mála var í þarlendum fjósum en meiri hluti þeirra var þá hefðbundin básafjós. Í ljós kom að hárlausir blettir fundust á 53% skoðaðra gripa, sár á 6% gripa og bólgyr á 1% gripanna. Þetta er reyndar óvenju hátt hlutfall en sem áður segir má rekja það til þess hve margar kýr voru bundnar á bása. Eins og þekkt er í dag er þorri gripa nú orðið í lausagöngu svo vænta má þess að vandamálið sé miklu minna að umfangi. Í gæðakerfinu Arlagaarden, sem byggir á því að gera gæðauttektir á fjósum og gripum bænda sem selja mjólk til norður-evrópska afurðafélagsins Arla, er t.d. hlutfall hárlausra bletta innan við 5%.

## Ahrif á framleiðslueiginleika

Sár á gripum eru auðvitað eitthvað sem þarf að taka alvarlega og góð staða þessara mála geta einnig skipt máli þegar kemur að framleiðslueiginleikum gripanna. Séu sár til staðar setur það af stað aukna framleiðslu á hvítum blóðorknum, til að takast á við sýkinguna, en það ferli krefst orku sem ætti miklu frekar að fara í að framleiða mjólk eða kjöt. Enn fremur getur það hreinlega haft áhrif á frumtölu mjólkurinnar þar sem hærra hlutfall er af þeim í líkamanum. Þá getur ranglega hannað legusvæði haft áhrif á át gripha enda sýna rannsóknir að

í slíkum tilvikum reyna gripir yfirleitt að liggja lengur en ella, til að draga úr álagi á líkamann þegar staðið er á fætur á ný. Fyrir vikið éta gripirnir heldur minna með tilheyrandi afleiðingum á framleiðslueiginleika þeirra.

” Með bættum aðbúnaði, bústjórn og kynbótum er ekki óeðlilegt að kýrnar í dag séu stærri en kýrnar sem voru í fjósum bænda fyrir tveimur til þremur áratugum ...

## Að greina vandamálið

Fyrsta verk er að greina vandamálið og það eru til margs konar aðferðir til þess að meta vandamálið hlutlægt og hvaða aðferð er beitt er líklega ekki aðalmálið heldur að vandamálinu sé gefinn gaumur. Einfaldast er að telja gripina, innan sama flokks, t.d. kýrnar saman eða kvígurnar o.s.frv., og leita að þeim sem eru möguleg með hárlausa bletti, lítil sár eða bólgyr. Þó svo að oft sé miðað við að bregðast við þegar og ef hlutfallið fer yfir 10% þá er rétt að taka fram að dýravelferð snýst um einstaklinginn sem slíkan og þó svo að hlutfallið geti verið lágt, geta verið gripir inn á milli sem eru í ójafnvægi og með bólgyr eða sár sem þarf að takast á við og meðhöndla auk þess að finna skýringuna á því að vandamálið kom upp.

## Að finna ástæðuna

Ef athugun bendir til þess að þetta sé vandamál í fjósinu þarf fyrst að komast að því hvað veldur.

I. Fyrst þarf að skoða hvort vandamálið sé fylgiskur annarra meina svo sem heltis. Hölt dýr liggja t.d. lengur en óholt og geta fengið hárlausa bletti eða sár af þeim völdum. Í svona tilvikum geta aðstæður í fjósinu í raun verið almennt mjög góðar en heltið er þá í raun orsakavaldurinn og þarf þá að skoða hvað sé til ráða til að koma í veg fyrir heltið.


II. Líklega er algengast að finna skýringuna með því að skoða undirlagið vel og hvort þar finnist ástæða vandamálsins t.d. hvort það sé of hart eða undirburður rangur eða knappur. Þá getur óhreint undirlag valdið sama skaða.

III. Næst er að skoða hvort t.d. legubásar kúnna eru of þróngir og/eða of stuttir. Góður ávitull um að þetta sé vandamálið er ef stærstu kýrnar í hópnum eru mest með hárlausa bletti, sár eða bólgyr en

**Bændablaðið**  
kemur næst út 15. ágúst

**PÚ** finnur Bændablaðið  
á [www.bbl.is](http://www.bbl.is),  
Facebook & Instagram

## Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir



- Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir**
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð**
- Bílskúrshurðir**
- Hurðir í trékarma**
- Tvískiptar hurðir**

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

**HURÐIR**

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Dæmi um hárlausan blett á kú.  
Myndir / assurewel.org



Bólgr sem þessar eiga helst ekki að finnast í hjörðinni.

ekki hinar minni. Sé legusvæðið of lítið gerist það að það myndast óþarfa núningur á milli undirlagsins og stærstu kúnna þegar þær leggjast niður eða standa á fætur. Með bættum aðbúnaði, bústjórn og kynbótum er ekki óeðlilegt að kýrnar í dag séu stærri en kýrnar sem voru í fjósum bænda fyrir 2–3 áratugum. Það er því ekki óliklegt að einhverjur básar séu hreinlega ekki af réttir stærð í eldri fjósum landsins.

IV. Fjórða atriðið sem vert er að veita athygli er hvort legusvæðisinnrétingarnar í fjósínu séu rétt upp settar og stilltar. Oftast er hægt að breyta innrétingum eitthvað, þ.e. laga það hvernig þær eru stilltar og þá sér í lagi herðakambsslána. Oft er hún of aftarlega miðað við bringuborðið, þ.e. ef sílkt er til staðar, sem gerir það að verkum að kýrnar liggja mun aftar í básum en þær ættu að gera. Enn fremur, ef það er ekkert bringuborð, þá geta kýrnar færst of framarlega í legubásana þegar þær liggja, sem leiðin til þess að þegar þær ætla að standa á fætur aftur þá er herðakambsslán fyrir þeim og hindrar þær í að standa hratt á fætur. Þær vita þetta sjálfar og þurfa því að mjaka sér í réttu stöðu, með tilheyrandi núnungi líkamans við undirlagið. Rétt er að vekja athygli á því að ef mikill breytileiki er á holdafari og/eða stærð gripanna þá getur verið erfitt að finna réttu stöðu innrétinga og því er ákjósanlegast að vera með eins einsleitan hóp og unnt er á hverjum tíma.

V. Fimmta atriðið, sem gæti valdið hárlausum blettum, sárum eða bólgi, eru aðrar innrétingar eða hönnun gangsvæðanna í fjósínu. Eru einhvers staðar staðir í fjósínu þar sem gripirnir rekast oft utan í, sem gæti valdið því að þeir fá álagsmeiðsl eða sár?



Sár á fótum geta komið og þá er brýnt að bregðast hratt við og meðhöndlau þau.

Þetta má oftast finna skjótt með því að ganga um fjósið og leita að glansandi innrétingum. Það bendir til þess að gripir nuddist oft upp við viðkomandi innrétingu.

#### Meðhöndlun

Þegar skýringin er fundin á því sem er að valda gripunum skaða er auðvitað fyrsta verk að gera viðeigandi úrbætur. Séu gripir með sár og sýna merki um sársauka þarf að veita þeim réttu meðferð eins fljótt og auðið er. Lítill sár má meðhöndla með yfirborðs sótthreinsun eða úða með sótthreinsiefni en ef um stærri sár er að ræða eða bólgr sem hafa leitt til heltis gæti þurft að kalla til dýralækni.

## Vatnshitarar fyrir sumarhús

Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur. Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-

**Varmás**  
Markholt 2  
Mosfellsbæ  
simi 566 8144

**CLT EININGAHÚS KROSSLÍMT TIMBUR**

Byggingar úr CLT timbareiningum eru að ryðja sér rúms um allan heim og nú býður BYKO upp á þessa lausn. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af húsum hönnuð og teiknuð af Andersen & Sigurdsson arkitektum. Húsin fást öll í mismunandi stærðum og mögulegt er fyrir viðskiptavini að hafa áhrif á innra fyrirkomulag í samstarfi við arkitekt, til að mynda við stærð og fjölda svefnherbergja og snyrtингa.

Hafðu samband: serlausnir@byko.is

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

**Zetor** Island

[facebook.com/zetorisland](https://facebook.com/zetorisland)

## Zetor Forterra HSX 120

117 hestafla sparneytinn Zetor motor, stage V mengunarstaðall Powershuttle 30/30 gírkassi, 3 milligírar og Eco stilling, 40 km kassi  
3 vökvaseiðar ásamt bakflæðisventil  
Vökva- og loftbremsur fyrir vagn  
ALÖ ZL46 ámoksturstæki, með stýripinna og Soft-Drive  
350 kg þyngingar í afturfelgum  
4 hraða aflúrtak 540/540E/1000/1000E  
Cat 2 opnir beislisendar ásamt lyftukrók  
Dekk 480/65R24 og 600/65R38  
Rúmgott fjaðrandi hús með loftfjaðrandi sæti og farþegasæti  
8 LED vinnuljós og 1 blikkljós  
Loftkæling, stærri kælir og margt fleira

**Til afhendingar strax!**

Heyrið í sölumönnum okkar: Jóhannes 822-8636 / [johannes@lci.is](mailto:johannes@lci.is)  
Jón Stefán 822-8616 / [jonstefan@lci.is](mailto:jonstefan@lci.is)

**LCI Lely Center Ísland**

## Fæðuklasinn og framtíðin

Íslenska fæðuklasanum var formlega hleypt af stokkunum fyrir nokkrum dögum síðan. Á þeim bæ er hugsað stórt til langrar framtíðar og íslenskar landbúnaðarafurðir settar í öndvegi.

Upphafsmáðurinn og brautryðjandinn er Ingibjörg Davíðsdóttir sendiherra sem reyndar hefur verið í leyfi frá þeim störfum til þess að koma þessu hugðarefni sínu á koppinn.

Ingibjörg og nýskipaðir meðstjórnendur hennar í Íslenska fæðuklasanum buðu til samsætis í Grósku hugmyndahúsi, þar sem klasinn hefur aðstöðu, undir lok júnímánaðar í tilefni þess að klasinn væri orðinn að veruleika. Það var ánægjulegt að sjá og heyra þrijá ráðherra ríkisstjórnarinnar taka til málss og mæra bæði íslenska landbúnaðinn og stofnun fæðuklasans. Ekki síður var skemmtilegt að heyra fyrverandi forseta vorn, Ólaf Ragnar Grímsson, flytja langa tölu um þau miklu tækifari sem fæðuframleiðsla á Íslandi stendur frammi fyrir.

Ingibjörg þakkaði Ólafi Ragnarri fyrir ómetanlegan stuðning og ráðgjöf í mótnarferli fæðuklasans. Á meðal annarra hollra ráðgjafa nefndi hún m.a. okkar ötula og ópreytandi talsmann Guðna Ágústsson og einnig Þór Sigfusson, stofnanda og stjórnarformann Íslenska sjávarklasans, sem hefur um langa hrið skipt sjávartengda sprotstarfsemi miklu máli.

Í dag eru yfir 70 fyrirtæki og frumkvöðlar starfandi í riflega fimm þúsund fermetra húsnæði sjávarklasans. Það væri ekki ónýtt fyrir landbúnaðinn ef Íslenski fæðuklasinn næði að byggjast upp með svipuðum hætti á komandi árum. Í malí Ingibjargar kom fram að um

bessar mundir væri unnið að miklum fjölda verkefna- og bakhjarlasamninga og að viðtökur og áhugi viðmælenda hefði farið fram úr björtustu vonum.

Fæðuklasanum er ætlað að ná yfir hvers kyns fæðutengda starfsemi og landbúnað, ræktun, framleidiðslu og vinnslu og einnig bæði sölu og neyslu. Klasinn vill vera hvetjandi vettvangur samstarfs fyrirtækja, frumkvöðla og stofnana með verðmætaskapandi verkefni í fyrirrumí. Það hljómar svo sannarlega vel í eyrum okkar allra sem sinnun landbúnaði og fæðuframleidiðslu við aðstæður sem engum dylst að eru einstakar í heiminum og ekki síst eftir því sem hlýnum jarðar virðist aukast með hverju árinu sem líður.

Í Facebook-færslu sinni um Íslenska fæðuklasann segir Ingibjörg Davíðsdóttir m.a.: „Ræturnar mínar í sveitinni hafa tosað mig að sér síðustu ár. Hef lengi haft brennandi áhuga á eflingu byggðar í landinu, ekki síst með aukinni verðmætasköpun í landbúnaði og fæðutengdri starfsemi. Mér hefur þótt vanta stoðkerfi sem skapar og styður frjóan jarðveg fyrir frumkvöðlastarf og nýsköpun í þessum geira. Íslenski fæðuklasinn ætlar að verða þessi stöð og er þannig upp settur upp að hann nýtist sem best til verðmætasköpunar í þessum geira, hann þjóni landinu í heild og stuðli að byggðafestu.“

Íslenski fæðuklasinum hyggst koma viða við. Hann vill efla nýsköpun í landbúnaði og fæðutengdri starfsemi, þjóna sem vettvangur ráðgjafar, greininga, stuðnings og tengslamýndunar, styðja við frumkvöðlastarf, auka samkeppnishæfni, verðmætasköpun og vöxt, draga úr vistspori íslenskrar fæðuframleidiðslu og byggja brýr og skapa möguleika á samstarfsverkefnum milli landsvæða og atvinnugreina.


Það verður ákaflega spennandi að fylgjast með vexti og viðgangi Íslenska fæðuklasans á næstu misserum og árum. Að baki honum eru stórhuga frumkvöðlar og nafntogaðir reynsluboltar í ráðgjafateymunu. Tímasettingin til þess að verkefni af þessu tagi úr vör virðist vera hárétt. Augu og eyru stjórnvalda hafa sem betur fer opnast fyrir mikilvægi íslenskrar fæðuframleidiðslu og með margvíslegum hætti má finna fyrir metaði og aukinni bjartsýni í röðum bænda á viðunandi framlegð frá búrekstrinum. Síðast en ekki síst finnst mér ég finna hvar sem ég kem að áhugi landsmannana á framleidiðslu og framsækni í landbúnaðargeiranum sé stöðugt að aukast.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að aukin þekking og tækni muni leggja grunn að miklum breytingum til batnaðar í landbúnaðarframleidiðslunni. Ég er heldur ekki í vafa um að tilurð þessa nýja sprota geti orðið afluvali alls kyns verðmætaskapandi nýjunga sem muni efla hag landbúnaðarframleidiðslunnar enn frekar. Þess vegna fylgja Íslenska fæðuklasanum góðar óskir um velgengni í uppbyggingu sinni og öflugan stuðning frá stjórnvöldum og íslensku atvinnulífi.

**Trausti Hjálmarsson,**  
formaður Bændasamtaka Íslands.



Trausti Hjálmarsson.



Í Stokkhólmsfirlýsingunni sem samþykkt var á nýafstöðu heimsþingi IUFRO er heimsbyggðin eindregið hvött til að gripa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum, minnkandi líffjölbreytni, hnignun vistkerfa, mengun umhverfis og vaxandi misrétti í samfélginu.

Framsýnna langtíma markmiða sé þörf. Sérstaklega er bent á mikilvægi skóga, trjáa og skógarafurða á leið til sjálfbærni og hagsældar í framtíðinni.

Tuttugasta og sjötta heimsráðstefna IUFRO, alheimssamtaka skógvísindastofnana, fór fram í Stokkhólmi 23.-29. júní. Alls voru þáttakendur 4.271 talsins frá 102 löndum. Ráðstefnan skapar alþjóðlegan vettvang fyrir folk í öllum greinum sem tengjast skógu og skógvísindum til að miðla þekkingu og skiptast á sjónarmiðum. Einnig gefur ráðstefnan ungu fólk fær að leggja sitt til málanna en einnig fólk í stjórmálum og stjórnýslu, forystufólk í skógargeiranum, fulltrúum fyrirtækja og stofnana og fulltrúum frjálsra félagsamtaka. Fulltrúar frá Íslandi voru áttu talsins, þar að fimm frá Landi og skógi.

Heimsráðstefna IUFRO fer fram á fjögurra til fimm ára fresti og þar er gefin út yfirlýsing í samræmi við meginviðfangsefni ráðstefnunnar hverju sinni sem nú var skógar og samfélag til 2050. Í yfirlýsingunni sem samþykkt var í lok ráðstefnunnar laugardaginn 29. júní er heimsbyggðin eindregið hvött til að gripa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum, minnkandi líffjölbreytni, hnignun vistkerfa, mengun umhverfis og vaxandi misrétti í samfélginu. Langtíma-markmiða sé þörf.

**Fjögur áhersluefni yfirlýsingarinnar**

Í yfirlýsingunni eru fjögur atriði tiltekin sérstaklega sem heimsþingið telur skipta skópum svo tryggja megi framtíð skógarvistkerfa og þar með farseld fólkum um allan heim. Í þessum atriðum felist leiðsögn til forystufólkum um þær breytingar sem nauðsynlegar séu á leið til sjálfbærar framtíðar.

- Að styrkja seiglu og viðnámsþrótt skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum.
- Að viðhalda og styrkja félagsleg verðmæti skóga í þágu sjálfbærra samfélaga.
- Að víkka út hlutverk skóga og skógarafurða í ábyrgu hringsarkerfi sem yfir undir efnahagsþróun, lífsafkomu fólk, hamlar gegn loftslagsbreytingum og stuðlar að kolefnishlutlausu efnahagslífi.
- Að þróa skógartengd vísindi til framtíðar.

**Timbur leysi önnur efni af íbyggingum**

Sérstaklega er bent í yfirlýsingunni á mikilvægi skóga, trjáa og skógarafurða á leið til sjálfbærni og hagsældar í framtíðinni. Um leið er minnt á að skógarinn hafi ekki að geyma allsherjarlausn á umhverfis- og loftslagsvandanum og að skógarinn séu sjálfrí í hættu ef ekki tekst að gripa til róttækra aðgerða á öðrum svíðum samfélags og mannlegra athafna.

Á ráðstefnunni var ekki síst mikil áhersla lögð á mikilvægi þess að skipta yfir í timbur og aðrar skógarafurðir sem byggingarefni með sívaxandi þéttbýlismyndun. Þetta kom vel fram

# Hlustið á vísindin og hefjist handa



Forystufólk IFSA – alþjóðlegra samtaka skógvísindanema – við merki IUFRO-ráðstefnunnar 2024.



Veggspjald um Land og skógi báð SNS á ráðstefnunni.

Í innblásinni ræðu Hans Joachims Schellnhubers professors á lokadegi ráðstefnunnar. Hann ræddi um uppbyggingu bæja og borga sem filinn í sjálfbærniherbergini. Þar væru umskiptin frá mengandi efnun eins og stáli, steinsteypu og jarðefnaelsneyti yfir í timbur afgerandi þáttur í loftslagsbaráttunni.

**Ógnir sem steðja að umhverfinu og vísindunum**

Undirstrikað er í yfirlýsingunni að líta þurfi til allra priggja meginþáttu sjálfbærni, hins vistfræðilega, efnahagslega og samfélagslega, og móta stefnu í sameiningu. Sérstaklega er minnt á mikilvægi rannsóknar og þekkingar í skógvísindum en einnig þekkingar innan samfélaga sem saman geti mótað vegvisi fyrir almenning og leiðtoga inn í framtíðina.

Minnt er á mikilvægi samstarfs og samtals milli ólikra greina og svíða. Venna þurfi gegn óignum sem steðja að vísindum og rannsóknarsamstarfi með minnkandi trausti til vísindastofnana, dreifingu rangra eða villandi upplýsinga, óábyrgri notkun tækni, skorti á viðtæku samstarfi og átökum sem nú geisa landa í milli.

**Aðkallandi málefni**

Stokkhólmsfirlýsingin endur-speglar ýmis viðfangsefni sem voru áberandi á ráðstefnunni sem lauk 29. júní. Mikil var rætt um dvinandi líffjölbreytni og viðbrögð við henni, kynjajafnrétti og almenn réttindi fólk og samfélaga. Einnig var áberandi í dagskránni virkur

flutningur erfðaefnis trjátegunda til aðlögunar, sem á ensku kallast assisted migration, og getur við skipt sköpum til að svæði haldist skógi vaxin þegar meðalhitu hækkar. Svo kólluð samfelluskógrækt var einnig mikil í umræðunni, þar sem leitast er við að nytjaskógar verði misaldra frekar en jafnaldra og einnig samsettir úr mörgum trjátegundum frekar en einni eða tveimur. Í tengslum við það var mikil fjallað um þær aðferðir sem þarf til að nytja slika skóga.

**Skref að jafnraði kynjanna**

Í lokaræðu sinni á ráðstefnunni sendi John Parrota, fráfarandi forseti IUFRO, ákall til heims- byggðarinnar um markvissar, sanngjarnar aðgerðir sem byggðar væru á bestu fánlegu þekkingu vísindasamfélagsins um allan heim svo taka mætti upplýstar ákvarðanir af framsýni. Við Parotta tekur nú fyrsta konan sem gegnir embætti forseta IUFRO, Daniela Kleinschmit, professor við háskólan í Freiburg í Þýskalandi. Þetta markar tímamót í skógvísindum og endurspeglar vaxandi hlutverk kvenna í skógargeiranum. Á nýafstöðu heimsþingi IUFRO voru 44% fulltrúanna konur, flestar undir fertugu, sem bendir til jákvæðrar þróunar í át að raunverulegu kynjajafnvægi og fjölbreytileika í forystu skógarmála.

Samandregið eru skilaboð IUFRO-heimsráðstefnunnar 2024 þessi: Hlustið á vísindin og hefjist handa! Samanregið eru skilaboð IUFRO-heimsráðstefnunnar 2024 þessi: Hlustið á vísindin og hefjist handa!

Höfundur er kynningarstjóri hjá Landi og skógi.

**Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.**

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



# Gengið á rétt bænda með gullhúðun

Árið 1993 skrifaði Ísland undir milliríkjasamning sem átti eftir að hafa mikil áhrif á íslenskt samfélag og efnahagslíf.



**Njörður Bruun.** Samningurinn bar heitið „Samningur um Evrópska efnahagsvæðið“ en er gjarnan kallaður EES-samningurinn. Samningurinn fylljar um sameiginlegt efnahagssvæði milli 31 ríkis í Evrópu, en það eru aðildarríki Evrópusambandsins og þrjú aðildarríkja EFTA, Noregur, Ísland og Liechtenstein. Með samningnum fengu EFTA-ríkin aðgang að innri markaði ESB án þess að gerast fullgildir aðilar þess. Helsti ávinnungur samstarfsins er fjórfrelsið, þ.e. frjálst flæði vara, vinnafls, þjónustu og fjármagns, sem nái þá ekki eingöngu til aðildarríkja Evrópusambandsins heldur einnig til EFTA-ríkjanna.

Til að ná fram einsleitu Evrópsku efnahagssvæði er nauðsynlegt að sú afleidda löggjöf (gerðir) sem stofnanir ESB setja, á svíði fjórfrelsins og tengdum svíðum, sé tekin upp í EES-samninginn. Þegar löggjöfin er tekin upp í samninginn er samningsaðilinn því skuldbundinn til að innleiða hana í landsrétt sinn, s.s. í íslensk lög. Eðlilegt er að þegar aðildarríki taka upp slík lög hafi þau ákveðið svigrum til þess að aðlaga EES-reglurnar að landsrétti sínum. Það er þó ekki sama hvernig slík aðlögun fer fram og er mikilvægt að þar sé vandað til verka.

## Hvað er gullhúðun?

Erindi þessarar greinar er að beina sjónum að fyrirbæri sem kallast gullhúðun. Fyrirbæri þetta kann að hljóma eins og einhver jákvæður hlutur miðað við nafn þess, en það er þó síður en svo. Hugtakið er notað um það þegar stjórnvöld einstakra ríkja ganga lengra og setja meira íþyngjandi ákvæði en gerðar eru lágmarskröfur um í EES-gerðum við innleiðingu. Samkvæmt EES-reglum er aðildarríkjum vissulega heimilt að gullhúða reglur en að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Við innleiðingu eiga stjórnvöld að gera grein fyrir ef gerðar eru meiri kröfur í innleiðingarlöggjöfinni en felst í lágmarskröfum þeirra gerða sem verið er að innleiða og að auki skal rökstýðja þær auknu kröfur. Gullhúðun á sér nokkrar birtningarmyndir. Það telst þannig vera gullhúðun að:

- Setja ítarlegri reglur umfram þær lágmarskröfur sem kveðið er á um í þeiri tilskipun sem verið er að innleiða.
- Víkka út gildissvið tilskipunar til dæmis með því að nota víðtækara orðalag en það sem kveðið er á um í henni.
- Nýta ekki til fulls þær undanþágur sem kveðið er á um í tilskipun.
- Með því að viðhalda innlendum lögum sem kveða á um strangari skilyrði en kveðið er á um í þeiri tilskipun sem verið er að innleiða.
- Setja viðurlög sem teljast ekki vera í samræmi við venju góðrar lagasetningar þar�endis.
- Og loks að innleiða tilskipun of snemma miðað við þá dagsetningu sem kveðið er á um í henni.

## Niðurstöður starfshóps um gullhúðun

Utanríkisráðherra skipaði starfshóp um aðgerðir gegn gullhúðun EES-gerða, en nýlega skilaði þessi starfshópur skýrslu af sér um þær niðurstöður sem komist var að. Þær niðurstöður voru nokkuð sláandi en samkvæmt þeim hafa íslensk stjórnvöld alls ekki staðið sína plíkt í að gæta að gullhúðun við innleiðingu EES-reglna og hafa ekki fylgt þeim lögbundnu reglum sem



## Vindorkugarður í Garpsdal – Virtual Room / Stafrænt herbergi.

Á meðan umsagnarferli stendur yfir geta hagsmunaaðilar kynnt sér verkefnið og niðurstöður umhverfismats í svo kölluðu Virtual Room sem er í líki þríðis samkomusalar þar sem hægt er að skoða efni umhverfismatsins.

Virtual Room er hluti af samráðsferli EM Orku og vonumst við til að það skapi umræðu með því að veita hagsmunaaðilum upplýsingar á miðli sem auðvelt og þægilegt er að nota.

Herbergið verður aðgengilegt frá heimasíðu EM Orku ([www.emorka.is](http://www.emorka.is)) frá mánudeginum 8. júlí og þar til umsagnarfrestur rennur út þann 19. ágúst.

Fyrir hönd EM Orku,  
Ríkarður Ragnarsson Verkefnastjóri

## Fortjöld á fellihýsi

Örfá fortjöld á fellihýsi með súlum á gamla verðinu - með allt að 40% afslætti

FET VERÐ	40% afslættur
8 179.000	<del>107.000</del> UPPLSETT
9 189.000	<del>113.000</del>
10 197.000	<del>118.000</del>
12 209.000	<del>125.000</del>
14 219.000	<del>130.000</del>

**Íslensk sóltjöld**  
Sjálfstandandi sóltjald með súlum fyrir hýslu: 44.900 **30.000**

**Sóltjald með 4 súlum**  
röndott grátt/hvít og blátt/hvít 19.900 **12.000**

**40%**  
**afsláttur**




Kynntu þér málin  
[www.seglagerdin.is](http://www.seglagerdin.is)



Eyjafjörður 5 Reykjavík

511 2200



## Veitulausnir

**MÁLMSTEYPA**  
Þorgríms Jónssonar ehf.

MÍDHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900



Lífræn kornrækt hefur verið stunduð með góðum árangri á Íslandi í fjölda ára.

Mynd / Aðsend

## Lífræn kornrækt á Íslandi

Lífrænt ræktaðar landbúnaðarvörur tengja flestir við hollan og góðan mat sem framleiddur er án eiturefna, notkunar erfðabreyttra plantna og tilbúins áburðar.

Lífrænn landbúnaður er hins vegar meira en bara bann við eiturefnum og tilbúnum áburði. Þetta er aðferðafræði sem vinnur að því að framleiða mat á sjálfbærin hátt, styðja við fjölbreytileika tegunda og hlúa að náttúrunni, dýrum og fólk. Til að hljóta lífræna vottun þurfa bændur að gangast undir strangar kröfur við ræktunina. Aðferðafræðin leggur áherslu að efla lífríki jarðvegsins og skipuleggja ræktun þannig að gangur náttúrunnar leysi hluta vandamála eða áskorana sem bændur standa frammi fyrir. Þannig er skiptiræktun lykilatriði, því skiptiræktun hjálpar til við að rjúfa hrингrás meindýra og sjúkdóma, ásamt því að bæta jarðvegsbyggingu og auka næringarefni í jarðveginum. Lífræn ræktun gerir líka strangari kröfur til búfjárhalds og eru til dæmis gerðar kröfur um meira rými sem eldisdýr þurfa að hafa en í „hefðbundinni“ ræktun. Útsetningurinn er að óföldi hefðbundið innan gæsalappa. Maðurinn hefur ræktað matvæli án tilbúins áburðar og eiturefna í árbúsundir og lífrænn landbúnaður ætti því kannski frekar að kallast hefðbundinn landbúnaður.

Ísland liggur það norðarlega að kornrækt hér er áhættusamari en sunnar í Evrópu sökum kaldra og stuttra sumra. Vandamál sem íslenskir kornræktarbændur, lífrænir eður ei, glíma við eru sem dæmi slök kornfylling eða misjöfn kornastærð.

Lífræn kornrækt hefur engu að síður verið stunduð með góðum árangri á Íslandi í fjölda ára. Bekktasti ræktandinn er án efa frumkvöðullinn Eymundur Magnússon í Vallanesi á Héraði, en hann hefur ræktað korn til mænnidis, einkum bygg, síðan 1985. Hann hefur hlutið fjöldu viðurkenninga fyrir störf sín við ræktun. Austur-Landeyjar eru gott kornræktarsvæði og þar eru ein fjögur lífræn bú starfandi og flestir stunda einnig kornrækt að einhverju marki. Lífræn efni og jarðvegslíf skipta sköpum fyrir frjósemi jarðvegsins og bændur nýta moltu, húsdýráburð og plöntuleifar til að auka lífræn efni í jarðveginum. Þetta hjálpar til við að bæta jarðvegsbyggingu, jarðvegurinn heldur betur raka og örveruvirkni skapar heilbrigtrum umhverfi fyrir vöxt plantna.

Lífrænn landbúnaður er ekki óumdeildur og í gegnum árin hafa það sérstaklega verið aðilar sem hafa hagsmuni af sölu áburðar og eiturefna sem tala af festu gegn lífrænni ræktun. Það er kannski ekki skrýtið, því er allur landbúnaður væri lífrænn myndu mikilvægir tekjustraumar þeirra hverfa. Ein helstu rök þeirra sem tala gegn lífrænum landbúnaði eru þau að það sé ómógulegt að framleiða mat fyrir allan heiminn með lífrænum aðferðum, uppskeran sé svo litil og ótrygg.

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á kornrækt með lífrænum aðferðum í samanburði við „hefðbundna“ ræktun korns. Helstu niðurstöður eru þær að uppskera lífrænna kerfa getur verið á bilinu 10–30% minni, algengt um 20%. Rodale Institute í Bandaríkjunum hefur staðið fyrir lengstu samanburðartilraunum milli „hefðbundinna“ ræktunarkerfa og lífrænna kerfa og hafa þær verið í gangi síðan 1981. Niðurstöður þeirra hafa sýnt að á meðan landið er að aðlagast því að ekki sé notaður tilbúinn áburður og jarðvegslíf og lífræn efni er að byggjast upp í jarðveginum megi búast við minni uppskeru. Með tímanum minnki þessi munur og geti uppskera verið sambærileg milli kerfa. Tilraunir þeirra hafa líka sýnt að uppskera lífrænu spildanna getur orðið allt að 30% meiri en hinna þegar þurrkar geisa vegna getu lífræna jarðvegsins til að geyma vatn.

Árið 2015 var gerð áhugaverð rannsókn við Berkley-háskóla í Kaliforníu. Safnað var saman gögnum úr 115 rannsóknum og tæplega 1.100 uppskerumælingum þar sem samanburður var gerður á afköstum lífrænna ræktunarkerfa samanborið við „hefðbundinna“. Leiðrétt var fyrir mismunandi aðferðafræði við rannsóknirnar, landfræðilegri staðsetningu og tegundar uppskeru. Niðurstöðurnar sýndu að 19% minni uppskeru var meðaltal allra þessara rannsókna EN með vönöndum skiptiræktarætlunum og skjólsáningu (að sá fleiri en einni tegund fræja í akrana, e. Intercropping) mátti minnka þennan mun niður í 8–9%. Við kornrækt voru það fyrst og fremst skiptirækt, sáning belgjura með korni og notkun þekjuplantna (e. cover crop) þegar land var ekki í notkun sem skilaði mestu. Bændur hér á landi þekkja vel skjólsáningu en rannsóknin sýndi að áhrif þessarar aðferðar voru háð plöntutegundum og landfræðilegri legu tilraunastykkjanna.

Matvælastofnun í samstarfi við Lbhí stóð fyrir rannsóknum á korni á árunum 2009–2011 þar sem gæði íslensks korns voru rannsókuð og borin saman við innfluttn korn. Íslensku sýnin sem voru rannsókuð voru bæði úr „hefðbundinni“ og lífrænni ræktun. Niðurstöðurnar sýndu að íslenskt lífrænt korn stenst fullkomlega samanburð við korn ræktað með „hefðbundnum“ aðferðum hvað varðar gæði og þúsundkorna þunga.

Framleiðsla matvæla eins og korns í heiminum í dag er gríðarlega háð aðföngum sem ekki eru fengin á sjálfbærin hátt og sá dagur mun koma að þau ganga til þurrðar eða of dýrt verður að moka þeim upp. Það er því til mikils að vinna fyrir kynslóðir framtíðarinnar að leita leiða til að leggja af ósjálfsbærar aðferðir við matvælaframleiðslu.

Gunnar Bjarnason,  
stjórnarmaður í VOR og  
ræktandi lífrænna matvæla.



Bann 22. ágúst 2022 voru kartöflugrös fallin í flestum landshlutum en ekki í Nesjum.

## Kartaflan

– Erindi flutt á Humarhátið á Höfn 29. júní 2024

**Hvað vitum við um kartöfluna?**  
Þessa nytjajurt sem heitir á fræðimáli Solanum tuberosum (jurtin af náttukuggaættinni sem ber hnýði). Þessa ofurfaðu sem hægt er að lifa algjörlega á ef smá salt og smjör er fyrir hendi.

Kartaflan er náskyld tómata-plöntunni og á hana kom ber sem hún sáir sér með í heimkynnum sínum.

Kartöfluræ gefa þá oft að miislita uppskeru með kartöfluhnúða í öllum regnbogans litum stærðum og lögunum. Þegar talað er um afbrigði kartöflunnar er átt við framræktaða klóna sem erfðafræðilega eru allir eins.

Uppruni kartöflunnar er í Vesturheimi, það er í Suður-Ameríku þar sem Inkar höfðu lengi ræktad hana og enginn mátti borda dökkr fjölbúlaar kartöflur nema Inkaeinvaldurinn einn.

Kartöflurnar berast síðan yfir hafið til Evrópu með landafundunum miklu, fyrst til Spánar og Portúgals, þar sem hún var í fyrstu eingöngu sjalffengið hnossgæti á konungsborðum. Og enginn þótti raunverulega aðalsborinn nema hann ætti pipukraga stífaðan með kartöflusterkjum. Fljótlega liggur síðan leið hennar upp eftir álfunni. Menn voru víða að prófa sig áfram og gekk misvel. Arið 1743 er kartöflurækt komin á fulla ferð í Danmörku, en þangað barst hún með Húgenottum.

Vísi-Gísli Magnússon byrjar að gera tilraunir með ræktun á jarðeplum í Skálholti undir verndarvæng biskupsfrúarinnar dóttir sinnar um 1683.

Eggert og Bjarni sem fara um landið 1752 lýsa tilraunum með ræktun jarðepla á nokkrum stöðum, aðallega á Suðurlandi þar sem menn eru að prófa sig áfram með misjöfnum árangri í kálgörðum sínum, sem hér höfðu verið við lýði frá landnámi. Þeir geta ekki um jarðeplarækt í A-Skaft. En furða sig á því hvað kálgarðar eru hér vöxtulegir í nágrenni jöklanna.

Betta er tímabil upplýsingarinnar og Danska landbúnaðarfélagið reynir að auka garðrækt meðal Íslendinga og sendir hingað bæði fræ og leiðbeiningarit. Ásamt því að tilskipun kemur frá danska kónginum um að garðrækt skuli stunda á stærstu býlum að viðlöggum sektum. Sr. Birni í Sauðlauksdal áskotnast hluti af sendingum landbúnaðarfélagsins og þann 28. september 1758 gefur hann út fyrstu leiðbeiningar um kartöflurækt á

Íslandi, á íslensku. Á þessum tíma upplýsingar og innréttингa fer verslóðin Seyðisfjörður að rétta úr kútnum og þangað flytja nokkrir verkkunnundir menn, m.a. sánski beykirinn Peter Malmquist.

En þetta tímabil upplýsingarinnar stóð ekki lengi því 1783 byrja Skaftárelitar og Móðuharðindin fylgja í kjölfarið, þegar landsmönnum fækkaði niður fyrir 40.000.

Um 1800 fer aðeins að rétta úr kútnum aftur er varðar garðamat og eru kálgarðar taldir 293 á landinu öllu 1802. Ber þar hæst að nefna Garða og Bessastaði á Álfanesi, hjá Birni lyfsala í Nesi og Scheel fangaverði í Reykjavík og hjá Lever kaupmanni á Akureyri sem reisti þar myndarlegan hlaðinn kartöflugarð. Á næstu 30 árum tíflast fjöldi matjurtagarða og jarðeplarækt fór að þykja til búdrýginda. Menn fóru að ná tökum á ræktuninni, forspírun, áburðargjöf o.fl. Þessi þekking breiddist út um allt landið og það fór að þykja fengur að komast yfir kartöflur til að stinga í jörðina. Oft voru þær keyptar af skútusjómönnum eða jafnvælu komu úr strandi. Þetta leiddi til þess að mörg mismunandi yrki/afbrigði voru ræktuð víð vegar um landið. Fyrstu heimildir um jarðeplarækt í Óræfum eru frá 1828 frá Hofi og höfðu þær kartöflur að öllum líkindum fengist úr strandi. Ein þeirra fyrstu til að setja niður jarðepli í Lóni var að líkindum Valgerður Ólafsdóttir, húsfreyja í Hlíð, strax fyrir 1850. Um 1880 eru þau það stórir matjurtagarðar í Dílknesi að til þess er tekið. Nú fara búnaðarskólarinnar að koma. Sá fyrsti í Ólafsdal 1880 og síðan Búnaðarskólinn á Eiðum 1883. Í þann skóla fer ungr maður af Berufjarðarströnd, Jón Jónsson Malmquist að nafni, um 1915. Á heimaskólinum hans keyptu menn oft kartöflur af frónskum duggurum og einstóku afbrigði reyndust betur en önnur og voru þá framræktuð og sum breiddust út. Var þetta lenska víða um land á 19. öld. Þannig að í lok aldarinnar eru þrjú afbrigði orðin þekkt um allt land. Gullauga uppskerumest, rauðar íslenskar sem þóttu bestar með saltfiskinum og bláar sem geymdust best fram á vorið, voru fremur uppskerurýrar. Þær bláar voru þó ræktar frá Ísafjörðri suður um allt land að Berufjarðarströnd.

Að námi loknu ræður Jón Malmquist sig suður í Nes í Hornafirði sem farkennari. Þar hittir hann síðan verdandi lífsförunat sinn, heimasætuna í Hoffelli, Halldóru Guðmundssdóttur. Árið 1920 fæðist fyrsta barnið og það ár er sáð í 5 ha af korni á Hoffelli og allmargar 100 kg tunnur af jarðeplum fást um haustið. Í Hoffelli gekk ræktun unga búfræðingsins með ágætum og árið 1934 varð hann

fyrstur til þess bæði að leggja inn kartöflur í kaupfélagini og senda suður til sölu, bött Hákon Finnsson á Borgum fylgdi þar fast á hæla honum. Þetta var í miðri kreppunni en eftirsprun var eftir þessari vöru og fíkkst lengi sauðarverð fyrir 2 tunnum af jarðeplum.

Í Morganblaðinu í mars 1937 er að finna auglýsingu, þar sem auglýstar eru kartöflur úr Hornafirði, þaðan sem kartöflusýkin hafði ekki borist. Sá ábati sem kartöfluræktin gaf á þessum tíma gerði Jóni kleift að kaupa 100 ha úr landi Árnaness og stofna nýbýlið Akurness. Fleiri fylgdu í kjölfarið með kartöfluræktina og á flestum bæjum þótti gott að geta komið með slíkt innlegg í kaupfélagið. Varð þetta til þess að kartöfluhús kaupfélagsins er byggt 1950, þar sem núna er veitingastaðurinn Hafið.

Í Akurnesi er enn í dag rekið kartöflubú til mikillar fyrirmynðar af afkomendum Jóns, sonum og sonarsyni. Árið 1955 byggir ráðunauturinn Egill, sonur Jóns, nýbýlið Seljavelli í nágrenni Akurness. Hefur hann halddi áfram á sömu braut og frændgarður hans í Akurnesi og rekið þar mikið myndarbú, ekki síst með áherslu á kartöflu- og nautgriparækt. Ekki má heldur gleyma Miðskeri, sem skv. mínum heimildum er 3. stærsta kartöflubú í Hornafirði. En þar bjuggu afkomendum Jóns Malmquist um langa hríð. Þegar Sævar heitinn og Bjarney taku við auka þau enn á kartöfluræktina og heppnaðist vel að hafa hana með svínaræktinni, sem þá styrktu hvor aðra.

En alveg eins og þeir Eggert og Bjarni sem fara um landið 1752 furða margir sig á því hvað kálgarðar eru hér vöxtulegir í nágrenni jöklanna. Þá má segja að skilyrði til kartöfluræktarar sér hér hvað best á landinu, þar sem tiltölulega hlýtt er hér og frost koma hér oftast seinna á haustin en í öðrum landshlutum. Helsti vágesturinn var á árum áður kartöflumyglan, sem unir sér best í fremur röku og hlýju lofti. En nú í dag ráða menn við hana.

I ár, þegar 90 ár eru liðin síðan bónið lagði fyrst fyrir sig sölu á kartöflum hér úr Hornafirði, á, í mínum huga, þessi ræktun hér, vissulega framtíðina fyrir sér, með þeim dugnaði, þrautseigju og útsjónarsemi hornfírska bænda sem hér hafa haft aðkomu að.

**Helstu heimildir:** Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, Blálandsdragtingin eftir Hildi Hákondóttur og Ferðabók Eggerts og Bjarna.

Höfundur er doktor í landbúnaðarvisindum frá SLU.



Úr Hnausaskógi í þorskafirði þar sem Arnlín er að segja frá Jochum sem hóf skógræktina á þessum stað.

## Aðalfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum

Aðalfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum var haldinn á handverksmarkaði Össu í Króksfjarðarnesi laugardaginn 29. júní 2024.

Mættir voru 13 félagar. Naomi Bos formaður fór yfir starfið á árinu. Breytingar urðu á stjórn frá fyrra ári þannig að í stað Naomi og Mörtu Guðrúnar Johanneshsdóttir í aðalstjórn voru kjörin þau Lilja Magnúsdóttir og Dagbjartur Bjarnason.

Stjórnin skipti með sér störfum á þá leið að Lilja Magnúsdóttir er formaður, Arnlín Óladóttir er gjaldkeri og Dagbjartur Bjarnason ritari. Auk hefðbundinna aðalfundurstarfa var rætt um fyrirhugað málþing á Laugum í Sælingsdal þann 12. október í haust og drög að dagskrá sem lágu fyrir fundinum. Áhugi er fyrir því að fá formenn og stjórnir annarra skógarbændafélaga til skrafs og ráðagerða um að sameina krafta skógarbænda og raða sameiginlega framtíðarsýn. Var nýrri stjórn falið að vinna þessar hugmyndir áfram og mun nýkjörin stjórn skógarbænda á Vestfjörðum setja sig í samband við kollega sína í öðrum landshlutum til að fá þá í lið með sér við þessa umræðu.

Mikill áhugi var fyrir málþinginu í haust og mun ný stjórn vinna áfram með drög að dagskránni og koma henni á framfæri sem allra fyrst.

Eftir fund var gengið um Skóga í þorskafirði undir handleiðslu Halldórs Þorgeirssonar og Eyglóar Gisladóttur ásamt Arnlín Oladóttur sem sögðu frá þessum fallega og sérstaka skógi. Jörðin Skógar eru í eigu Bahá'í samfélagsins á Íslandi og hefur mikil vinna verið lögð þar í gróðursetningu og fegrun umhverfisins með stígagerð og auðveldara aðgengi.

Stjórn skógarbænda á Vestfjörðum skipa nú Lilja Magnúsdóttir, formaður, skógarbóndi í Tálknafirði, Dagbjartur Bjarnason, ritari, skógarbóndi í Dýrafirði og Arnlín Óladóttir, gjaldkeri, skógarbóndi í Bjarnarfirði á Ströndum.



Lilja Magnúsdóttir.

Dagbjartur Bjarnason.

Höfundar eru i stjórn Félags skógarbænda á Vestfjörðum.

**SERES 3**  
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

**TILBOÐSVERÐ**  
**Kr. 4.100.000**  
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

**RAG**  
import - export  
Helluhraun 4, Hafnarfirði  
sími 565 2727 & 892 7502  
[www.rag.is](http://www.rag.is)

**VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“**

**Besti vinur blóma og berja**  
Ylplast fyrir sólskála, gróðurhús og þakglugga

**Signa**
**Fást**

- Létt og meðfærilegt efni
- Veitir vörn gegn UV geislum
- Fjölbreyttar þykktir og stærðir

Signa ehf
Bæjarflöt 19-o, 112 Rvk
[www.signa.is](http://www.signa.is)
544 45 45
signa@signa.is

**Forvitna Hekla, lifir ævintýraríku lífi á Egilsstöðum, Héraði. En, úps, einn daginn óhlýðnast hún móður sinni og fýkur óvænt með stormi alla leið til Grænlands.**

**Danska þýðing bókarinnar var dreift til grunnskólanemenda í Ilulissat árið 2023 til frekari fræðslu um lífið á Íslandi. Á sama tíma var höfundur að afla heimilda fyrir framhald bókarinnar.**

**Veiðimaðurinn Emil, býr við friðlýstan ísjörð á Grænlandi. Einn daginn er Emil á netaveiðum með afa sínum og ömmu þegar hann fær óvænt stelpu í netið.**

**Í bókunum gefst einstök innsýn í menningarheim tveggja landa. Hekla og Emil koma frá ólíkum stöðum en þegar þau fara að kynnast, kemur fljótt í ljós að áhugamál þeirra eru ekki svo ólík.**



**Íslensku bækurnar fást hjá Forlaginu, Pennanum og Sölku en danska bókin fæst hjá höfundi: [hallaeysteins@gmail.com](mailto:hallaeysteins@gmail.com)**



Eldgosið í Sundhnúksgígaröð þann 29. mars, um 40 minútum eftir að gosið hófst.

Mynd / Veðurstofa Íslands – Halldór Björnsson

# Hraunflóðavarnir og bekking

Nú eru í gangi umfangsmiklir jarðeldar á Reykjanesskaga, hafa þegar verið í gangi í meira en þrjú ár og allt sem bendir til að þeir eigi eftir að ríkja með hléum a.m.k. næstu áratugina. Þegar hafa þessar hamfarir lamað Grindavík og ekki er fyrirséð hvenær líf og starf kemst þar aftur í eðlilegt horf, eða hvort það verður.



Páll Imsland.

Mikið hefur verið gert í varnarmálum á svæðinu og mikil áhersla lögð á að allt sé gert í þeim málum sem m ö g u l e g t er.

Tvenns konar aðgerðir standa upp úr, annars vegar beinar aðgerðir til varnar lífi og mannvirkjum, sem almannavarnakerfið stýrir, og hins vegar viðleitni til að skilja náttúruna í því augnamiði að auðvelda okkur að

nýta hana sem allra mest áfyllalaust, sem vísinda- og tæknifolk sér einkum um. Byggðir hafa verið garðar til varna og vatnskæling farið fram á rennandi hrauni og hefur hvort tveggja sýnt sig að virka vel á svæðinu og koma að gagni. Það ýtir undir bjartsýni og eykur von um að okkur muni takast að verjast vel og bera kannski einhvers konar sigur af hólmi.

Rannsóknir á náttúrunni eru nauðsynlegar til að afla þess skilnings og þeirrar reynslu sem nauðsynleg er sem undirstaða mannlífs og athafna í flókinni og

mikilvirkri náttúru. Það hefur oft heyrst á náttúrufræðingum sem starfa á þessum vettvangi átakanna við náttúruna á Reykjanesskaganum, þeim verkfræðingum sem standa fyrir varnarframkvæmdum á svæðinu, framámonnum almannavarna í landinu, stjórnendum sveitarfélaga á Reykjanessvæðinu og stjórnálmamönnum, að allt verði að gera sem hægt er, sem getur aukið skilning okkar á þessari gerð atburða í náttúrunni og þar með virkni og árangri varnar- og viðbragðságerða.

Ef til vill hefði verið best og ódýrast að yfirgefa Grindavík að fullu strax í upphafi atburða og láta náttúruna á svæðinu hafa sinn náttúrulega framgang, en það var ekki gert og hefur líklega í alvöru ekki hvarflað að nokkrum manni. Það er ekki eðli okkar að láta þannig

undan án baráttu. Það er líka mikið í húfi sem mönnum líkar ekki að yfirgefa. Náttúra svæðisins bæði í sjó og á landi er of gefandi og dýrmælt til að yfirgefa hana þannig og láta ónytta. Þetta á ekki bara við um Grindavík, heldur teygir hin ríka náttúra sig um Reykjanessvæðið allt.

Það er því ljóst að við munum halda baráttu gegn náttúrvánunum á Reykjanesskaga áfram, bæði til varna og lerdóms, annað er ekki í blöði okkar.

Helstu varnaraðgerðir sem mögulegar eru gegn hraunflæði eru talðar vera brennar: gerð varnarmannvirkja, garða og skurða, kæling á rennandi hrauni, einkum með því að sprauta á það vatni og bygging innri stíflu í rennandi hrauni með því að varpa sprengjum í hrauntauma og vakandi hrauntjarnir.

Garðabygging hefur sýnt sig að virka vel gegn hraunrennsli ef umrætt gos flytur heita þunnnfljótandi kviku sem flæðir fram í fremur þunnum hrauntungum eins og flæðigos sem breiða út helluhraun yfirleitt gera. Ef þörf krefur má líka beita saman garðabyggingum og greftri skurða sem taka við hraunrennslinu. Þessar aðgerðir eru framkvæmdar til þess að beina hraunrennsli í ákveðna farvegi brott frá því sem verja þarf og inn á svæði þar sem minna er í húfi. Þetta hefur verið reynt viða og er elsta daemi um þessa viðleitni úr hlíðum Etnu fyrir nokkrum hundruðum ára. Í nágrenni Grindavíkur er góð reynsla af þessu og mikil vitneskja um efni og aðgerðir er þegar komin fram og í gagnið á svæðinu.

Kæling hrauns er flókið mál og erfitt, ekki síst vegna þess hversu orkufrekt það er að dæla upp í móti. Þó hefur kæling verið við höfd á Reykjanesskaganum með árangri, þó í tiltölulega smáum stil sé. Hins vegar var þessi aðgerð notuð í Heimaeyjargosinu í stórum stil og með miklum og góðum árangri. Þar var þó um allt annars konar hraunrennsli að ræða, kaldara og seigara hraun sem mjakaðist fram fremur en að renna. Þar voru einnig þær aðstæður að ekki þurfti að dæla sjónum neitt að ráði upp á við og auk þess ótakmarkaður aðgangur að kælisjó. Þar var unnið stórkostlegt verk á þessum vettvangi, en enn á eftir að vinna faglega og fræðilega úr þeirri reynslu sem þar aflaðist þannig að hún sé tiltæk og aðgengileg til eftibreytni.

Þriðja aðgerðin sem að ofan var minnst á, sprengingar í fljótandi hrauni, hefur lítið verið reynd og upplýsingar um virkni hennar eru ekki almennt tiltaekar. Þessi aðgerð byggist á því, að sé sprengjum kastað í fljótandi hraun tæst það og kólnar í leiðinni. Falli tætta efnid, sem kólnar og stífnar við tætinguna, aftur í sama farið, byggist upp í hrauntaumnum innri stífla, sem hindar greitt rennsli. Þessi einfalda hugmynd er sem sagt að mestu leyti óreynd enn og ekki mikið um gagnlegar upplýsingar um árangur. Lika má hugleiða þann möguleika að sprengja hraunajöðra þar sem hraun er að bunkast upp og byggja upp þrysting. Með þessu má kannski í ákveðnum tilvikum léttá á þrystingi á óheppilegum stað og opna fyrir rennsli og hleypa hrauntaumi á heppilegra svæði.

Þetta er atriði sem við þurfum að snúa okkur að í næstu gosum á Reykjanesskaganum, að kanna áhrifin af sprengingum í hrauni, að þekkingar og reynslu. Þetta er verkefni sem líklega myndi falla í hendur Landhelgisgæslunnar að framkvæma og nú verður að virkja hana til þessara verka í samvinnu við jarðvísindamenn og verkfræðinga þannig að við öðlumst reynslu og vitneskju um það hvort við getum í framtíðinni, bæði í restinni af Reykjaneseldum hinum nýju og í eldgosum í enn lengri framtíð, beitt þessari aðgerð okkur til gagns.

Við höfum þegar sagt, að allt þurfi og eigi að gera sem hægt er til að örlast skilnig á eðli eldvirkninnar og varnaraðferðum gegn henni. Við munum aldrei fyrirbyggja eldgos en við verðum að gera allt sem við getum til að geta lifað við þau í eins mikilli sátt og hægt er. Í þeirri sátt er fólgjöld að við verjumst og holdum þannig okkar hlut. Þessi tillaga míin um að við leggjum í þann kostnað og þá vinnu sem fólgin er í að gera sprengitilaunir í hraunálum og hraunvökum er sett hér fram í fullri alvöru og með þungri áherslu. Allt annað er kæruleysi. Boltinn er hjá yfirvöldum almannavarna í landinu, að sjá til þess að málið sofni ekki. Það er í raun furða að það skuli ekki þegar hafa komist á dagskrá og verið rætt opinberlega.

Höfundur er jarðfræðingur.



LEIGUVARA

## HVERNIG VÆRI AÐ FARΑ FREKAR INN UM GLUGGANN?

Liftroller er lausn sem auðveldar allan flutning á byggingarefni á færibandí inn og út af verkstað. Þannig minnkar alagjöld á starfsfólk.

[www.byko.is/leiga](http://www.byko.is/leiga) | [leiga@byko.is](mailto:leiga@byko.is) | 515 4020

liftroller®

BYKO  
GERUM PETTA SAMAN



Flestir landsmenn búa á StóR-Reykjavíkursvæðinu.

Mynd / Evelyn Paris

# Fámenn þjóð í stóru landi

Í nýlegum tölum frá Hagstofu Íslands má sjá að 365.256 (95%) Íslendingar búa í byggðakjörnum og 18.470 (5%) í dreifbýli.

A höfuðborgarsvæðinu eru 244.177 íbúar (64% landsmanna) en aðeins 139.549 (36%) búa utan höfuðborgarsvæðisins.

Þessi tölfræði sýnir skýrt hversu stóran hluta landsins byggðin dreifist á. Við erum fámenn þjóð í stóru landi og það er mikilvægt nú, sem aldrrei fyrr, að byggja upp sterka innviði á landsbyggðinni. Tryggja þarf fólk um allt land öruggar og greiðar samgöngur og aðra þjónustu hins opinbera. Jafnframt þarf að stuðla að því með markvissum hætti að opinber störf dreifist jafnar um landið.

Landsbyggðin býður upp á aukin lífsgæði og tækiferi, sérstaklega fyrir ungt fólk sem hefur sótt sér þekkingu og menntun. Landsbyggðin þarf á því fólk að halda. Það eru mikil lífsgæði fólinum í því að þurfa ekki að sitja fastur í bíl á milli staða, að koma barninu sínu með skjótum hætti í leikskóla og eiga möguleika á að eignast húsnaði á viðráðanlegu verði. Við þurfum breytta byggðastefnu sem setur byggðamál í öndvegi og leggur áherslu á jafnrétti óháð búsetu. Við þurfum að taka tillit til byggðasjónarmiða þvert á öll mállefnsvið og styðja við nýsköpun og atvinnuupþryggingu fyrirtækja og einstaklinga um allt land.

**Hlutfallsleg fólksfjölgun mest á Suðurnesjum og Suðurlandi**

Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 4.888 fleiri þann 1. janúar 2024 en fyrir ári.

Það jafngildir 2,0% fjölgun íbúa á einu ári. Hlutfallsleg fólksfjölgun var mest á Suðurnesjum og Suðurlandi þar sem fjöldaði um 4,1% á síðasta ári. Í öðrum landshlutum var fólksfjölgun undir landsmeðaltali; á Vesturlandi fjöldaði um 2,0%, á Vestfjörðum fjöldaði um 1,0%, á Norðurlandi eystra um 1,3% og á Austurlandi um 1,9%. Minnst fjölgun var á Norðurlandi vestra, en þar fjöldaði einungis um 47 einstaklinga, eða 0,6%.

**63% mannfjöldans býr á StóR-Reykjavíkursvæðinu**

Um 63% mannfjöldans bjó á StóR-Reykjavíkursvæðinu 1. janúar 2024, þ.e. samfellið byggð frá Hafnarfirði til Mosfellsbæjar, alls 239.733. Næststærsta þéttbýlið var í Keflavík og Njarðvík, þar sem bjuggu 21.847 íbúar, og á Akureyri og nágrenni, með 19.847 íbúa.

Alls bjuggu 22.385 einstaklingar í strjálbýli, eða 5,8% mannfjöldans, en með strjálbýli er átt við sveit eða byggðarkjarna með færri en 200 íbúa.

**Tækifæri til breyttar byggðarþróunar**

Það er tækifæri til að snúa byggðarþróun við með því að auka húsnaðisframboð á ódýrara húsnaði á landsbyggðinni, þar sem nægt lóðarpláss er til staðar. Ríkið þarf að fylgja með þjónustu sinni til að tryggja að fólk um allt land hafi aðgang að nauðsynlegri þjónustu.

Með markvissri uppbryggingu og stuðningi getum við skapað sterka og sjálfbærara samfélag á landsbyggðinni, sem nýttir sér kosti þess að vera fámenn þjóð í stóru landi.

Höfundur er bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs í Suðurnesjaba.

## Löggilding, skoðun og ísetningar á ökuritum og hraðatakmörkum



Við erum með nyjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum



**Vík verkstæði**

Einhella 6, 221 Hafnarfirði



Endilega hafið samband og sjáð hvort við getum ekki leyst ykkar mál.

Águst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is



Trésmiðjan Akur

## AKURShús - íbúðarhús og fristundahús

Afhent óuppsett í einingum eða uppsett á byggingarstað  
- Allt eftir þínum óskum

**65**  
ára  
1959-2024

Kynntu þér  
húsabæklinginn  
okkar á [akur.is](#)  
og fáðu  
verðáætlun í  
húsið þitt

Sendu okkur línu á [akur@akur.is](mailto:akur@akur.is)



Íslensk hönnun & framleiðsla



Smiðjuvellar 9 | 300 Akranes | 430 6600 | [akur@akur.is](mailto:akur@akur.is)



**Lífrænt  
hreinsivirk!**

— NÚTÍMA ROTPRÓ —

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil

Mögulegt að breyta í skólpdreinsistöð síðar

Býsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar

**HVAMMSHÓLAR**

SIGURÐUR VÍGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI

+354 660 4085

[SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS](mailto:SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS)

**TEXACO**

# Smurolíur



Hjá okkur finnur þú frábært úrval af hágæða olíuvörum fyrir allar gerðir vinnuvéla og landbúnaðartækja



Skannaðu QR kóðann fyrir allt úrval og sölustaði



**olis**



„Ef afkoma sauðfjárbúa er skoðuð nánar, þá kemur í ljós að afurðatekjur eru nálega þær sömu og breytilegur kostnaður búanna,“ segir Lárus.

## Að ræða kjarna málsins og leita lausna

Enn er látið að því liggja að það sé einhver réttarfarsóvissa um að óheimilt sé að beita lönd annarra í óleyfi, og að sveitarfélögum beri að smala því fí.

Það prátta fyrir marga úrskurði um málið:

- Umboðsmaður alþingis 2022
- Innviðaráðuneytið feb. 2024
- Matvælaráðuneytið feb. 2024
- Innviðaráðuneytið apríl 2024

...og til að taka af allan vafa, þá setur matvælaráðuneytið ekki lög heldur Alþingi. Matvælaráðuneytið er hluti af framkvæmdarvaldinu, sem ber að fara að lögum settum af Alþingi.

Við erum komin alveg út á tún – ef það er ekki hægt að reka sauðfjárbú nema:

- allir aðrir girði, en ekki fjárbúið sökum kostnaðar
- beita lönd nágranna í óleyfi
- beita afrétti með ósjálfbærum hætti

Það er fjárhagslega hagkvæmara að framleiða ekki lambakjöt í ósjálfbærum haga.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins birti greiningu á afkomu í landbúnaði 2018–2022 og afkomuspá fyrir árið 2023, 2. nóvember síðastliðinn.

Þar kemur í ljós að þrója hver króna í tekjur af sauðfjárrækt kemur úr opinberum styrkjum, þrója hver króna eru aðrar tekjur búsins og þrója hver er frá afurðasölu.



Lárus Elíasson.

Ef afkoma sauðfjárbúa er skoðuð nánar, þá kemur í ljós að afurðatekjur eru nálega þær sömu og breytilegur kostnaður búanna og mun minni en launakostnaður og breytilegur kostnaður til samans. Því væri afkoma bænda sú sama hvort sem þeir halda sauðfé eða ekki, ef styrkjum væri haldið þeim sömu. Því mæla öll rök með því að vel reknu sauðfjárbúin, með sjálfbæra hagagöngu, fái að vaxa og dafna en hin fái að hætta með reisn.

Hluti af opinberum tekjum sauðfjárræktar er vegna gæðastýringar sem á m.a. að tryggja sjálfbæra landnotkun, en allt að 40% af sauðfé gengur á afréttum sem ekki eru sjálfbærir samkvæmt Riti LbhÍ nr. 130 um Ástand lands og hrún íslenskra vistkerfa eftir Ólaf Arnalds frá 2020. Sauðfé er líka beitt á órfoka afrétti í 600 m hæð mönnum til skemmtunar (kallast lífsstill í sjónvarpi).

Við höfum nálega útrýmt skemmtiakstri vélknúinna ökutækja yfir viðkvæmt land, en þetta landníð er látið óárett. Landníð með ríkisstyrkjum er þróðri, ríkri, upplýstri þjóð til háborinnar skammar.

Höfundur er skógarbóndi á Rauðsgili, Borgarfjörði.

Staðið hefur yfir með hléum hrina eldgosa samfara jarðhræringum á Reykjanesskaga. Náttúruhamfarirnar hafa í för með sér hörムlegar afleiðingar fyrir íbúa, fyrtækni og stofnanir á Skaganum.

Grindvikingar hafa orðið hvað harðast úti í hamförum þessum. Þjóðin, með ríkisvaldið í broddi fylkingar, verður að rétta Reyknesingum hjálparhönd sakir þeirra ógna er að þeim steðja. Þjóð sem byggir tilveru sína á félagslegum og kristnum gildum, getur trauðlega verið þekkt fyrir annað.

### Hinn góði vilji

Í sögulegu samhengi höfum við góð fordæmi til eftirbreytni um endurreisn í kjölfar náttúruhamfara – frá Vestmannaeyjum, Kópaskeri, Súðavík og miklu víðar. Vitaskuld mátti ýmislegt betur fara í því endurreisnarstarfi. Þó skiptir meira máli, að viljann til góðra verka vantaði síst af öllu í því starfi. Og vonandi höfum við lært það mikil af þeim mistökum, sem við gerðum þá, að þau ættu síður að endurtaka sig nú.

### Ahrif eldosanna á flugið

Áhrifa eldsumbrotanna og jarðskjálftanna, sem nú geisa syðra, munu með margvislegu móti gæta viðar en á Reykjanesskaga. Þau snerta landíð allt. Eini alþjóðlegi millilandaflugvöllur landsins, sem eitthvað kveður að, er núna staðsettur á Miðnesheiði ofan við Keflavík. Lega vallarins á eldvirku svæði er þegar farin að draga úr komu erlends ferðafólks til landsins ásamt háu síhækkandi verðlagi og slælegri

markaðssetningu. Þjóðina sárvantar einn veltbúinn alþjóðlegan millilandaflugvöll í viðbót. Saman ættu tveir þess háttar vellir að þjóna landi og þjóð betur en einn gerir nú.

### Staðsetning nýs millilandaflugvallar

Ég er þeirrar skoðunar að Egilsstaðir séu ákjosanlegasti staðurinn fyrir nýjan millilandaflugvöll. Varavölliinn, sem þar er fyrir, ætti að endurbryggja sem slíkin. Kostirnir við það eru ótvíraðir. Millilandaflöllur eystra stæði á jarðfræðilega kyrru óeldvirku grágrýtissvæði utan eldvirkas beltisins. Þa eru lendingarskilyrði með ágætum á Egilsstöðum og staðviðri meiri á mið- og innanverðu Héraði en viða annars staðar. Samt geta illviðri geisað hvar sem er á landinu; en oft eru þau bundin við einstaka landshluta. Af þeim sökum er einmítt hyggilegt að hafa tvö aðalvelli og sem lengst á milli þeirra, svo að lenda megi á öðrum hvorum þeirra eftir aðstæðum, ef þannig skipast veður í lofti. Jafnframt yrði innanlandsflugið milli Austurlands og Suðvesturlands uglaust hagkvæmara í báðar áttir, ef alþjóðleg flugstöð risi á Egilsstöðum (fleiri farþegar). Svoledið stöð gæti einnig tengst með jarðgöngum undir Fjarðarheiði ferjusiglingum til og frá Seyðisfjörði og umskipunarhöfn í Finnafjörði. Þar að auki styttr það flugleiðina milli Íslands og Evrópu að fljúga frá Egilsstöðum, en styrt fugleidið til Vesturheims yrði eftir sem áður frá Keflavík.

### Hápolítisk viðkvæm byggðamál

Sú staðreynld að einungis skuli vera einn stór millilandaflugvöllur á landinu staðsettur á Miðnesheiði hefur í för með sér ójafna dreifingu ferðalanga um landíð. Suðurland og höfuðborgarsvæðið eru með langflestar gistiætur, en aðrir landshlutar fá miklu færri gistiætur í sinn hlut. Tvær flugstöðvar svo gott sem á sitt hvorum landsenda stuðluðu tvímaðalaust að jafnari dreifingu ferðafólks um Island. Slík jöfnun væri bæði jákvæð fyrir byggðirnar umhverfis landíð og minnkaði átroðning á fjölsóttstu skoðunarstaðina syðra samfara aðgangsstýringu.

### Ferskar afurðir og flug

Mikið er flutt út af ferskum matvælum með flugi frá Íslandi. Sá útflutningur fer nær allur um Keflavíkurflugvöll. Það hefur þær afleiðingar, að aflaheimildir safnast saman á Suðvesturlandi út örðrum landshlutum. Sem dæmi um það má nefna að útgerðir hafa lagt niður starfsstöðvar viða á landinu og færð aflaheimildir frá þeim til Reykjanesskagans. Já, þau sem eiga og reka fyrirtæki, vilja eðlilega, ef þau geta komið því við, staðsetja reksturinn þar sem innviðir eru traustir og þar sem samgöngur eru greiðar í allar áttir – enn ein röksemdin fyrir því að hafa tvö millilandaflugvelli á Íslandi.

### Akureyri aftur í beinu sambandi við útlönd

Erlend flugfélög eru loksins farin að fljúga til Akureyrar; og á flugvellinum þar er búið að taka í notkun nýbyggða flugstöð fyrir millilandaflug. Er það fagnaðarefni, þótt flugumferð um Akureyrarflugvöll mætti að ósekju vera meiri. Vónandi tekst fljótt og vel að gera flugstöð þessa þannig úr garði að flug þangað og þaðan

„Svoledið stöð gæti einnig tengst með jarðgöngum undir Fjarðarheiði ...“

verði með nútímatækni eins öruggt og kostur er miðað við þær aðstæður sem þar eru. Ekki veitir af að léttá álagið á Keflavíkurflugvelli, bæði við flugstöðina sjálfu og í henni. Að endingu má minna á að sigt var um aldir milli Eyjafjarðar og útlanda, bæði með folk og varning.

### Alexandersflugvöllur sem varavöllur fyrir landið allt

Einn er sá staður á Íslandi þar sem flugskilyrði eru með miklum ágætum, bæði vegna viðlendis og skjóls fyrir erfiðum vindáttum. Þessi staður heitir Sauðárkrókur og er í Skagafjörði. Oft gætir krappra lögða, er fara yfir landið með látum, litíð sem ekkert í Skagafjörði. Flugmenn hæla enda flug- og lendingarskilyrðum í firðinum. Þennan flugvöll ætti tvímaðalaust að byggja upp sem varavöll fyrir landið allt, því oft er þar lendandi, þegar hvergi er hægt að koma niður flugvélahjólum annars staðar fyrir illvöllum. Mér skilst að farþegapotum sé núna snúið við til nærliggjandi landa með tilheyrandi eldsneytiskostnaði, ef þær geta hvergi tyllt sér á flugbraut hérlandis. Þess gerðist síður þörf, væri virkur varauflugvöllur á Króknum.

### Er Flugstöð Leifs Eiríkssonar löngu sprungin?

Við hjónin rákum um nokkurt skeið bændagistingu. Við urðum margsinnis vitni að því þegar gestir okkar kvörtuðu yfir aðstöðu-, upplýsinga-, þjónustu- og viljaleysi á Keflavíkurflugvelli, til dæmis ef áætlanir fóru úr skorðum, fólk þyrfti að bíða lon og don og villur höfdu læðst inn í bókanir. Þeim þótti einnig samgöngur milli flugsstöðvarinnar og Reykjavíkurborgar dýrar. Hvers vegna ganga ekki almenningsstrætisvagnar alveg upp að aðaldyrum stöðvarinnar? spurðu þeir gjarnan, þegar þessi mál bar á góma. Hvers vegna er engin hraðlest á milli flugstöðvarinnar og höfuðborgarinnar? spurðu þeir einnig. Bara rándýrar rútuferðir eða leigubilar.


### Lokaorð

Ég er sannfærður um að Flugstöð Leifs Eiríkssonar verði varla aðgengilegri farþegum með því að prjóna endalaust við hana rangóllum og lengja leiðir innan hennar, þar til hún ummyndast í enn óaðgengilegra völundarhús en hún er nú þegar. Eina færa leiðin er að draga úr umferð um flugstöðina og færa hana annað, meðan nauðsynlegar endurbætur fara fram á stöðinni til þæginda fyrir viðskiptavinna. Loks þyrfti að bæta samgöngur milli stöðvarinnar og höfuðborgarinnar. Reykjanessbraut er nú varla skemmtilegasti vegur í heimi fyrir landann til að aka um, þegar umferð um hana er þung og veður rysjótt – hvað þá fyrir erlenda ferðalanga.

Höfundur er fv. sauðfjár- og ferðapjónustubóndi. Hann hefur mikinn áhuga á greiðum samgöngum og ferðapjónustu.

## STÁLGRIND TIL SÖLU!

495 fm<sup>2</sup> (18x27,5m)



Verð: 4,5 m. án vsk.

Nánari upplýsingar veitir

Gísli Már 842-5462 | gislia@veritas.is

# Um breytingu á búvörulögum samkvæmt lögum nr. 30/2024

Tilefni þessara skrifa er breyting á búvörulögum nr. 99/1993 sem gerð var með lögum nr. 30/2024.



Breytingin felur m.a. í sér að brátt fyrir ákvæði samkeppnislagar er framleiðenda-félögum skv. 5. gr. laganna heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli afurðastöðva að því er varðar framleiðslu einstakra kjótafurða og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjótvara. Eitt af þeim álitamálum sem risu vagna þessarar lagasetningar var hvort umrædd breyting laganna stœðist ákvæði EES-samningsins. Hér verður stuttlega vikið að þessu álitaefni og þess freistað að komast að niðurstöðu.

## Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB

Þess er fyrst að geta að landbúnaðarstefna ESB er sameiginleg fyrir öll aðildarríki þess. Samkvæmt því skal Sambandið móta og framkvæma sameiginlega stefnu í þessum málflokk og tekur hún einnig til innri markaðar þess. Sameiginleg stefna tekur m.a. til þess að auka framleiðni, tryggja vöruframboð og hagsmuni neytenda. Vinnsla og framleiðsla búvara fellur þarna undir svo og vörurnar sjálfar og viðskipti með þær. Þetta þýðir í stórum dráttum að Sambandið fer með völd í landbúnaðarmálum í verulegum atriðum.

## EES-samningurinn og landbúnaður

EES-samningurinn tekur hvorki til stefnu í landbúnaðarmálum né landbúnaðarmála yfirleitt. Hins vegar er þar að finna ákvæði sem segir efnislega fyrir um að flestar landbúnaðarvörur falli utan samningsins svo og um fyrirkomulag varðandi nokkur atriði sem einkum varða viðskipti með landbúnaðarafurði.

Helsta ákvæðið um þetta er að finna í 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins. Par segir: „Ef Annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til:

a) framleiðsluvvara sem falla undir 25.-97. kafla í samræmu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frá óldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2;

b) framleiðsluvvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.“

Þetta þýðir að flestar landbúnaðarvörur falla utan EES-samningsins. Það staðar af því að um þær er fjallað í 1.-24. kafla umræddrar skrár. Jafnframt þessu hefur m. a. komið fram í máli EFTA-dómstólsins í máli E- 17/15 (Ferskar kjötvörur, grein 43) stoð fyrir því að landbúnaðarkerfið falli að mestu leyti utan samningsins, sbr. einnig máli E-4/04 (Pedicel, 24. gr.).

Meginreglan er því sú að langflestar landbúnaðarvörur falla utan samningsins t.d. kjöt og fiskur, sjávarafurðir mjólk og mjólkurvörur, egg, ávexti og grænmeti, kaffi og te, hveiti, sætabrauðssykur, tóbak, kakó, alkóhólsvoðaðitthvað sé nefnt. Frá þessu eru aðeins smávægilegar undantekningar í tilvitnuðum a) lið sem varða kasein og fleiri eggjahvituefni en þær verða ekki teknar til umræðu hér.

## Landbúnaðarvörur sem falla ekki undir samninginn

Þær landbúnaðarvörur sem falla ekki undir samninginn samkvæmt ofan sögðu falla alfaríð utan EES-samningsins. Það þýðir t.d. að reglur fjórfrelsisisins taka ekki til slíkra vara, t.d. reglurnar um frjálsa vörulutninga og frjálsa þjónustustarfsemi. Það sama á við samkeppnisreglurnar og reglurnar um ríkisaðstoð. Ekki nóg með það heldur gilda önnur ákvæði EES-

samningsins heldur ekki um slíkar vörur, t.d. reglur sem varða einsleitni, stofnanir EES og eftirlit þeirra og öryggisráðstafanir. Þetta er m.a. staðfest með dómi EFTA-dómstólsins E-1/16 (Synnove, 57. grein).

## Landbúnaðarvörur sem falla undir EES-samninginn

Hér ber að geta bókunar 3 við EES-samninginn en til hennar er vitnað í b)-lið 3. mgr. 8. gr. Hún felur í sér að sumar unnar landbúnaðarvörur sem nánar er getið um í bókuninni falla undir EES-samninginn svo sem eins og sykur og salgæti, pasta, ís og mineralvatn. Samningurinn, þar á meðal samkeppnisreglur EES, tekur því til þessara landbúnaðarvara.

## Landbúnaðarvörur sem falla að takmörkuðu leyti undir EES-samninginn

Meginreglan samkvæmt 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins er að hún nái ekki til landbúnaðarvara nema því aðeins að annað (sé) ekki tekið fram. Í því sambandi sem hér um ræðir er mikilvægast að í 17. gr. EES-samningsins segir að í 1. viðauka samningsins séu sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi heilbrigði dýra og plantna. Þessi ákvæði taka sem aður segir til landbúnaðarafurða sem falla utan gildissviðs EES-samningsins skv. 3. mgr. 8. gr. meginmáls hans. Undantekningar þessar ná hins vegar aðeins til heilbrigðis dýra og plantna og fela einungis í sér að viðskipti með þessar vörur megi ekki hindra með tæknilegum viðskiptahindrnum, sbr. 18. gr. EES-samningsins. Svipað á við um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottanir (bókun 12 og II. viðauki, sbr. einnig bókun 42 um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín) sem vísað er til í 18. gr. EES-samningsins. Tilgangur þessara ákvæða er að auka smáman saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurði.

En hver er þá lagaleg staða þeirra landbúnaðarafurða sem falla bannig undir samninginn samkvæmt sérstökum ákvæðum og fyrirkomulagi? Hún er væntanlega sú að EES-samningurinn tekur til þessara afurða en aðeins að því leyti sem fyrirkomulagið fjallar um, t.d. að atvik máls varði heilbrigði dýra. Þar að auki verður aðgerð að hafa stofnað viðskiptum í hættu vegna tæknilegra viðskiptahindrana en þær snuást einkum um frjálsa vörulutninga. Því er hæpið að samkeppnisreglur og reglur um ríkisaðstoð geti talist tæknileg viðskiptahindr i þessu sambandi og sama gildir um aðra þætti fjórfrelsisisins eins og t.d. frjálsa þjónustustarfsemi. Reglurnar um þetta eiga því ekki við. Sem dæmi um mál sem taldist vera brot á reglum um frjálsa vörulutninga má nefna mál E-17/15 og E-2 og 3/17 þar sem talið var að það samrýmdist ekki ákvæðum tilskipunar 89/662/ECE að Ísland setti reglur, þar sem þess var krafist, að innflytjandi hrárrar kjötvöru sækta um sérstakt leyfi aður en varan var flutt inn, og áskildi að lagt væri fram vottorð um að kjötið hafi verið geymt frosið í tiltekkinn tíma fyrir tollafreiðslu. Þessar ráðstafanir voru því taldar falla undir samninginn og fela í sér ólögmæta viðskiptahindr.

## Niðurstaða í stuttu máli

EES-samningurinn tekur hvorki til stefnu ESB í landbúnaðarmálum né til landbúnaðarvara eða framleiðslu þeirra. Frá þessu eru tilteknar undantekningar og frávik sem ekki hafa þýðingu í því sambandi sem hér er rætt um. Niðurstaðan er því sú að lög nr. 30/2024 um breytingu á búvörulögum séu í samræmi við EES-samninginn að því er varðar það álitaefni sem hér er til skoðunar.

Höfundur er professor við HÍ.



## 6-8 manna saunaklefari og kaldur pottur með á tilboði.

Kr. 1.990.000 m/vsk.

Einnig til saunatunnur, saunaofnar og viðarpottar í úrvali.

**Kaldurpottur.is**  
S: 454-6335

## CAT GC neyðarrafstöðvar 33 kVA - 1500 kVA



## Hannaðar til að draga úr kostnaði og hámarka afköst

CAT GC neyðarrafstöðvar skila hinum þekktu afköstum CAT á meðan þær draga úr uppsetningar-, flutnings- og rekstrarkostnaði. Þær tryggjá hágvæmni og skilvirkni fyrir þig og þinn rekstur.

Hleðslutæki

Vatnshitari

Hljóðeinangrun / veðurhlíf

GCCP mælaborð

Eldsneytistankur

Sjálfvirk

CAT RAM fjargæsla / fjarstart

Stuttur afgreiðslutími

Hafðu samband við **Sigurð Vilhjálmsson**, sölustjóra, í 590 5126 eða sv@klettur.is, fyrir nánari upplýsingar.





## Bændabýlin þekku

Orðsinslist kemur að þessu sinni frá Steingrími Thorsteinssyni.

Steingrímur fæddist árið 1831 á Arnarstapa á Snæfellsnesi og ólst þar upp. Fór í latínuskólanum í Reykjavík fimmtán ára gamall. Lauk embættisprófi í málfræði og sögu frá háskólanum í Kaupmannahöfn.

Á Hafnarárum sínum lagði hann stund á bókmenntir og fagurfræði og þyddi þá íslensku ýmis fræg ritverk, auk þess sem eftir hann birtust allmög kvæði. Eftir 21 árs óslitna dvöl í Dannmörku gerðist Steingrímur kennari við latínuskólanum í Reykjavík. Var hann þá orðinn þjóðkunnur af kvæðum sínum og þýðingum. Rektor við sama skóla, sem þá nefndist Hinn almenni menntaskóli, varð hann sjötíu og priggja ára að aldrí.

Af þýðingum Steingríms eru Þúsund og ein nött og Ævintýri Andersens kunnastar. Þá þyddi hann fjöldu ljóða eftir ýmis frægstu skáld Evrópu og orti sjálfur í anda rómantsku stefnunar.

Yrkisefni Steingríms eru oft bundin við náttúruna, fegurð landsins og árstíðirnar. Í kvæðum sínum bregður hann upp mynd umhverfisins og laðar fram þann hugblað, sem við það er bundinn.

Hann lést árið 1913. /sá

### Sveitasæla

*Man ég grænar grundir,  
glitrar silungasá,  
blómabökum undir;  
brunar fram að sjá.  
Bændabýlin þekku  
bjóða vina til,  
hátt und hlíðarbrekku,  
hvít með stofupi.*

*Létfætt lömbin þekku  
leika mæðrum hjá,  
sæll ír sólskinsbrekku  
smalinn horfir á.  
Kveður lóu klíður,  
kyrrlát unir hjörð.  
Indaell er þinn friður,  
ó, mínn fósturjörð.*

*Ó, þú sveitasæla,  
sorgarlækning bezt,  
værðar vist indæla,  
veikum hressing mest,  
lát mig, líðan striðum,  
loks, er ævin dvin,  
felast friðarblíðum  
faðmi guðs og þín.*

Skólarljóð, Ríkisútgáfa  
námsbóka, 1964  
Teikningar / Halldór Pétursson



Agnete hefur unnið á fræðasviði óhefðbundinna lækninga í tuttugu ár en hún starfar við háskólanum í Tromsö.

Mynd / Aðsend

### Rannsóknir:

## Safnar saman þekkingu um alþýðulækningar

Skoða á hefðir og notkun óhefðbundinna lækninga á Íslandi í norrænni rannsókn. Agneta Egilsdatter Kristoffersen, doktor í læknisfræði, ferðast nú um landið og leitar að viðmælendum sem nýta sér alþýðulækningar sér til heilsubótar.

Alþýðulækningar er skilgreint í orðasafninu Læknisfræði sem notkun úrræða og læknisdóma alþýðu manna til að meðhöndla kvilla og sjúkdóma. „Alþýðulækningar á Íslandi eru ekki aðeins safn aðferða og þekkingin hefur oftar en ekki verið miðluð milli kynslóða. Lækningarnar eru fjölbreyttar, eins og notkun á lýsi vegna ríks omega-3 fitusýra, notkun blóðbergs vegna sýkladrepandi eiginleika þeirra og neyslu íslenskra berja fyrir andoxunareiginleika þeirra.



Fjallagrös og blóðberg eru dæmi vel þekktra nytjajurta hérlandis sem þykja m.a. góð fyrir slæmsku í öndunarfærum.

Myndir / Wikipedia

Jarðhitavatn er einnig órjúfanlegur þáttur í hefðbundnum íslenskum lækningum, það er talið hafa lækningamátt sem stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan,“ segir Agnete en hún leiðir rannsóknina sem unnin er í samstarfi við fræðafólk á Norðurlöndunum, m.a. með Þóru Jennýju Gunnarsdóttur, professor við Háskóla Íslands.

### Leitar að fólk með þekkingu

Hún er því stödd hér á landi til þess að finna viðmælendur fyrir rannsóknina.

„Við erum að leita að fólk sem hefur kunnáttu á og nýtt sér alþýðulækningar. Fólk sem hefur lært það heima við í uppeldinu, en ekki þau sem öfluðu sér þekkingar til dæmis á námskeiðum síðar. Þetta getur til dæmis verið fólk sem safnar villtum jurtum og nýtt þær sér á einn eða annan hátt. Við erum að leitast eftir að fá skilning á persónulegri reynslu þáttakenda og út frá þeim safna upplýsingum til að svara rannsóknarsprungum.“

Þau sem hafa áhuga á að afla sér frekari upplýsinga um rannsóknina og vera mögulega viðmælendur er bent á að hafa samband við Agnete í gegnum netfangið agneta. kristoffersen@uit.no eða í s. +47-997-01344.

Agnete talar góða íslensku. „Ég vann hér á býli í Reykhólasveit fimmtán ára gömul í heilt ár. Ég hef viðhaldið íslenskunni síðan þá og kem reglulega til landsins,“ segir Agnete sem stundar íslenska hestamennsku heima við í Tromsö.

/ghp

## Ertu með drægni kvíða?

Eigum gott úrvval  
Plug-in Hybrid bíla



Meira úrvval á  
[notadir.benni.is](http://notadir.benni.is)




Bílabúð Benni  
Krókhálsi 9  
Reykjavík  
590 2035

Bílabúð  
**Benni**  
Notáðir bílar



Bláa lónið. „Jarðhitavatn er einnig órjúfanlegur þáttur í hefðbundnum íslenskum lækningum,“ segir Agnete.

Mynd / Jeff Sheldon



Sveinn áritar bók sína, en talið er að um 170 manns hafi sótt útgáfuteitið.




Sveinn Runólfsson, fyrrverandi landgræðslustjóri, og Ágúst Sigurðsson, forstöðumaður Lands og skógar.

Útgáfa:

## Saga Gunnarsholts á Rangárvöllum

Bókaforlagið Sæmundur hefur nýverið gefið út bók Sveins Runólfssonar, fyrrverandi landgræðslustjóra, Saga Gunnarsholts á Rangárvöllum, og var útgáfuteiti haldið í Gunnarsholti af því tilefni.

Sveinn bjó í Gunnarsholti í nær sjó áratugi, þar af í 44 ár sem landgræðslustjóri. Í bókinni rekur hann sögu jarðarinnar. Á árunum undir lok nítjándu aldar geisuðu sandstormar á Rangárvöllum, torfþök rifnuðu af lágreistum



bæjum og fylltist Reyðarvatn af sandi.

Með tímanum tókst að breyta sandauðinni í Gunnarsholti í ræktarland, landið var endurreist og bau miklu landgæði sem þar voru. Það var gert með því að girða og friða sandfokssvæði fyrir búfjárbeit, hlaða sandvarnargarða og sá melgresi.

/smh

Þingeyjarsveit:

## Tónlistarkennari hlaut menningarverðlaun

Tónlistarkennarinn Marika Alavere hlaut menningarverðlaun Þingeyjarsveitar árið 2024 en þau voru afhent á fjölskylduhátið sveitarfélagsins 17. júní.

Marika fékk verðlaunin fyrir framlag sitt til tónlistarlifs Þingeyjarsveitar og að eiga svo ríkulegan þátt í því blómlega menningarlfí, sem glatt hefur bæði lund og geð íbúa sveitarfélagsins í gegnum árin.

Í tilnefningu Mariku segir meðal annars: „Marika er ein margra tónlistarkennara af erlendum uppruna, sem starfað hafa í samfélagi okkar í gegnum tíðina. Sum hafa stoppað stutt, en önnur í lengst eins og hún og skotið hér rótum. Marika hefur árum saman lagt sitt af mörkum til tónlistarkennslu, tónlistarflutnings og aðstoðar við kórstjórn. Þannig hefur hún lagt inn mikilvæga vaxtarprotu meðal ungmannna og átt sinn þátt í menningarlfí sveitarfélagsins og viðar.“

Alls bárust sjó tilnefningar til menningarverðlaunanna. „Þessi fjöldi tilnefninga kom ekki á óvart þar sem öflugt menningarstarf fer fram í sveitarfélagini svo eftir er tekið.



VATNSVIRKINN

## LÍFRÆN SKOLP HREINSISTÖÐ

- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einföld uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi



**SÖFNIÐ  
Á EYRARBAKKA**

Húsið er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 200 ára gömul saga verslunar og menningar. Sjóminjasafnið hysir hið merka árskip Farsæl og undraverld fugla og eggja er í Eggjaskúr. Í litla alþýðuhúsini Kirkjubæ er sýning um byltingartíma begar rafljós kom í hús og fólk eignaðist útvær og gummistígvel.

ÞAR SEM SAGAN BÍÐUR PÍN

OPNUNARTÍMAR  
1. maí - 30. sept. kl. 10 - 17  
sími: 483 1504  
[www.bryggdasafn.is](http://www.bryggdasafn.is)

BYGGÐASAFN  
ÁRNESINGA



Öryggi:  
Fyrst og fremst

Vefverslun:  
Khvinnufot.is



Nethylur 2a, 110 Reykjavík | [khvinnufot.is](http://khvinnufot.is)

## Moskító- og myflugnafælan er Lúsmýfæla



### VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikillar eftirspurnar köllum við eftir nýjum veiðisvæðum til að bæta við flóru félagsins, þar með talið bæði stöðuvötun og rennandi vötn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskekktum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitar að fleiri samstarfsaðilum um allt land, óháð tegundum fisks eða tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið [kristjan@fishpartner.com](mailto:kristjan@fishpartner.com).

## Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



[www.velaskolinn.is](http://www.velaskolinn.is)

Hannyrðir:

# Dömupeysa

Prjónuð peysa úr DROPS Cotton Merino. Stykkið er prjónað ofan frá og niður með tvöföldum kanti í hálsi, hringlagu berustykki og áferðarmynstri.

**DROPS Design:** Mynstur cm-127

**Stærðir:** S (M) L (XL) XXL (XXXL)

**Garn:** DROPS COTTON MERINO (fæst í Handverkskúnst)  
450 (500) 550 (600) 650 (750) g litur á mynd nr 29, sægrænn

**Prjónfesta:** 21 lykkja x 28 umferðir í sléttprjóni = 10 x 10 cm

**Prjónar:** Sokkaprjónar nr 3 og 4. Hringprjónar nr 3 og 4, 40 cm og 60 cm eða 80 cm. Kaðlaprjónn

**Mynstur:** Sjá mynsturteikningu A.1 og A.2. Veldu mynsturteikningu fyrir þína stærð (á við um A.1)

**Útaukning-1 (jafnt yfir):** Til þess að reikna út hvernig auka eigi jafnt út, teljið fjölda lykkja í umferð (t.d. 94 lykkjur) og deilið lykkjum með fjölda útaukninga sem á að gera (t.d. 32) = 2,9. Í þessu dæmi er aukið út með því að slá 1 sinni uppá prjóninn til skiptis á eftir ca. 3 hverja lykkju. Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn slétt, svo ekki myndist gat.

**Útaukning-2 (á við um í hliðum á fram- og bakstykki):** Aukið út um 1 lykkju hvoru megin við A.2 í hvorri hlið á fram- og bakstykki, þ.e.a.s. aukið út þannig: Prjónið þar til 1 lykkja er eftir á undan A.2, sláið 1 sinni uppá prjóninn, prjónið 1 lykkju sléttprjón, prjónið A.2 (= 9 lykkjur), prjónið 1 lykkju sléttprjón og sláið 1 sinni uppá prjóninn (= 2 lykkjur fleiri í hlið og alls 4 lykkjur fleiri í umferð).

Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn slétt svo ekki myndist gat. Prjónið síðan nýjar lykkjur í sléttprjóni.

**Úrtaka (á við um mitt undir ermum):** Fækkið um 1 lykkju hvoru megin við A.2 mitt undir ermi, þ.e.a.s. prjónið þannig: Prjónið A.2 eins og áður yfir fyrstu 9 lykkjur, lyftið 1 lykkju eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, prjónið sléttprjón þar til 2 lykkjur eru eftir á undan A.2, prjónið þessar 2 lykkjur slétt saman (= 2 lykkjur færri).

**PEYSA - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:** Tvöfaldur kantur í hálmáli og berustykki er prjónað í hring á hringprjón frá miðju að aftan, ofan frá og niður. Berustykkið skiptist fyrir fram- og bakstykki og ermar. Fram- og bakstykki er prjónað í hring á hringprjóna, ofan frá og niður. Ermar eru prjónaðar í hring á sokkaprjóna/stutta hringprjóna, ofan frá og niður.

**Kantur í hálmáli:** Fitjið upp 94 (98) 102 (108) 112 (116) lykkjur á stuttan hringprjón nr 3. Prjónið stroff hringinn (1 slétt, 1 brugðið) í 7 cm. Prjónið 1 umferð slétt þar sem aukið er út um 32 (32) 34 (36) 38 (38) lykkjur jafnt yfir - sjá

**ÚTAUKNING-1** = 126 (130) 136 (144) 150 (154) lykkjur. Setjið 1 prjónamerki mitt í umferð (= mitt að framan). Berustykkið er nú mælt frá þessu prjónamerki. Prjónið síðan berustykki eins og útskýrt er að neðan.

**Berustykki:** Skiptið yfir á hringprjóna nr 4 og prjónið sléttprjón hringinn. Þegar stykkið mælist 4 cm frá prjónamerki í öllum stærðum, aukið út um 42 (32) 34 (36) 50 (52) lykkjur jafnt yfir (sjá útaukning-1) = 168 (162) 170 (180) 200 (206) lykkjur. Prjónið áfram þar til stykkið mælist 4 (5) 6 (7) 7 (8) cm – aukið jafnframt út um 0 (18) 10 (18) 31 (39) lykkjur jafnt yfir í síðustu umferð = 168 (180) 180 (198) 231 (245) lykkjur. Prjónið A.1 hringinn (28 (30) 30 (33) 33 (35) mynstureiningar með 6 (6) 6 (6) 7 (7) lykkjur). Þegar A.1 er prjónað til loka á háðina, eru 280 (300) 330 (363) 396 (420) lykkjur í umferð og stykkið mælist ca 15 (16) 18 (19) 21 (22) cm frá prjónamerki við háls. Prjónið sléttprjón – aukið jafnframt út 4 (8) 2 (9) 0 (8) lykkjur jafnt yfir í fyrstu umferð. Þegar stykkið mælist 19 (21) 23 (25) 27-(29) cm frá prjónamerki við háls, skiptist berustykkið fyrir fram- og bakstykki og ermar. Prjónið: 41 (45) 48 (53) 59 (65) lykkjur slétt (½ bakstykki), setjið næstu 60 (64) 70 (80) 80 (84) lykkjur á þráð yfir ermi, fitjið upp 7 (7) 9 (9) 11 (11) nýjar lykkjur, prjónið 82 (90) 96 (106) 118 (130) lykkjur slétt (framstykki), setjið næstu 60 (64) 70 (80) 80 (84) lykkjur á þráð yfir ermi, fitjið upp 7 (7) 9 (9) 11 (11) nýjar lykkjur, prjónið 41 (45) 48 (53) 59 (65) lykkjur (½ bakstykki). Héðan er nú mælt.

**FRAM- OG BAKSTYKKI:** = 178 (194) 210 (230) 258 (282) lykkjur. Setjið 1 prjónamerki í hvora hlið á fram- og bakstykki – í miðju af 7 (7) 9 (9) 11 (11) lykkjum sem fitjaðar voru upp undir hvorri ermi.

Prjónið sléttprjón yfir bakstykki þar til 4 lykkjur eru eftir á undan fyrstu lykkju með prjónamerki í – umferðin byrjar nú hér. Prjónið A.2 (= 9 lykkjur – prjónamerki situr í miðju af þessum 9 lykkjum), prjónið 80 (88) 96 (106) 120 (132) lykkjur sléttprjón, prjónið A.2 (= 9 lykkjur – prjónamerki situr í miðju af þessum 9 lykkjum), prjónið 80 (88) 96 (106) 120 (132) lykkjur sléttprjón. Haldið svona áfram með mynstur. Þegar stykkið mælist 6 cm frá skiptingu í öllum stærðum, aukið út um 1 lykkju hvoru megin við A.2 í hvorri hlið á fram- og bakstykki – sjá ÚTAUKNING (= 4 lykkjur fleiri).

Aukið svona með 6 cm millibili alls 3 sinnum í hvorri hlið = 190 (206) 222 (242) 270 (294) lykkjur.

Prjónið áfram þar til stykkið mælist 25 cm frá skiptingu. Nú eru eftir ca 3 cm að loka máli, matið e.t.v. peysuna og prjónið að óskaði lengd. Í næstu umferð eru lykkjur auknar út jafnt yfir, þ.e.a.s. næsta umferð er prjónuð þannig: Prjónið A.2 eins og áður, prjónið 86 (94) 102 (112) 126 (138) lykkjur sléttprjón og aukið jafnframt út 19 (21) 23 (25) 27 (29) lykkjur jafnt yfir þessar sléttprjónuð lykkjur, prjónið A.2 eins og áður, prjónið 86 (94) 102 (112) 126 (138) lykkjur sléttprjón og aukið jafnframt út 19 (21) 23 (25) 27 (29) lykkjur jafnt yfir þessar sléttprjónuð lykkjur = 228 (248) 268 (292) 324 (352) lykkjur. ATH: Það er aukið út til að koma í veg fyrir að stroffið sem að prjóna dragið stykkið saman.

Skiptið yfir á hringprjón 3.



Prjónið næstu umferð þannig: Prjónið A.2 eins og áður yfir fyrstu 9 lykkjurnar, \*1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið\*, prjónið frá \*-\* þar til 1 lykkja er eftir á undan A.2 í hinni hliðinni á stykkini, prjónið 1 lykkju slétt, prjónið A.2 eins og áður yfir næstu 9 lykkjur, \*1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið\*, prjónið frá \*-\* þar til 1 lykkja slétt.

Haldið svona áfram með stroff í 3 cm. Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur.

Peysan mælist ca 50 (52) 54 (56) 58 (60) cm frá öxl og niður.

**ERMI:** Setjið 60 (64) 70 (80) 80 (84) lykkjur af þráði í annarri hlið á stykki á sokkaprjóna eða stuttan hringprjón nr 4 og prjónið að auki upp 1 lykkju í hverja af 7 (7) 9 (9) 11 (11) lykkjur sem fitjaðar voru upp undir ermi. Setjið 1 prjónamerki í miðju af 7 (7) 9 (9) 11 (11) lykkjum. Byrjið umferð 4 lykkjum á undan lykkju með prjónamerki í, prjónið A.2 (= 9 lykkjur – prjónamerki situr í miðju af þessum 9 lykkjum), prjónið þær lykkjur sem eftir eru í sléttprjóni. Haldið svona áfram með mynstri. Þegar ermin mælist 3 cm frá skiptingu í öllum stærðum, fækkið um 1 lykkju hvoru megin við A.2 – sjá ÚRTAKA). Fækkið lykkjum svona með 3½ (3) 2 (1½) 1½ (1½) cm millibili alls 10 (11) lykkjur.


**Frágangur:** Brjótið upp á kant í hálmáli tvöfalt að röngu og saumið niður með smáu, fallega spori.

14 (18) 18 (18) sinnum = 47 (49) 51 (53) 55 (59) lykkjur. Prjónið áfram þar til ermin mælist 38 (36) 35 (33) 31 (30) cm frá skiptingu. Nú eru eftir ca 8 cm að loka máli, matið e.t.v. peysuna og prjónið að óskaði lengd. ATH: Það er styrra máli í stærri stærðum vegna víðari hálsmáls og lengra berustykkis. Í næstu umferð er lykkjum aukið út jafnt yfir, þ.e.a.s. næsta umferð er prjónuð þannig: Prjónið A.2 eins og áður, prjónið síðan 38 (40) 42 (44) 46 (50) lykkjur sléttprjón og aukið jafnframt út 9 (9) 11 (11) 11 (11) lykkjur jafnt yfir þessar sléttprjónuð lykkjur. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 3. Prjónið næstu umferð þannig: Prjónið A.2 eins og áður yfir fyrstu 9 lykkjurnar, \*1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið\*, prjónið frá \*-\* þar til 1 lykkja er eftir á undan A.2 og endið með 1 lykkju slétt.

Haldið svona áfram með stroff í 8 cm. Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur.

Ermin mælist ca 46 (44) 43 (41) 39 (38) cm frá skiptingu. Prjónið hina ermina á sama hátt.

**Prjónakeðja, Stelpurnar í Handverkskúnst**  
[www.garn.is](http://www.garn.is)



Athugið! Í ár verður sumarkonsertinn 27. júlí á Græna hattinum. Stefnt á vöxt og viðhald sveitaballsins, þjóðlög, rímur, glímu. Klassísk lög af 30 ára ferli H&H og 1-2 kántrílög. Tilefnið er útkoma tónleikaplötunnar Ást og sigur.

Þér og þínun er boðið.

**Mynstur**



Hólmavík skartar hér sínu fegursta í góðu veðri.

Mynd / Vestfjarðastofa

**Hólmavík:****Fræðsla um nytjabúskap**

– Hátíðin Rætur framtíðar

Nytjar náttúrunnar eru sifellt ofar á baugi og nú hafa fræði- og áhugamenn tekið saman höndum og standa í skipulagningu hátíðar sem fengið hefur nafnið Rætur framtíðar.

Cristina Isabelle Cotofana, Tina, er upphafsmaður hátíðarinnar en hún er eigandi Sveppa- smiðjunnar í Borgarnesi og hefur staðið fyrir ýmsum fræðandini viðburðum um gagn og nytsemi sveparíkisins. Tina segir kveikjuna að Rótum framtíðar hafa vaknað fyrir um ári er æ fleiri komu að málí við hana sem töldu að gagnlegt gæti verið að opna fyrir fræðslu almennings á óhefðbundnum nytjabúskap.

Hugmyndin að hátíðinni hafi miðið í kjölfarið og kom það henni á óvart hversu margir hafa viðtækan fróðleik fram að færa og tilbúin að miðla til annarra. Segir í lýsingu hátíðarhaldanna, sem fara fram helgina 27.-28. júlí, að ætlunin sé að skapa umhverfi fyrir ræktaður, framleiðendur og áhugafólk til að hittast, kynna vinnu sína og skiptast á hugmyndum, nú eða leita fanga til að hefja eigið ferli. Farið verður m.a. yfir ræktun sjávarþangs, sveppaframleiðslu, vatns- og samræktun, beitaraðferðir til uppbryggingsar, nytjar mýsl, lífrænan úrgang og uppbryggingu og framtíð íslenskrar skógræktar.

Markmiðið sé að gera séri í hugarlund hvernig framtíð búsetu á lands-



Cristina Isabelle Cotofana.



Það fer ekki á milli mála að gestir hátíðarinnar geta hreiðrað vel um sig á tjaldsvæði Hólmavíkur.

Mynd / Vestfjarðastofa

byggðinni sé hægt að haga á sem jákvæðastan hátt og hvernig hægt sé að tileinka sér sjálfbærari og þrautseigari lífsstíl með jákvæðri útkomu.

Meðal framsögumanna er Hulda Brynjólfssdóttir, annar eigenda ullarfyrirtækisins Uppspuna, en hún mun halda fyrirlestur um auðgandi landbúnað (*regenerative farming*) auk ullarvinnslu, beitarstýringu og áhrifa hennar. Eiginmaður hennar, Tyrsingur Sveinsson, fer yfir gerð lífkola á Íslandi, hvert markmiðið er og áhrif á jarðveg og loftslag. Fyrirtækið Isponica mun fjalla um notkun aquaponics (næringsarríks vatns úr fiskabúrum) við plönturæktun og skapa þannig vistvæna hrингrásarframleiðslu.

Einnig má nefna Jamie Lee & Bergvein Reynisson frá Fine Foods Icelandica sem fara yfir hugmyndir að samfélagsmiðaðri þararæktun:

miðlun þekkingar og jafnt aðgengi að auðlindum.

Til viðbótar eru að minnsta kosti tylft amarra fræði- og áhugamanna sem má finna á dagskrá helgarinnar og geta áhugasamir fundið frekari upplýsingar á Facebook, ef leitað er að *Rætur framtíðar - for a regenerative future*. Tina sötti um styrk frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða með það fyrir augum að kynna fólk i möguleikana á sjálfbærri þróun framtíðar og hlaut hálfá milljón króna til framkvæmdanna.

Á Karolina Fund má styrkja verkefnið, auk þess sem sjálfböðaliðar koma að og mega áhugasamir enn hafa samband við Tinu ef vilji er til að aðstoða á einhvern hátt. Netfangið hennar er cristina@sveppasmidja.is og símanúmerið 895-8718.

/sp

6.900kr  
600TC

**RUMFOT.IS**  


## Rúmföt og handklæði

Nýbýlavegur 28 - Kópavogur - Sími 565-1025 - Email: rumfot@rumfot.is  
Opíð 12-17.30 og 11-15.00 laugardaga.



ÓDÝR  
gleraugu  
umgjörð og gler



Gleraugu með glampa og rispuvörn  
**19.900 kr.**  
Sérsmiðum samdægurs í  
styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0



Margskipt gleraugu  
**39.900 kr.**  
Margskipt gler frá Essilor  
(afgreiðslutími +/- tvær víkur)

**Hamrahlið 17**  
Hús Blindrafélagsins  
Sími • 552-2002



## Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

**Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.**

**Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020,  
bjorgvin@eignatorg.is**



# Hitaveitulagnir Kaldavatnslagnir Fráveitulagnir



**ÍSRÖR**

Hringhella 12 - Hafnarfirði - S. 565-1489 - [isrör.is](http://isrör.is)

# RAPTOR®

**GRÍÐARLEGA  
SLITSTERKT  
LAKK**

RAPTOR Má nota á nánast hvaða yfirborð sem er, t.d. pallinn á pallbílum eða bílinn allan! Niðsterkt efni gert til að þola erfiðustu aðstæður og ekki spillir að últitið og áferðin verður mjög flott!



**MÁLNINGARVÖRUR.is**

Vélabásinn:

# Algjör jaxl utan vega

– Prfuakstur á Can-Am Outlander DPS 700



Bændablaðið fékk til prfu þriðju kynslóð af Can-Am Outlander fjórhjólinu. Það er götuskráð tæki með rými fyrir tvo sem hentar bæði sem leikfang eða vinnuvél.

Hvað varðar útlit er Can-Am Outlander afar hefðbundið fjórhjól. Þessi útgáfa af Outlander á samkvæmt umboðinu næstum ekkert sameiginlegt með fyrri gerðinni, en í fljótu bragði þekkjast kynslóðirnar varla í sundur.

Eins og öll fjórhjól, þá er þetta með fjórum litlum og grófum dekkjum ásamt því sem öxlarnir og fjöðrunarbúnaðurinn er fyrir allra augum. Í miðjunni er hnakkur og sæti fyrir farþega og stýri rétt eins og á mótorhjóli. Þá eru öflugar farangursgrindur beggja vegna og var þetta hjól sérstaklega útbúið aukaboxi að aftan.

## Lungamjúkt sæti

Þægilegt er að klofa hnakkinn sem er nokkuð breiður. Svampurinn undir sitjandanum er lungamjúkur og fer vel með notandann. Stýrið er býsna ofarlega og getur notandinn setið beinn í baki. Farþegasætið er með háu sætisbaki og tveimur öflugum handföngum til beggja hliða sem gefur farþeganum mikinn stöðugleika.

Fjórhjólið er ekki með neitt eiginlegt mælaborð en hins vegar lítið stjórnborð með nokkrum tökkum og litlum skjá. Við vinstri hönd á stýrinu er handfang fyrir frambremsuna og innan seilingar eru takkar til að ræsa hjólið, drepá á því, stýra aðalljósunum, stefnuljósunum, hættuljósunum, flautu, ásamt hnappa til að stilla hitann í handföngunum. Við hægrifot er lítið fótstig fyrir asturbremsu.

Við hægri höndina er inngjöf við þumalinn og takki þar sem valið er milli asturhjóladrifs og fjórhjóladrifs. Þá er hnappur þar sem hægt er að velja á milli þriggja akstursstillinga, en að auki við hefðbundna stillingu er hægt að velja „work mode“ og sportstillingu. Sú fyrirnefnda hægir að inngjöf og lækkar hámarkshraða sem reyndist notadrjúgt í torfærum. Þá síðarnefndu þorði undirritaður ekki fyrir sitt litla líf að nota, en með henni er allt afl hjólsins leyst úr læðingi.

## Vatnsþétt hólf

Framan við hnakkinn er kúla þar sem aðallyklínnum er smellt upp á, en hjólið dreppur sjálfkrafa á sér um leið og lyklinn er tekinn af kúlunni. Rétt við klofið á ökumanninum er lítið geymsluhólf sem hentar fyrir farsíma eða aðra smáhluti og er með usb-hleðslutengi.

Þessi Can-Am fjórhjól koma með vatnsþéttu geymsluhólfum að framan sem rúmar skjalatösku. Undirritaður veit ekki hvort um sé að ræða úthugsad öryggisatriði hjá framleiðandanum svo lokið fjúki ekki upp eða hreinan klaufaskap, en til þess að opna hólfid þarf að beita báðum höndum samtímis á tvær læsingar. Þó svo að ofan á hólfinu komi pollur í rigningu, virðast rennurnar meðfram því beggja vegna ná að beina vatninu í burtu þegar það er opnað.

Boxið að aftan, sem er aukahlutur, er flatt en nær að rúma merkilega mikið. Gæta þarf varúðar þegar það er opnað á votviðrisdegi svo vatnið flæði ekki allt inn í hólfíð.



Can-Am Outlander MAX DPS 700 er splunkunýtt kanadískt fjórhjól. Allt yfirbragð þess og notkun ber með sér vandaða framleiðslu.

Myndir / ál



Fjórhjólið stendur sig best á grófum slóðum þar sem jeppar kæmust varla.



Aftursætið fer vel með farþega og hafa þeir öflug handföng til að halda í.

## Óhentugt í borg

Can-Am Outlander er með stiglausri reimskiptingu og er notkun hennar sambærileg og á sjálfskiptum fólksbílum þar sem ökumaðurinn rennir stöng fram og til baka til að velja á milli P, N, H og L. Við allan almennan akstur er hjólinu ekið í H, sem er háa drifið, en í erfiðari torfærum er hægt að skipta niður í lágá drifið.

Þrátt fyrir að fjórhjólið sé götuskráð og fullkomlega löglegt í umferðinni er það óskemmitilegt samgöngutæki. Upplifunin af akstri í þungrum umferð á stofnbrautum getur verið uggvænleg, enda ökumaðurinn alveg berskjaldar fyrir öðrum ökutækjum ásamt veðri og vindum. Hið litla hjólbil passar heldur aldrei almennilega í hjólförin sem myndast í malbikið sem veldur óstöðugleikatilfinningu.

Ráðamenn þurfa því ekki að hafa

áhyggjur af því að götur borgarinnar fyllist af götuskráðum fjórhjólum þó einn og einn sérvitrinur sjáist á stangli á leiðinni á skrifstofu í Borgartúni. Götuskráningin getur hins vegar verið mikill kostur fyrir þá sem þurfa að fara um stuttan veg á torfæruslóðir eða búa í dreifbýli. Allir aðrir ættu að fá sér kerru.

## Öflugt í torfærum

Þessi gagnrýni skiptir hins vegar litlu málí og þegar farið er út fyrir malbik og möl yfir í drullu og grjót finnast að Can-Am Outlander er algjör jaxl. Furðu afslappandi er að aka yfir grófa slóða sem venjulegur óbreyttur jeppi kæmst ekki án þess að valda tjóni á náttúru og ökutæki.

Í allra erfiðustu torfærunum kemur lága drifið sér vel og þar sem hjólið er fislétt og á grófum dekkjum kemst það upp ótrúlegar brekkur. Þá er hin litla stærð gagnleg til að



Ökumaðurinn hefur allt í höndum sér. Litill skjár sýnir grunnupplýsingar.



Geymsluhólfid að framan er vatnsþétt og rúmar skjalatösku.

geta sneitt fram hjá og á milli grjóts sem annars væru jeppum ofvið. Veghæðin er það mikil að jafnvel stærstu hnnullungar rekast ekki undir kviðinn.

## Eins strokks vél

Þetta hjól kemur með 700 rúmsentímetra eins strokks Rotax vél, sem þrátt fyrir þennan staka sýlinder er býsna þýð. Hestóflin fimmtíu og tvö eru drjúg fyrir ökutæki sem vegur minna en hálf tonn með ökumannum og þarf að halda þétt í stýrið þegar allt er gefið í botn.


Togið er mikið á öllum snúningshraða og heldur vélarbremsan vel við hvort sem ekið er niður brekku á fjalli eða slegið af við rauð ljós. Á jafnsléttu nemur hjólið fljótlega staðar þegar inngjöfinni er sleppt og er hægt að keyra lengi án þess að nota bremsu. Mótorinn myndi seint teljast hljóðlatur og heyrst alltaf vel

í honum, sama hvort maður er stopp á rauðu ljósi eða á fleygiferð.

## Að lokum

Við alla notkun finnst vel að Can-Am Outlander MAX DPS 700 er vandað tæki. Allir málmar eru þykki og þétt skrúfaðir saman, allt plast er þykkt og seigt og er hnakkurinn með óviðjafnanlega mjúkum svampi.

Prátt fyrir að hinn kanadíski framleiðandi þessara fjórhjóla gefi sig út fyrir að leggja allt í gæði og áreiðanleika þá virðist það ekki spilla fyrir samkeppnishæfni Can-Am hváð varðar verð. Outlander MAX DPS 700 kostar frá 2.390.000 og eru nánast óteljandi möguleikar á aukahlutum. Helstu mál eru í sentímetrum: Lengd, 239; breidd, 121; hæð, 133. Þurrvigt er 364 kilógrömm. Nánari upplýsingar fást hjá Ellingsen, söluaðila Can-Am á Íslandi.



Laxárdalur er í fallegu bæjarstæði.

Myndir / Aðsendar

Bóndinn:

# Svín og korn

Bændurnir í Laxárdal stunda svína- og kornrækt en lesendur munu geta fylgst með búskapnum á Instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu dögum.

Abúð fjölskyldunnar í Laxárdal hófst í kringum aldamótin 1900 en um 1918 hóflangafi Björgvins Þórs Harðarsonar þar búskap. Þá taldi bústofninn 3 kyr og 240 fjár ásamt hestum og helstu húsdýrum. Árið 1978 kom fyrsta gyltan á bænn, en þar sem jörðin býður einungis upp á grasuppskeru fyrir lítið býli stóð valið á milli svína- eða kjúklingaræktar og völdu foreldrar Björgvins hið fyrra.

**Býli, staðsetning og stærð jarðar?** Bærinn heitir Laxárdalur og er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Stærð jarðarinnar er afmörkuð af afrettargjöldingum Flóa og Skeiða, Stóru-Laxá og nærliggjandi jarða og er um 1.700 ha.

**Ábuendur, fjölskyldustærð (og gæludýr)?** Í Laxárdal eru þrjú heimili. Í húsinu, sem kallast Steinsskarð, búa þau Petrina Þórunn Jónsdóttir og Björgvin Þór Harðarson ásamt börnunum Auðuni Magna, Guðnýju Völu og Sindra Snæ á meðan tvær elstu dæturnar, Hjörðis Bára og Rakel Ósk, eru búnar að koma upp sínum eigin heimilum. Foreldrar Björgvins, þau Hörður Harðarson og M. Guðný Guðnadóttir, búa í Laxárdal 2 og eru í svínabúskapnum. Frænka Björgvins, Linda Ósk Högnadóttir, ásamt eiginmanni, Atla Eggertssyni, og börnum búa svo í Laxárdal 1, en þau eru með kúabúskap hér í dalnum og einnig nokkrar kindur.

**Gerð bú og fjöldi búsfjár?** Við erum með svínabú sem telst sem lítið fjölskyldubú og telur um 210–220 gyltur. Einnig eru hér kettir, hundar, kindur og hestar eins og tiðkast viða til sveita.

**Hvers vegna veljið þið þessa búgrein?** „Eins og pabbi sagði þá grísaði ég á þetta. En án gríns þá kynntist ég svínabóna sem heillaði mig það mikil að ég flutti í sveitina árið 2002,“ segir Petrina Þórunn.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Petrina Þórunn mætir til vinnu í kjötvinnslunni þeirra, Korngris frá Laxárdal, alla virka morgna og er þar allan daginn. Þar er unnið um 10% kjötsins sem búið framleiðir, sem er svo selt á Suðurlandi til nokkurra veitingastaða svo og á höfuðborgarsvæðinu. Björgvin sinnir hinum ýmsu störfum á búinu eða í kornræktinni, eftir árstíma. A vorin er jarðvinnsla og sáning á korni sem stendur frá páskum þar til um miðjan maí, um sumarið er úðaður áburður á kornið og síðla sumars er vetrarvirkjunum sáð. Um haustið í kringum september er hugað að þreskingu sem lýkur í byrjun nóvember. Mánudagar fara í að senda í sláthús ásamt því að sinna gjöfum og þrifum hjá dýrnum á þeim deildum sem tæmdar hafa verið þann daginn. Aðra hverja helgi eru svo got hjá gyltunum og þá er mikil að vera í að sinna unggriðsum. Hina vikuna eru svo fráfærur hjá gyltum sem gutu fjórum vikum áður, grísir eru teknir undan þeim og settir í stíur sem hentar



Kotroskinn á kornakrinum.

Bændurnir í Laxárdal taka nú yfir Instagram Bændablaðsins næstu tvær vikurnar.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali  
**FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN**

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001  
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is

**Áhugaverðar jarðir**  
**JARDIR.IS**

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is

Íslensk námskeið mánaðarlega  
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

**NÝI ÖKUSKÓLINN** Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is  
Fyrirsprungur sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu Auknir atvinnumöguleikar  
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far



## Forval

EFLA, fyrir hönd Borgarbyggðar auglýsir eftir umsóknum um þáttökurétt í lokuðu alútboði vegna hönnunar og byggingar á um 4065 m<sup>2</sup> fjölnota íþróttahúsi á núverandi æfingarsvæði Skallagríms í Borgarnesi. Íþróttahúsið mun hýsa gervigrasvöll sem verður 42x62m að stærð, æfingaaðstöðu fyrir frjálsar íþróttir sem samanstandur af hlaupabratum, sandgryfju og kasthring. Í húsnæðinu verður salernisaðstaða, geymslur og anddyri í hliðarrýmum milli sprynuveggja en lágbýgging mun hýsa áhaldageymslu, tæknirými og aðstöðu starfsfólks.

### Helstu verkþættir eru:

- Fullnaðarhönnun húss og lóðar
- Aðstöðusköpun og bráðabirgða aðgengi
- Jarðvinna
- Uppsteypa og reising burðavirkis
- Frágangur utanhúss
- Frágangur innanhúss þ.m.t lagnakerfa
- Frágangur á gervigrasi, hlaupa- og göngubraut
- Frágangur lóðar

Forvalsgögn fást afhent rafrænt með því að senda tölvupóst á Orra Jónsson, orri.jons@efla.is frá og með þriðjudeginum 2. júlí 2024. Skilafrestur umsókna er 20. ágúst 2024, klukkan 13:00.

412 6000 efla.is

**TÖKUM AD OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR**

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði  
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



# HUGARÍÐRÓTTIR

## Telur árangurinn á EM viðunandi

Evrópumótinu í bridds lauk í síðustu viku í Herning í Danmörku. Ísland sendi út tvö lið, annars vegar í opnum flokki og hins vegar í kvennaflokki.

